

KIRKJAN
Friður, gleði og
góðvild
Sérblaðið Kirkjan
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.



Var erfið stjúp dóttir

**AUÐUR JÓNSDÓTTIR RÆÐIR UM
NÝJUSTU BÓKINA VETRARSÓL OG
STÓRA OG SMÆRRI GLÆPI.**



Tempur heilsuinniskór
Ein vinsælasta jólagjöfin okkar
Jólatilboð: Kr. 7.700,-



Opið í dag 10-12

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

24. desember 2008 – 352. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR

Nafn við hæfi

Kristinn Helgi Schram á afmæli á aðfangadag. Hann eyðir fyrri hluta dagsins í sjálfsselsku.



TÍMAMÓT 28



Sorgmæddir

Begga og Pacas tókst ekki að fá dætur Pacasar til Íslands um jólin.

FÓLK 46

Aldrei vinsælli

Quantum of Solace er vinsælasta Bond-mynd allra tíma á Íslandi.

KVIKMYNDIR 36


Klár í jólasteikina

Landsliðsmaðurinn Aron Einar Gunnarsson hefur í nógu að snúast með Coventry yfir hátiðarnar.

ÍDRÓTTIR 38



VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA RIGNIR í dag verður allhvöss eða hvöss sunnan átt á vesturhellingi landsins og við austurströndina. Rigning suðaustan til, skúrir eða él á vesturhellingi landsins, annars bjart með köflum.

VEÐUR 4



Gleðileg jól!

BEIÐ EFTIR SVEINKA Hún Hekla Fönn Vilhelmsdóttir, sem er fjögurra ára, hefur ekki fengið kartöflu í skóinn hingað til og bíður því spennu eftir Kertasníki sem síðastur kemur til byggða. Hún segist hafa verið þæg allan desember svo hún þarf vist engu að kvíða.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ómar stendur á tímamótum: Skemmtikraftur í hálföld

FÓLK „Ég byrjaði í bransanum á gamlárskvöld árið 1958. En nokkrum dögum fyrr frumflutti ég skemmtidagskrá í MR sem ég svo flutti næstu átta mánuði á yfir hundrað stöðum á landinu,“ segir Ómar Ragnarsson sem nú fagnar hálfri öld frá því að hann hóf starfsemið sem skemmtikraftur. Af þessu merka tilefni býður Ómar þeim sem stunduðu nám við MR árið 1958 til skemmtunar á sal skólans.



ÓMAR RAGNARSSON

Í bréfi Ómars til MR-inganna segir að fyrir ótrúlega tilviljun séu svipaðar aðstæður nú og fyrir hálfri öld: „... því að sömu tvær stjórnmálahreyfingar hafa tekið við stjórn landsins nú og þá – og í einum gamanbragnum, sem fluttur var á jólagleðinni '58 er leitað eftir úrræðum stjórnmálaforingjanna því þjóðarskútan sé strönduð og verjist áföllum,“ ritar Ómar.

- jbg / sjá síðu 46

Jarðskjálftasvinið dáðast: Úrillt svín eftirlæti Kínverja

KÍNA Svín sem lifði í 36 daga grafið í rústir eftir jarðskjálftann í Sichuan-héraði í maí hefur verið valið uppáhaldsdýr Kínverja. Athyglin hefur hins vegar gert svinið feitt, latt og úrillt, segir í þarlandum fjölmiðlum.

Svinið, sem var nefnt Zhu Jianqiang, eða Sterka Svín, þrugaði í rústunum með því að leggja sér til munns kol og regnvatn. Það bar sigur úr þýtum í vali á „dýrum sem hreyfðu við Kína“ sem dagblað þar stóð fyrir.

Í næstu sætum voru hundurinn sem varði eldri eiganda sinn þegar hann veiktist og fylgdi honum á sjúkrahús og kötturinn sem dó næstum úr harmi þegar keyrt var yfir félagans.

- sh

250 dýrum í neyð hefur verið útvegað nýtt heimili með aðstoð Dýrahjálparinnar: Gæludýrum komið til bjargar

DÝRAHALD Um 250 gæludýr í neyð hafa fengið inni á nýjum heimilum fyrir milligöngu Dýrahjálpar Íslands frá því í maí þegar starfsemi var sett á laggirnar. Þá hafa tugir manna boðist til að veita dýrunum tímabundin fósturheimili á meðan leitað er eftir nýjum eigendum.

Dýrahjálpin er ætlað að finna þeim dýrum ný heimili, sem annars yrði lógað eða lentu á vergangi. „Við erum öll dýravinir,“ segir Valgerður Valgeirsdóttir, ein þeirra sem standa að Dýrahjálpinni. „Fer-

fætlingarnir ráða ekki aðstæðum sínum né geta svarað fyrir sig sjálfir. En þeir eiga fullan rétt á ábyrgri umönnun.“

Valgerður segir að markmið hópsins sé að stofna sérstakt dýraathvarf fyrir dýr í neyð. Þá vill hún benda á að Dýrahjálpin hafi mikil not fyrir búr, matardalla eða ýmislegt gæludýradót sem fólk á aflögu.

Á vef Dýrahjálparinnar eru nú skráð 38 gæludýr í leit að heimili, þar af 23 kettir og kettlingar, sex kanínur og fjórir hundar.

- jss, sh / sjá síðu 6

Opið til kl. 13 í dag

Laugavegi · Kringlunni · Leifstöð
www.skifan.is

DESEMBER *Kafbátur mánaðarins* **6 tommu bátur**

TÚNFISKBÁTUR 329kr.

SUBWAY

Gildir í des. 08, gildir ekki með öðrum tilboðum.

Opið til 13 *Kringlan*

Gleðileg jól!



Gleðileg jól



BORGUN

Table with exchange rates for various currencies (USD, GBP, EUR, etc.) and the Gengið (Exchange Rate) for 23.12.2008.

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 221,8308

Enn styrkist grunur um salmonellusýkingu í hrossunum á Kjalarnesi:

Sjö hross dauð úr veikinni

DÝRAHALD Sjö hross voru dauð síðdegis í gær af völdum veikni, sem upp kom í fjörutíu hrossa stóði á Kjalarnesi fyrr í vikunni. Fyrstu niðurstöður rannsókna renna stöðum undir þann grun að um alvarlega salmonellusýkingu sé að ræða, samkvæmt upplýsingum Gunnars Arnar Guðmundssonar, héraðsdýralæknis Gullbringu- og Kjósarumdæmis.

í gær. Gunnar Örn sagði síðdegis í gær, að svo gæti farið að enn fleiri hross færu úr veikinni. „Það voru þarna nokkur hross sem voru alveg fárveik, með hroðalegar innantökur og verki,“ sagði hann. „Svo virðist sem þetta leggist þyngra á eldri hrossin í hópnun heldur en þau yngri.“ Í gær voru tekin sýni til rannsóknar úr hrossum sem höfðu verið í hópnun en ekki þurfti að meðhöndla með lyfjum. Um var að ræða tryppi sem sýndu engin einkenni og eru enn í haganum. Vel er að þeim búið og gámur til staðar sem þau geta leitað skjóls í þegar þau vilja.



MOSFELLSBÆR Öttast var í gær að fleiri hross myndu drepast.

Launin lækka um fjórðung

KJARAMÁL Laun Elínar Sigfúsdóttur, bankastjóra Landsbankans, hafa verið lækkuð úr 1.950 þúsund krónum á mánuði í 1.500 þúsund. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær. Enn ekur Elín um á bíl í eigu bankans. Elín gaf ekki upp laun sín fyrr en hún var boðuð á fund viðskiptanefndar Alþingis í nóvember. Bankastjórn hinni ríkisbankanna, Kaupþings og Glitnis, eru með 1.750 þúsund í mánaðarlaun.



ELÍN SIGFÚSDÓTTIR



TURN Tókýó-turninn er 13 metrum hærr en Eiffelturinn í París.

Tókýó-turninn 50 ára: Dregur að sér ferðamennina

JAPAN, AP Mest sótti ferðamanna staðurinn í Tókýóborg í Japan er 50 ára um þessar mundir. Tókýó-turninn var byggður með Eiffelturinn í París sem fyrirmynd, en er að sjálfsögðu nokkrum metrum hærr. Um 2,5 milljónir ferðamanna sækja turninn heim á ári hverju, og alls hafa 157 milljónir skoðað hann frá því hann var fullbyggður árið 1958. Turninn er 333 metrar á hæð, 13 metrum hærr en Eiffel-turninn. Ekki eru allir ánægðir með hvítan og appelsínugulan turninn sem sumir segja stinga í augu.

ORKUVEITA REYKJAVÍKUR

Fjölgað á vöktum um jólin Fjölgað verður á vöktum á varðstofu Orkuveitu Reykjavíkur yfir jólin. Vakt er á varðstofunni allan sólarhringinn, alla daga ársins. Þá verða fleiri starfsmenn í viðbragðsstöðu yfir hátíðarnar en aðra daga til að bregðast við komi eitthvað óvænt upp á.

Múrin umlykur og einangrar Betlehem

Kristnu pílagrímarnir sem koma til Betlehem á jólinum komast ekki hjá því að sjá múrinn mikla, sem aðskilur bæjarbúa frá Jerúsalemborg. Bæjarbúar reyna að venjast múrnum og sumum tekst að nota hann sér til lífsviðurværis.

BETLEHEM, AP Íbúar í Betlehem á Vesturbakkanum eiga von á þúsundum pílagríma yfir jólin. Flestir þessara kristnu ferðamanna láta sér nægja að skoða Fæðingarkirkjuna, sem margir telja að sé reist á fæðingarstað Jesú Krists, og ganga svo aðeins um Manger-torgið sem kirkjan stendur við. Í næstu götum við þetta fræga torg takast íbúar borgarinnar á við hversdagslífi sitt í náýgi við aðskilnaðarmúrinn, sem Ísraelar reistu í kringum borgina fyrir fáeinum árum, og minnir helst á Berlínarmúrinn sem féll fyrir tæpum tveimur áratugum. Meðal þeirra er Claire Anastas, 39 ára kona sem býr í þrjú hús hæða húsi sem er umkringgt múrnunum á þrjú vegu, og nemur efri brún hans næstum við þakbrúna á húsi hennar.



JÓLASKREYTINGAR Í BETLEHEM Palestínamaður í jólasveinabúningi fyrir utan skrauti hláðna verslun í bænum Betlehem.

Þegar múrinn var reistur missti fjölskylda hennar lífbrauð sitt, bifreiðaverkstæði sem fór á hausinn vegna þess að það var ekki lengur í alfaraleið. Húsið stóð við eina fjölförnustu götu borgarinnar, sem er nú blindgata sem fáiur leggja leið sína í. Síðustu árin hefur Anastas aflað sér tekna með því að selja heimasmiðaða kristlega minjagrip í Netinu. Vinsælasti gripurinn eru stytur af Maríu, Jósef og Jesúbarninu við múrinn: „Þetta er táknrænt fyrir ástandið og þess vegna er eftirsurnir,“ segir hún. Mörg fyrirtæki í hverfinu hafa hætt starfsemi, en einn nágranni hennar, John Hazboun, sá tækifæri í múrnunum. Dag einn dró hann fram stiga, tvær málningardósir

og pensla og málaði stóra auglýsingu fyrir sjávarréttaveitingahúsið sitt á áberandi stað á múrnunum. Þetta bjargaði veitingahúsinu, og nú hefur hann byggt við staðinn glerskála sem hann kallar Múrskálann, þar sem útsýni er yfir múrinn og varðturn Ísraelsmanna. Gestir geta virt fyrir sér myndskreytingar heimamanna á múrnunum, sem margar hverjar lýsa andstöðu við ferlikið. „Þetta minnir okkur mjög á

Berlín, þar sem fólk notfærði sér múrinn til að gera sitt besta úr aðstæðunum, með veggmyndum,“ segir einn gestanna á veitingahúsinu, Þjóðverjinn Martin Gehlen, sem er blaðamaður í Kafró þar sem hann skrifar fyrir Berlínardagblaðið Tagesspiegel. „Þegar maður kemur til Betlehem, þá er ekki nokkur leið að múrinn fari fram hjá manni,“ segir Gehlen.

Rannsóknarnefnd um banka: Páll Hreinsson formaður

EFNAHAGSMÁL Páll Hreinsson hæstaréttardómari mun verða formaður rannsóknarnefndar um bankahrúnið. Fyrr hafði Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, verið skipaður í nefndina. Í henni munu sitja þrjú aðilar sem forsætisnefnd Alþingis skipar. Ekki liggur fyrir hver þriðji aðillinn verður en ljóst er að kona mun skipa síðasta sætið.



PÁLL HREINSSON

Hlutverk nefndarinnar verður, samkvæmt lögum frá Alþingi, að leita sannleikans um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Þá skal nefndin leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni, og hverjir kunni að bera ábyrgð á því.

Styrkur í stað jólakorta: Fé til mæðra-styrksnefndar

STJÓRNMÁL Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra hefur ákveðið að senda ekki út jólakort í ár í nafni ráðuneytisins. Þess í stað mun mæðrastyrksnefnd hljóta styrk að andvirði jólakortasendinganna, alls 200 þúsund krónur. Viðskiptaráðherra fylgir þar með fordæmi félags- og tryggingamálaráðherra sem styrkti Einstök börn og umhverfisráðherra sem styrkti Hugarafli og klúbbinn Geysi.

Advertisement for Xerodent medicine. Includes image of a bottle and text: 'Xerodent Við munnþurrki. Preföld virkni Xerodents. Eplasýra - örvar munnvatnsframleiðslu. Flúor - ver tennurnar gegn skemmdum. Xylitol - hemur bakteríuvöxt í munni.'

Weather forecast section titled 'VEÐURSPÁ'. Includes a map of Iceland with weather icons and temperatures, and a list of temperatures for various cities: Alicante 16°, Amsterdam 8°, Basel 5°, Berlin 5°, Billund 8°, Eindhoven 8°, Frankfurt 7°, Friedrichshafen 5°, Gautaborg 4°, Kaupmannahöfn 5°, Las Palmas 19°, London 8°, New York 9°, Orlando 26°, Osló 0°, París 8°, Róm 4°, Stokkhólmur 10°.

Við erum til taks um jólin

Orkan er sjaldan mikilvægari en einmitt um jólin. Tugir starfsmanna Orkuveitu Reykjavíkur eru á vakt í stjórnstöð og í viðbragðsstöðu úti í hverfum á veitusvæðinu, reiðubúnir að bregðast við ef bilun verður. Við viljum tryggja ykkur birtu og yl um jólin.



BILANAVAKT OR

516 6200

VIÐ ERUM Á JÓLAVAKTINNI

ISLENSKA/SIALSIS/ORK 39973 1107

Gleðileg Jól

Óskum landsmönnum
öllum gleðilegra jóla



OPNUNARTÍMI VERSLANA

24. desember

Opið til 16:00 í Skeifunni

Opið 09:00 - 15:00 í Smáralind

Opið 09:00 - 14:00 í Holtagörðum, Kringlu,
Spöng, Garðabæ, Eiðistorgi
og á Akureyri

Opið 09:00 - 12:00 í Borgarnesi og Njarðvík

25. desember

LOKAÐ

26. desember

Opið frá kl. 11:00 í Skeifunni

Aðrar verslanir – Lokað

27. desember

Opið allan sólarhringinn í Skeifunni

Opið 11:00 – 20:00 í Holtagörðum, Kringlu,
Smáralind, Spöng, Eiðistorgi,
Garðabæ, og á Akureyri

Opið 11:00 – 18:00 í Borgarnesi og Njarðvík

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

Okkar bestu jóla- og nýjárskveðjur

Fólkið í landinu hefur alltaf verið okkar fjárfesting

Starfsfólk Sparisjóðsins óskar viðskiptavinum sínum ásamt landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Við höfum alla tíð litið á viðskiptavini okkar sem mikilvægustu fjárfestinguna og ætlum að halda áfram að veita þeim okkar bestu mögulegu þjónustu á nýju ári. Það er engin tilviljun að ánægðustu viðskiptavinirnir eru hjá Sparisjóðnum.

 **SPARISJÓÐURINN**
spar.is



KÓPAVOGSKIRKJA Í hönd fer hátíð ljóss og friðar. Þá mæta margir í messu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Neytendur: Skipun fjármálaráðuneytisins Gamla og nýja verðið



DR. GUNNI
neytendur@
frettabladid.is

■ Sendið
umboðsmanni
neytenda
áþendingar eða
sparnaðarráð
á neytendur@
frettabladid.is

Jólagjafir til starfsmanna eru margar og misjafnar. Kristján, sem vinnur hjá ónefndu ráðuneyti skrifar: „Ég fékk eina rauðvín og eina hvítvín í jólagjöf. Fór í gær í ÁTVR og skilaði en þá upphófst mikið vesen. Starfsmaðurinn þurfti að finna út „gamla verðið“ og taka af mér flöskurnar á því verði en ég þurfti að kaupa á verði dagsins. Er þetta hægt? Þetta er samkvæmt skipun fjármálaráðuneytisins til ÁTVR og starfsmennirnir kunna þeim litlar þakkir. Ég vona bara að ég fái eðal-timburmenn af þessu koniaki sem ég keypti dýrum dómum.“

Nei, það vona ég nú ekki enda er fátt ómurlagra en timburmenn. Segi að lokum gleðileg jól og höldum áfram að vera vakandi neytendur!



TIMBURMENN Forðumst þá.

Samstarf í norðri: Efla veiðiferðamennsku

NORÐURLÖND Lönd á norðurslóðum hafa tekið sig saman um nýtt þróunarverkefni þar sem athafnamenn og vísindamenn vinna saman að því að efla veiðiferðamennsku í fimm löndum á norðurslóðum, að sögn sænska dagblaðsins Dagens Nyheter.

Verkefnið ber heitið „North Hunt“ og er markmiðið að þróa veiðiferðamennsku í dreifbýli Norður-Evrópu.

Verkefnið mun eiga sér stað á árunum 2008-2010 í Svíþjóð, Finnlandi, Skotlandi og á Íslandi, auk Kanada þótt utan Evrópu sé.

- ghs

Ríkis Svíar og skattsvik:

Geymdu peningana sína í Liechtenstein

SVÍÞJÓÐ Sænsk skattfyrvöld hafa komið upp um skattsvik fjórtán einstaklinga sem hafa í framhaldinu fengið að greiða jafnvirði meira en 300 milljóna íslenskra króna í skatt, að sögn Dagens Nyheter. Svíarnir höfðu geymt peninga sína í bankanum LTG í Liechtenstein.

Upp um málið komst í vor þegar þýskur lögreglumaður keypti upplýsingar frá fyrrverandi starfsmanni LTG í Liechtenstein en þá kom í ljós að margir Þjóðverjar höfðu svikið undan skatti með því að geyma peninga sína í Liechtenstein.

Þegar málið var skoðað í Svíþjóð kom í ljós að margir ríkir Svíar höfðu notað sömu aðferð.

- ghs

Árið 2008 er mesta brunaárið í Noregi í þrjátíu ár og hafa óvenjumargir brunanna kostað mannlíf:

Yfir áttatíu hafa dáið í brunum

NOREGUR Árið í ár er versta brunaárið í Noregi frá árinu 1979. Í ár hafa 83 einstaklingar dáið í eldsvoða í landinu en árið 1979 dóu 91 í eldsvoða, þar af margir þegar viknaði í tveimur hjúkrunarheimilum. Slökkviliðsmönnum í Noregi stendur ekki á sama um þróunina og hafa óskað eftir fundi með norska dómsmálaráðuneytinu til að ræða mögulegar aðgerðir.

„Við óskum eftir því að hitta pólitíska leiðtoga í ráðuneytinu til að ræða viðbrögð. Tölurnar eru svo dramatískar að við verðum að gera eitthvað,“ segir Havard Kleppe slökkviliðsmaður.

Fjölmargir eldsvoðar hafa átt sér stað í Noregi í ár og hafa óvenjumargir þeirra kostað mannlíf. Nú í desember hefur kviknað í fjölmörgum húsum og hafa um tuttugu einstaklingar látið lífið í þessum brunum. Versti eldsvoðinn varð fyrir hálfum mánuði þegar kviknaði í húsi í Osló, sex létu lífið og margir slösuðust. Um þrjátíu íbúar í nágrenninu þurftu að yfirgefa heimili sín. Þetta er verstí bruninn í Osló í sjöttu ár, að sögn norska ríkisútvarpsins NRK.




VERSTA BRUNAÁRIÐ Árið 2008 er versta brunaárið í Noregi frá 1979 þar sem meira en 80 hafa dáið í eldsvoðum þar í landi. NORDICPHOTOS/AFP

Að meðaltali brenna um 30 hús á viku í Noregi. Upp á síðkastið hafa brunarnir verið 50-80 talsins á viku. Verið er að rannsaka hvort brennuvargur standi á bak við brunana í ár. Ótti við eldsvoða hefur gripið um sig, að

sögn VG, og eru reykskynjarar víða uppseldir. Fréttablaðið greindi frá því í sumar að sex manna íslensk fjölskylda hefði misst heimili sitt í bruna í Noregi meðan hún var í sumarfrí erlendis.

- ghs



Óskum

landsmönnum ...

Við óskum viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar með von um birtu og yl á komandi ári.

Bestu þakkir fyrir samskiptin á árinu sem er að líða.

Starfsfólk SPRON

Jafnréttisþing haldið í janúar:
Kynna drög að jafnréttisáætlun

STJÓRNMÁL Drög að framkvæmda-áætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum verða kynnt á jafnréttisþingi sem haldið verður 16. janúar. Að þinginu standa félags- og tryggingamálaráðuneytið og Jafnréttisráð. Til stóð að halda þingið á haustmánuðum en því var frestað í ljósi anna vegna efnahagsástandsins. Auk þess að kynna drögin verður fjallað um fjölmargar hlíðar jafnréttisbætur, svo sem launajafnrétti kynjanna, kynbundið ofbeldi, jafnrétti í atvinnulífi, karla og jafnrétti og jafnréttisstarf í skólum.

- bps

Tólfta opinbera fánadeginum bætt við með úrskurði forseta Íslands:

Flaggað á fæðingardegi Jónasar

STJÓRNSÝSLA Fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar, 16. nóvember, verður eftirlíðis opinber fánadagur.

Í því felst að þann dag skuli fáni dreginn að húni á húsum opinberra stofnana.

Á fæðingardegi Jónasar er dagur íslenskrar tungu haldinn hátíðlegur.

Um opinbera fánadaga er fjallað í sérstökum forsetaúrskurði.

Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, lagði til á ríkisstjórnarfundum 16. nóvember á síðasta ári að fæðingardagur Jónasar yrði almennur fánadagur. Var tillagan samþykkt. Árið

1996, í menntamálaráðherrafráttu Björns, var dagur íslenskrar tungu haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn.



JÓNAS HALLGRÍMSSON

desember síðastliðinn. Á grund-

Í ársbyrjun gaf forseti Íslands út úrskurð samkvæmt tillögu forsætisráðherra um að flaggað skuli 16. nóvember. Auglýsing þar um birtist fyrst í Stjórnartíðindum 17.

OPINBERIR FÁNADAGAR

Fæðingardagur forseta Íslands (14. maí)
Nýársdagur
Föstudagurinn langi
Páskadagur
Sumardagurinn fyrsti
1. maí (frídagur verkamanna)
Hvítasunnudagur
Sjómanna dagurinn
17. júní (lýðveldisstofnunin)
1. desember (fullveldisdagurinn)
Jóladagur

velli forsetaúrskurðar verður því fæðingardagur Jónasar fyrst opinber fánadagur á næsta ári.

- bps

Electrolux í Svíþjóð:
Starfsfólki fækk-
að um 3.000

SVÍÞJÓÐ Svænski heimilistækjari- senn Electrolux hefur sagt upp yfir 3.000 manns í Svíþjóð og úti um allan heim í sparnaðarskyni. Með uppsögnunum vonast fyrirtækið til að spara sem nemur um 15 milljörðum íslenskra króna. Hjá Electrolux starfa um 57 þúsund manns, flestir í Bandaríkjunum og Brasilíu, þar sem eru 11 þúsund og 7.000 starfsmenn. Búist er við að fleiri en skrifstofufólk fái uppsagnarbréf í Svíþjóð, að sögn Dagens Nyheter. Anders Edholm upplýsingafulltrúi segir þó of snemmt að segja til um hversu mörgum verður sagt upp í Svíþjóð.

- ghs

SKIPULAGSMÁL

Mega rífa við flugturn

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík hefur heimilað að viðbyggingi við gamla flugturninn á Reykjavíkflugvelli verði rífin. Hann vill þó að suðurhlíð gamla flugturnsins verði klædd til verndar byggingunni og jafnframt að hressst verði upp á útlit hússins.

ÁLANDSEYJAR

Skattfrjálsir pókervinningar

Pókerspilarar sem taka þátt í Svíþjóð- armeistarakeppninni í póker 2009, í Finnlandi á næsta ári, þurfa ekki að greiða skatt af vinningum.

NOREGUR

Bankar liggja á björgunarfé

Meðan norsk fyrirtæki eiga erfitt með að fá lán geyma norskir bankar milljarðana sem fengust í björgunarpakka norsku ríkisstjórnarinnar inni á reikning. Norskir bankar fengu 350 milljarða norskra króna í björgunaraðgerðum ríkisstjórnarinnar en hafa bara notað 42 milljarða.

Segir Impregilo ekki hafa skilið verr við umhverfi Kárahnjúka en komið var að:

Tveir við Kárahnjúka um jólin

SAMFÉLAGSMÁL Þeim fækkar sífellt sem halda til um jól í vinnubúðum við Kárahnjúka. Fyrir tveimur árum voru þar um tvö þúsund starfsmenn, í fyrra voru aðeins um fimm hundruð manns þar um jólin en að þessu sinni verða þeir Friðrik Ingólfsson og Sigurður Aðalsteinnsson aðeins tveir.

„Við verðum reyndar bara í eftirlitsferð þarna svo við sofum nú í byggð,“ segir Friðrik. Spurður hvort það sé ekki núturlegt að vera tveir upp á reginfjöllum um jólin svarar hann: „Nei, nei. Við erum báðir reyndar grenjaskyttur svo við þekkjum vel þá tilfinningu að þurfa að húka lengi uppi á heiði.“

Sólveig Dagmar Bergsteinsdóttir, kynningarfulltrúi við Kárahnjúkavirkjun, segir að vinnubúðir Impregilo hafi verið fjarlægðar. „Og þeir skildu við umhverfið ekki verr en þeir komu að því,“ segir hún. Hins vegar standa vinnubúðir Landsvirkjunar enn og þar verða þeir tvímenningar við eftirlitsstörf.

Á nýju ári koma svo starfsmenn frá Ístaki og halda áfram með hreinsun svæðisins en þegar því verki er lokið verður mannfátt við Kárahnjúka eins og við aðrar virkjanir.

- jse



FRÍÐRIK INGÓLFSSON Þeir hafa oft verið tveir upp á fjöllum þeir Friðrik og Sigurður. Hér er sá fyrrnefndi en sá síðarnefndi er bak við linsuna enda engum ljósmyndurum fyrir að fara uppi á reginfjöllum.

Rússaviðskipti Arne Treholt:

Njósnamyndir úr barnavagni

FINNLAND Norska öryggislögreglan njósnaði um dæmda njósnarann Arne Treholt og viðskipti hans við



ARNE TREHOLT

sovéska njósnara árið 1983 með því að setja myndavél- ar í barnavagn með gati fyrir linsuna. Venjulega útlítandi ungt fólk gekk hægt og rólega framhjá veitingastaðnum meðan norskir njósnarar smelltu af í gegnum rúðuna, að sögn finnska dagblaðsins Helsingin Sanomat. Blaðið segir að Treholt hafi afhent Rússanum skjöl og þegið 10 þúsund Bandaríkjadali að launum.

- ghs



... gleðilegrar hátíðar!





Gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár

Starfsfólk ISAL í Straumsvík og Rio Tinto Alcan óska landsmönnum gleðilegrar hátíðar með kærum þökkum fyrir gifturíkt samstarf í fjóra áratugi.


Rio Tinto Alcan
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður

Sími 560 7000
www.riotintoalcan.is

Rio Tinto Alcan
ISAL-STRAUMSVÍK



GLEÐILEG JÓL



Við byggjum á reynslunni um leið og við hugsum til
fram tíðar. Sjóvá þakkar viðskiptin síðastliðin 90 ár
og óskar landsmönnum öllum gleðilegra jóla.

SJÓVÁ

Munið þá sem minnst mega sín

UMRÆÐAN

Stjórn Félags eldri borgara á Akureyri skrifar

Félag eldri borgara á Akureyri telur að í þeim þrengingum sem nú mæða á okkar þjóð sé nokkur hættá að hópar eins og aldrað fólk lendi á hlíðarlínu og gleymist í því fátí og umróti sem því fylgir að greiða úr óráðsúflækju liðinna daga. Af þeim sökum vill félagið vekja athygli á nokkrum þáttum sem hafa þarf í huga og ekki mega gleymast.

Rétt er þó að minnst á í upphafi að á liðnu ári hafa verið gerðar nokkrar úrbætur þeim eldri til hagsbóta og ber ekki að vanþakka það en í flestum tilvikum er þar við sama heygardhorn og einkenni andi hefur verið í okkar þjóðfélagi undanfarin ár að mest er hugað að þeim sem betur mega en minna og ekki þeim sinnt sem þó helst þurfa.

Enn finnast því miður allt of margir sem aðeins hafa til sinnar framfærslu grunnellilífeyri og þær lögbundnu tekjutryggingar sem til boða eru. Þessum hóp má ekki gleyma enn á ný heldur tryggja nokkra úrbót. Og nú er lag að nota þá einföldustu aðgerð sem finnst í stöðinni og kemur þar að auki öllu láglaunafólki til góða að hækka skattleysismörk þannig að allir þeir tekjulægstu greiði engan tekjuskatt. Til þess að bæta upp tekjutap ríkissjóðs yrði skattþrósentu hækkuð á móti. Vinnst þá tvennt þeir tekjulægstu fá launabót og þeir tekjuhæstu lækka í launum. Sýnist að hér einnig sé komin einfaldasta lausnin á þeim stóra vanda ríkisstjórnar sem felst í því að þeir ágætu herrar og frúr geti lækkað laun sín og þeirra ósk um að aðrir með há laun geri slíkt hið sama en fyrir þessu hafa þeir barist með litlum árangri þó síðustu daga.

Eldri borgarar hafa lengi barist fyrir þeirri sanngjörnu kröfu að skattleysismörk verði hækkuð og þær tekjur sem þeir ellilífeyrisþegar sem minnst hafa verði skattlausar, enda með öllu siðlaust að skattleggja tekjur sem sannanlega eru langt undir þeim mörkum sem sómasamlegt er talið til framfærslu. Opinberir aðilar hafa lengst af ekki ljáð máls á því að hækka skattleysismörk og raunar neitað að eðlilegt væri að þau fylgdu verðhækkunum. Þær smáu lagfæringar á þessum mörkum undanfarið eru alls ófullnægjandi. Þar sem nú hefur verið upplýst, að réttmætt hafi verið hjá þeim er töldu að eðlilegt væri að skattleysismörkin fylgdu

meir verðlagi en opinberir aðilar vildu viðurkenna, ætti þetta einfalda ráð og örugga réttarbót að ná fram að ganga.

Annað sem aldraðir óttast er að umönnun og aðbúnaður þeirra sem aðhlyningar og hjúkrunar þurfa með verði skert. Nærtækast í því efni fyrir okkur á Akureyri er að benda á lokun hjúkrunarheimilis á Seli og að skerða aðbúnað verulega að einstaklingum sem mikillar hjúkrunar þurftu. Hvernig sem því reidir af þá er ljóst að þegar að sverfur þá er hættan að þeir sem erfiðast eiga með að berjast verði fyrir barðinu á niðurskurði. Því er það krafa Félags eldri borgara á Akureyri að allt verði gert til þess að ekki verði skert sú þjónusta og aðhlyning sem nú er veitt öldruðum. Gæta verður að því að öldruðum fjölgar í þjóðfélaginu og enn

Enn finnast því miður allt of margir sem aðeins hafa til sinnar framfærslu grunnellilífeyri og þær lögbundnu tekjutryggingar sem til boða eru. Þessum hóp má ekki gleyma enn á ný heldur tryggja nokkra úrbót.

heldur meðalaldur áfram að hækka – því er sá kostnaður sem að opinberum aðilum snýr vegna þessa hóps ekki að minnka heldur augljóst að á komandi mjög næstu árum verður að taka stór skref í að byggja hjúkrunarhúsnæði fyrir þennan hóp.

Stefna opinberra aðila er að aldraðir geti dvalið heima hjá sér sem lengst og sú er einnig stefna félaga eldri borgara en það er hér eins og í fleiri málefnum þjóðfélagsins ekki gott að verða katólskari en páfínn og eldri borgarar hafa stundum á tilfinningu að forsjarhyggja þeirra er eina telja sig hafa vit á málefnum aldraðra ríði ekki við einteyming þegar kemur að málefnum þessa hóps – aldraðir séu hreint ekki færir um að taka sjálfstæða ákvörðun.

Við sem í forsvari erum fyrir eldri borgara lítum svo á að það eigi að vera réttur þessa fólks að geta sjálft tekið ákvarðanir og hafa val um það hvort það búi á dvalarheimili eða hugsanlega á einhverju samþýli, stóru eða smáu, þó ekki séu orðnir hjúkrunarsjúklingar og að þjóðfélagið treysti sér til að veita þá þjónustu.

Af hverju styður þriðjungur VG?

UMRÆÐAN

Jan Eric Jessen skrifar um stefnu VG

Góð útkoma Vinstri grænna í skoðanakönnunum þarf ekki að koma á óvart. VG varaði við því árum saman að hér stefndi í óefni. Þingmenn VG hafa lagt fram fjöldann allan af frumvörpum um úrbætur, t.d. um eflingu fjármálaeftirlitsins, aðskilnað fjárfestingabanka og viðskiptabanka og að efnahagsstofnun verði sett á laggirnar. Eins vildi VG að Alþingi beindi þeim tilmælum til fjármálaeftirlitsins að huga þyrfti vandlega að áhættumati í bankakerfinu með tilliti til áhrifa af snöggri gengislækkun krónunnar eða lækkun fasteignaverðs og að fram færi heildstætt mat á arðsemi stóriðju- og virkjanaframkvæmda sökum ruðningsáhrifa og þenslu. Síðastliðið vor lagði VG til að gjaldeyrisvaraförðinn yrði eflður. Ef ríkisstjórnin hefði hlustað á tillögur VG værum við mun betur sett í dag.

Hinn 6. desember sendi flokksráð VG frá sér áætlun um endurreisn íslensks þjóðarþúskaþar. Þar eru margar góðar tillögur um næstu skref stjórnvalda, til dæmis að sett verði þak á hækkan höfuðstóls verðtrygginga húsnæðislaða; að vaxtabætur verði hækkaðar; að nauðungaruppbót verði stöðvuð næstu 2-3 mánuðina; að



JAN ERIC JESSEN

umtalsverðu aukafjármagni verði strax veitt til sveitarfélaganna; og að opinberum bönkum og lánastofnunum verði gert að styðja atvinnufyrirtæki gegnum yfirstandandi erfiðleika með skuldbreytingum og nauðsynlegri rekstrar- eða endurfjármögnun.

Sú ríkisstjórn sem fær það verðuga verkefni að leiða endurreisnarstarfið á Íslandi verður að njóta trausts þjóðarinnar. Það gerir sitjandi ríkisstjórn ekki. Það væri ekki einungis siðlaust af ríkisstjórninni að endurnýja ekki umboð sitt með kosningum við fyrsta tækifæri, heldur skýr skilaboð um að ríkisstjórnin berjist gegn lýðræðislegum stjórnarháttum.

Á þessum tímamótum gefst okkur einstakt tækifæri til þess að byggja þjóðfélagið upp á nýjum grunni. Byggjum upp velferðarþjóðfélag með jöfnum aðgangi að menntun og heilbrigðisþjónustu óháð fjárhag. Tökum upp lýðræðislega stjórnarhætti þar sem ráðamenn starfa fyrir þjóð sína. Tryggjum félagslegt réttlæti, jafnrétti og sjálfbæra þróun. Stuðlum að friðsamlegri sambúð þjóða. Gerum öllum kleift að lifa með reisu alla ævi og byggjum Ísland þannig upp á gildum sem raunverulega skipta máli.

Höfundur er varaformaður Ungra vinstri grænna.

Opnunartími um jólin!



Aðfangadagur: opið til kl. 16:00

Jóladagur: lokað

Annar í jólum: opið 12:00 - 23:00

Gleðileg jól!

Gleðileg jól

Við þökkum landsmönnum
samstarfið og samfylgdina á árinu sem er að líða
og horfum með áráðni og bjartsýni
til komandi tíma.

Gleðilegt nýár.

Hreindýrahjörð á bílastæði Fjarðaáls í Reyðarfirði.
Ljósmynd: Hilmar Sigurbjörnsson.

Alcoa Fjarðaál



Var erfið stjúpdóttir

Auður Jónsdóttir er von því að henda sér í potta sem malla við viðkvæma suðu og sumum lesendum finnst hún jafnvel ganga fulllangt í því að hrófla við þeim. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* ræddi við Auði um nýjustu bók hennar *Vetrarsól* og stóra og smærri glæpi.

Auður er byrjuð á nýrri bók. Það hefur aldrei gerst áður að hún sé í miðju jólabókafloði, í upplestrum hægri vinstri, að fylgja eftir nýútkominni bók og sé farin að hripa niður nýja hugmynd. Hún heldur jafnvel að þetta séu áhrif þess sem á hefur gengið í samfélaginu. „Það er allt breytt. Ég kom hingað til lands í sumar og ætlaði mér að fara út aftur þegar gengið lagaðist. Nú stefni ég á að flytja til Berlínar en er í frekar lausu lofti með hvað verður, eins og allir. Ég hef tekið eftir því að við erum öll breytt,“ segir Auður og segist til dæmis sjá það á kaffihúsum sem hún sækir. „Það var lenska hér að heilsa bara svölitið kúl þegar maður settist og þeir sem maður þekkti á staðnum heilsuðu svo bara líka svölitið kúl á móti. Nú virðist fólk vera opnara og hafa meiri þörf fyrir að hlusta og tjá sig. Það ríkir meiri einlægni í samskiptum okkar – finnurðu það ekki?

Áð mörgu leyti hefur þessi atburðarás orðið til góðs. Samfélagið var orðið svo skrítið og ruglingslegt. Mér leið oftast eins og það væri eitthvað að mér þegar ég kom heim. Að segjast hvorki eiga íbúð né vera í fastri stöndugri vinnu varð til þess að fólk hér heima vorkenndi mér hreinlega. Og skildi ómögulega hvernig ég gat eiginlega haft líf mitt svona. Ég hef virkað „eðlilegri“ manneskja þar sem ég hef búið úti í Danmörku og Barcelona en hér heima þar sem það þekkest síður að fólk kaupi sér allt á einum degi með hjálp yfirdráttar og skulda.“

Veltir fyrir sér ritskoðun

Auður hefur skrifað megnið af skáldsögnum sínum erlendis, nú síðast úti í Barcelona þar sem hún hefur búið ásamt eiginmanni sínum, Þórarni Leifssyni, myndlistarmanni og rithöfund, og unnið sem sjálfstætt starfandi blaðamaður samfara skáldskapnum. Hún

stórmörkuðunum. „Hvað er það annað en ritskoðun að stórmarkaðir ákveði hvaða bókum er otað að neytendum og hvaða bókum er haldið frá þeim? Sérstaklega nú þegar bókaverslun er að færast æ meir inn í matvörubúðirnar, og jafnvel hætt við að bókabúðir muni ekki hafa það af í því hallæri sem er fram undan, þá skiptir þessi spurning máli.“

Gerir grín að glæpasöguforminu

Hinn rauði þráður *Vetrarsól*ar er á la glæpasagan: Mannshvarf. Auður segir glæpasöguþlött sögunnar þó aðeins vera leik. „Ég leik mér að glæpasöguforminu, leyfi lesandanum að skera úr um hvort eitt hvað sé mögulega rangt; auk þess leyfi ég mér að grínast dálítið með það um leið því í bókmennta- og fjöllun í dag virðumst við stundum vera stödd á villigötum. Við erum haldin sérkennilegum glæpasögudoða. Ef það er plott í skáldsögunni þá eru allir hamingjusamir og kátir. En skáldsagan er svo miklu meira en plott og gagnrýndum hættir til að blása bækur af borðinu sem státa ekki af því og „réttir“ uppbyggingu. Í versta falli dæma þeir þær út frá glæpasögum. Skáldsaga þar sem tilveran er krufin og tjáð út í ystu tabújaðra, í stað þess að vera harðsöðin glæpasaga, fær því oft mjög óréttláta meðferð, bæði í orðum gagnrýnenda sem og í stórmörkuðum þar sem þær eiga ekki allar upp á pallborðið hjá innkaupastjórnum. Með fullri virðingu fyrir glæpasögunni – því hana les ég líka með ánægju – en það er sorglegt þegar öllu er grautað saman. Ef við berum rithöfunda saman við tónlistarmenn þá er þetta eins og að bera Jóranni Viðar endalaust saman við Júróbandið.“

Aldrei fengið jafn sterk viðbrögð við grein

Það er í takt við tíðarandann að lesandinn er skilinn eftir í lok sögu með óbeiti í munni og „grun um



VIÐURKENNA EKKI GLÆPINN „Umræðan er svo skrítin. Á meðan það er hrópað úr öllum áttum að glæpur hafi verið framinn segja hásettir aðilar bara: „Nei, þetta var allt í lagi.“ Eins og ekkert rangt hafi átt sér stað. Þessir aðilar segja svart vera hvítt þótt hitt liggji í augum uppi,“ segir Auður Jónsdóttir um þjóðfélagsástandið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.

svo stjúpdóttur sjálf sem ég er mun heppnari með en stjúpmóðir mín var með mig. Án gríns – ég las til dæmis á þessum tíma bókina *Ævi* og ástir kvendjöfuls eftir Fay Weldon aftur og aftur og þóttist sjá stjúpmóður mína þar í hlutverki Mary Fisher. Horfði svo á kvikmyndina og þegar Meryl Streep birtist sá ég ekkert nema hausinn á Margréti Frímansdóttur, stjúpmóður minni.

auðvitað verður líka pirraður á „eigin“ barni. Það er líka eitthvað hrikalega rangt við þessa nafngjöf: Stjúp-foreldri. Maður kemur aldrei í stað foreldris og einmitt það leiðir af sér mörg vandræðin – að gleyma því að maður er þarna mun frekar í hlutverki féлага en foreldris. Það getur ekki orðið annað en vandræðagangur þegar nýi kærastinn mætir með börn sem hann á ekki í vinnuna sína, kannski eftir nokkurra vikna kynni við þau, eða þegar konur sem börnin hafa hitt með föður sínum um skamman tíma baka óumbeðnar kökur fyrir fermingarveislu barnsins. Samfélagið fer langt fram úr tilfinningum og getu okkar þar svo við erum dæmd til að fara fram úr sjálfum okkur. Þar getur skáldskapurinn komið inn, rýnt í grá svæði á næmari hátt en bæði fræði og fjölmiðlar.“

Ástandið er öllum að kenna

Persóna *Vetrarsól*ar vaknar upp í fátægum aðstæðum, í fátægri vinnu og öll bókin imprar á fátægileikanum hér og þar. Ekki ósvipað og þegar 1. október rann upp á þessu ári og íslenska þjóðin var stödd í afkáralegum veruleika. Auði er því að lokum snúid í átt að efnahagsástandinu. Finnur hún sökudólga? „Ég er ekki sammála þeim sem segja að þetta hafi ekki verið okkur að kenna. Við vorum orðin mjög dofín og þægindaforrituð. Ef okkur vantaði í matinn, skipti það okkur engu máli ef það var búið að loka lágvöruslunum, við fórum þá í bara í 10-11 til að hamstra. Ef við fengum vitlaust afgreitt til baka í búðum var

hallærislegt að rukka það sem við áttum inni. Neytendavitundin var á núlli – og neytendapólitík ekki til. Það var glatað að spara og nirfilslegt að segjast ekki ætla að gera hitt og þetta því maður ætti lítinn pening. Við nentum ekki að hugsa. Og nentum ekki heldur að hafa augun opin og spyrja, taka þátt í lýðræðinu. Erum þannig séð öll sek. En auðvitað brást öryggisnetið. Þessir auðmenn, jú, jú, þeir gerðu glórir. En ef það hefðu ekki verið þessir menn, þá hefðu það verið einhverjir aðrir. Það voru hins vegar Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn sem áttu að koma í veg fyrir að þessir hlutir gætu gerst. Öryggisnetið átti að vera í lagi og sá faktor er alvarlegastur. Auk þess er stórfurðulegt að vera með seðlabankastjóra sem er bæði ómenntaður í hagfræði og pólitískt skipaður. Margt virðist þó vera að breytast til hins betra og fólk að verða aktívara, eins og að sjá má á mótmælafundum og borgarafundum. Svo má heldur ekki gleyma að þetta er alþjóðleg krísa. Þó er ekki hægt að ræða af neinu viti um glæpin ef enginn viðurkennir að hann sé þarna til staðar. Umræðan er svo skrítin. Á meðan það er hrópað úr öllum áttum að glæpur hafi verið framinn segja hásettir aðilar bara: „Nei, þetta var allt í lagi.“ Eins og ekkert rangt hafi átt sér stað. Þessir aðilar segja svart vera hvítt þótt hitt liggji í augum uppi. Við erum búin að opna augun og vitum um svo margt rangt í kringum okkur – en ekki nákvæmlega hvernig við hendum reiður á því. Þetta er eins og í *Vetrarsól*: Grunur um glæp.“



Ég las til dæmis á þessum tíma bókina *Ævi* og ástir kvendjöfuls eftir Fay Weldon aftur og aftur og þóttist sjá stjúpmóður mína þar í hlutverki Mary Fisher. Horfði svo á kvikmyndina og þegar Meryl Streep birtist sá ég ekkert nema hausinn á Margréti Frímansdóttur, stjúpmóður minni.

segir að það fari vel á því að blanda þessum störfum saman ólíkt því sem margir haldi. Auður hefur komið við á mörgum fjölmiðlum og meðal annars skrifað greinar í DV, Morgunblaðið, Nýtt líf og Fréttablaðið og er því, eftir tíðindi síðustu vikna, innt eftir því hvort hún hafi mátt sæta ritskoðun. „Jú, ég hef lent í undarlegu atviki en hef því miður ekki neinar haldberar sannanir til að ég geti farið fram með það. Ég efast hins vegar ekki um að á öllum miðlum megi finna einhver dæmi um ritskoðun. Mér hefur reyndar verið afar hugleikið um langan tíma hvað sé ritskoðun og hvað ekki og hvað sé glæpur og hvað ekki. Ég leik mér með þessar spurningar í *Vetrarsól* og skil lesendum eftir með þær að lestri loknum.“ Auður heldur áfram að ræða ritskoðun og umræðan beinist að

glæp“ en það er einmitt þannig sem Auður potar í lesandann og varpar til hans spurningum – svo sem hvort það sé til dæmis glæpur að vanrækja barnið sitt? Sem blaðamaður á Nýju lífi skrifaði Auður eitt sinn grein um stjúp tengsl og segist, hvorki fyrr né síðar, hafa fengið önnur eins viðbrögð við nokkurri blaðagrein. Enda málefnið nátengt mörgum og viðkvæmt. *Vetrarsól* er hluti af trúlogu sem hófst með Fólkinu í kjallaranum. Í öllum bókunum standa konur uppi með börn sem þær eiga ekki. „Í fyrstu bókinni minni fjallaði ég um einstæða móður, fannst það vera eitthvað sem ég vildi gera, verandi dóttir einstæðrar móður og allt það. Þetta er kannski svipað upp-gjör núna. Ég var stjúpdóttir og vægast sagt hræðileg sem slík, enda sturluð úr afbrýðisemi, og á

Mary Fisher. Horfði svo á kvikmyndina og þegar Meryl Streep birtist sá ég ekkert nema hausinn á Margréti Frímansdóttur, stjúpmóður minni [fangelsisstjóra á Litla-Hrauni]. Við hlæjum að þessu í dag og eigum gott samband. En þetta voru mörg ár sem ég var erfið.“

Vitstola íslenskt fjölskyldumynstur

Við höldum áfram í stjúpu- og stjúpaumræðunni og tabúid sem það þó er að ræða flókið íslenskt fjölskyldulíf. „Ég á auðvitað fullt af vinum og vinkonum sem hafa lent í þessari stöðu. Og það skiptir engu hversu algengt þetta er – við eigum samt langt í land með að taka á þessum hlutum eðlilega. Það er til dæmis algjörlega bannað að verða pirraður á stjúpbarni, en samt er ekkert eðlilegra því

Við óskum þér og fjölskyldu þinni
gleðilegra jóla og gæfu á nýju ári.

Takk fyrir samskiptin á árinu sem er að líða.

Síminn 



Sími



Netið



Sjónvarp



Kveikja jólaljós í hjörtum

Flestir eiga nóg með eigið annríki í aðdraganda jóla og finnst þeir eiga lítinn tíma aflögu. En það á ekki við um alla. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* talaði við nokkra miskunnsama samverja sem fórna drjúgum tíma með bros á vör í þágu annarra.

Elskar að gefa gjafir

„Það er til yndislegt hugtak í íslensku – sælla er að gefa en að þiggja. Fyrir mér snúast jólin um að gefa af mér. Það gerir hjarta mitt svo innilega glatt,“ segir Guðrún Langfeldt. Hún eyðir kvöldinu ásamt eiginmanni sínum, Hilmarí Á. Ragnarssyni, börnunum þeirra og um það bil tuttugu öðrum sjálfboðaliðum á Hjálpræðishernum. Þar býðst heimilislausum og snauðum að fagna jólnum með öllu tilheyrandi. Þar er dansað í kringum jólatréð, allir fá pakka og auðvitað alvöru jólamat með öllu. Búist er við allt að tvö hundruð manns í kvöld.

Þau hjónin hafa séð um að elda aðfangadagskvöldverðinn allt frá því árið 1999. Síðan þá hefur fjölskyldan öll sameinast um að gera jólamáltíðina á Hernum sem allra besta. „Við fáum bestu lambalæri sem völ er á, sem við fáum úrbeinuð frá Nóatúni. Þau eru krydduð á sérstakan hátt sem við hjónin höfum þróað með okkur. Þarna myndast alveg yndisleg stemning. Enda er mjög sjaldgæft að sjálfboðaliðar

komi bara einu sinni. Þeir koma yfirleitt alltaf aftur.“

Fjölskyldan saknar þess ekkert að vera heima hjá sér á aðfangadagskvöld og geymir þakka fram á jóladag. „Dætur okkar voru bara smástelpur þegar við byrjuðum á þessu. Þær voru fljótt farnar að spyrja hvort við yrðum ekki alveg örugglega á Hjálpræðishernum um jólin. Þeim finnst þetta svo gaman.“ Guðrún fann Jesú fyrir 22 árum, sem hún segir hafa umbreytt lífi sínu. „Það að gefa hefur að gera með elsku mína til Jesú eða kærleikann sem ég finn að Jesú hefur til mín. Þessi kærleikur er svo sterkur innra með mér að ég þrái að gefa hann frá mér. Ég elska að gefa gjafir, helst þeim sem eiga ekki von á því að fá gjöf frá mér. Að koma einhverjum á óvart er mín stærsta skemmtun.“

GUÐRÚN LANGFELDT, SJÁLFBODALIÐI Á HJÁLPRÆÐISHERNUM Guðrún, eiginmaður hennar og börn hafa eytt mörgum árum á Hjálpræðishernum þar sem þau sjá um að búa til dýrindisjólakvöldverð.

FRÉTTABLAÐIÐ / ARNPÓR



Ég elska að gefa gjafir, helst þeim sem eiga ekki von á því að fá gjöf frá mér. Að koma einhverjum á óvart er mín stærsta skemmtun.



Hamrahlíðarkórinn

Á hverjum degi í aðdraganda jóla og yfir hátíðarnar þeysist söngfólk úr Hamrahlíðarkórnum út um borg og bý og syngur jólin inn í hjörtu þeirra sem mæta þeim. „Það er ómetanlegt að geta kveikt á ljósinu í hjörtum hvers annars. Það er lifandi mynd af því sem jólin fjalla um,“ segir Þorgerður Ingólfsdóttir kórstjóri. Fyrir jólin söng Hamrahlíðarkórinn meðal annars fyrir syrgjendur í Grensáskirkju og fyrir vistmenn og starfsfólk á Kleppi. Í gærkvöld leiddi hann svo Friðargönguna ásamt kór Menntaskólans í Hamrahlíð. Í kvöld syngja kórnir aftur saman í miðnæturmessu í Dómkirkjunni.

Gott að geta glatt aðra

Um allt land eru Kiwanis-klúbbar starfandi sem flestir reka styrktarsjóði sem útlutað er úr fyrir jól. Einn þeirra er kvenna-klúbburinn Sólborg í Hafnarfirði. Fyrir hver jól í þau fimmtán ár sem klúbburinn hefur starfað hefur hann gefið af sér til þarfra málefna.

„Við búum til kertaskreytingar sem við seljum til fyrirtækja í bænum. Þetta hefur verið okkar stærsta fjáröflunarverkefni í mörg ár,“ segir Dröfn Sveinsdóttir, ein Sólborgarkvenna. Konurnar í klúbbnum leggja mikið í kertaskreytingarnar og sækja oft en ekki námskeið í kertaskreytingum sem sérstök jólafondurnefnd klúbbsins skipuleggur.

„Við bjuggum til um hundrað skreytingar í ár sem seldust allar til fyrirtækja í Hafnarfirði,“ segir Dröfn. „Skreytingin er svo afhent á adventunni með jólakveðju.“ Hvern jólakrans selja þær á 3.900 krónur. Það er því dágóð summa sem safnast og rennur hún öll til góðgerðamála. „Við höfum það fyrir reglu að styrkja Mæðra-



DRÖFN SVEINSDÓTTIR KIWANISKONA Konur í Kiwanis-klúbbnum Sólborg í Hafnarfirði fönðra hundrað kertaskransa fyrir jólin. Andvirði kransanna rennur til þarfra mála.

styrksnefnd fyrir jólin. En við höfum líka meðal annars lagt íþróttafélaginu Firði lið og barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans.“

Dröfn segist varla geta hugsað sér að vera án fundanna í Sólborg. „Það er gott að vinna að einhverju góðu og geta glatt einhvern. Það gefur manni svo mikið til baka.“

Hjálpa fjölskyldum að halda jól

Fyrir sex árum stofnuðu fimm hugsjónakonur Fjölskylduhjálp Íslands. Þangað getur fólk úr lágtekjuhópum, öryrkjar, einstæðir foreldrar, eldri borgarar og aðrir þeir sem tekst ekki að láta enda ná saman leitað eftir mat, fötum, búsáhöldum og fleiru. Nú fyrir jólin nýttu um átta hundruð fjölskyldur sér sérstaka jólaúthlutun Fjölskylduhjálparinnar. Hver fjölskylda fékk hátíðarmat á borð við hamborgarhrygg eða hangikjöt, allt meðlæti, ávexti og fleira.

„Ég hef verið meðvitúð um það í á annan áratug að ákveðnir hópar í þjóðfélaginu hafa það mjög lélegt,“ segir Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður félagsins. „Maður veit ekki af fátæktinni sem er á Íslandi fyrr en maður fer að starfa í grasrótinni,“ segir hún.

Þær Fjölskylduhjálparkonur eyða drjúgum tíma í að afla matar, ýmist með því að fá hann gefins eða með því að kaupa hann fyrir framlög. Ásgerður Jóna segir sérstaklega marga hafa lagt hönd á plóginn nú fyrir jólin.



FJÓRAR AF FIMM Anna Auðunsdóttir, Ásgerður Jóna Flosadóttir, Ragna Rósantsdóttir og Guðrún Magnúsdóttir. Þær, auk Guðbjargar Pétursdóttur, stofnuðu Fjölskylduhjálp Íslands fyrir sex árum.

FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

„Það er ánægjulegt að sjá hvað margir eru duglegir að hjálpa fyrir jólin. Stuðningurinn frá fyrirtækjum og einstaklingum er ómetanlegur. Konunum sem stofnuðu Fjölskylduhjálpana með mér hlýnar um hjartaræturnar við það. Þær hafa stöðugar áhyggjur af því að eiga nóga peninga til að kaupa mat fyrir fólk.“

Við óskum þér örugggra jóla – og stöndum vaktina



Á þessum árstíma er mikið að gera hjá björgunarsveitum landsins enda allra veðra von. Í ár hafa mörg hundruð sjálfbóðaliðar komið samborgurum sínum til hjálpar, oft við erfiðar og hættulegar aðstæður.

Við stöndum áfram vaktina.

Við verðum með á þriðja þúsund manns til taks yfir hátíðarnar, dag og nótt.

Aðalbachjarlar Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru:



Gleðileg jól!



SVEINKI Í NÝJUM HEIMKYNNUM Nú er öldin önnur og Sveinki er kominn með ný híbýli og skrifstofu í Finnlandi þar sem hægt er að heilsa upp á hann allan ársins hring.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Áður en Sveinki fór til Finnlands

Á árum áður trúðu börn víðs vegar um heim því að jólasveinninn kæmi frá Íslandi. Á 8. og 9. áratugnum kom það í hlut ríkisrekinnar ferðaskrifstofu að svara fyrir hans hönd þeim aragrúa bréfa sem börnin sendu Sveinka áður en Finnar tóku hann yfir. *Jón Sigurður Eyjólfsson* skoðar sendingar sveinka.

Bréfin voru flest frá Bretlandi eða þá frá börnum með breskan bakgrunn en búsettum í Ástralíu, Kanada eða Nýja-Sjálandi,“ segir Kjartan Lárusson en hann var aðstoðarforstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins frá árinu 1973 til 1976, síðar forstjóri þar til ársins 1988. Þá fór fyrirtækið úr ríkiseign, nafninu breytt í Ferðaskrifstofu Íslands og var Kjartan framkvæmdastjóri þar til ársins 1997.

Af litlum efnum en miklum vilja

Pósturinn hér á Íslandi var ekki með heimilisfang Sveinka á hreinu og því bárust Ferðaskrifstofu ríkisins bréfin en pósturinn og ferðaskrifstofan heyrðu þá bæði undir samgönguráðuneytið. „Þetta voru svona á bilinu 1.500 til 3.000 stykki á ári og við höfðum ekki annað til þessara þátta annað en góðan vilja enda var ekki þá frekar en nú fjárveiting til svona hluta. En einhvern veginn tókst okkur með hjálp góðra manna að prenta einfalt bréf þar sem jólasveinninn á Íslandi staðfesti tilurð sína og lofaði þessu gamla góða að ef allir væru góðir þá léti hann ekki undir höfuð leggjast að koma einhverjum glaðningi undir tré eða í skóinn.“ Ekki var það látið nægja því Margrét Steingrímisdóttir, sem lengi sá um að svara bréfunum, segir að ávallt hafi eitthvað verið handskrifað á svarbréfin.



MARGRÉT STEINGRÍMSDÓTTIR

hvern veginn tókst okkur með hjálp góðra manna að prenta einfalt bréf þar sem jólasveinninn á Íslandi staðfesti tilurð sína og lofaði þessu gamla góða að ef allir væru góðir þá léti hann ekki undir höfuð leggjast að koma einhverjum glaðningi undir tré eða í skóinn.“ Ekki var það látið nægja því Margrét Steingrímisdóttir, sem lengi sá um að svara bréfunum, segir að ávallt hafi eitthvað verið handskrifað á svarbréfin.

Sveinki flytur til Finnlands

Póstþjónustan í Ástralíu, Kanada og Nýja-Sjálandi gerði sér grein fyrir því hversu mikilvægt væri að

börnin kæmu bréfunum til jólasveinsins svo þau tóku ekkert burðargjald fyrir þessi bréf. „Börnin teiknuðu einfaldlega frímerkin á umslagið og það var látið gott heita,“ segir Kjartan. „Nú telja menn nýjasta nýtt að leyfa fólki að teikna frímerkin en sjáid til, þarna voru menn áratugum á undan sinni samtíð.“

Kjartan segir að einna mest af bréfum hafi borist í kringum 1980 en síðan fór að halla undan fæti þegar jólasveinninn tók sér bólfestu í finnska bænum Rovaniemi um miðjan níunda áratuginn. Finnar lögðu í mikla markaðssetningu í kjölfar þessara búferlaflutninga svo varla hefur það farið framhjá nokkru barni hvar Grýlusynir halla höfði nú til dags.

Kjartan gerði sér ferð, fyrir allnokkrum árum, til Rovaniemi sem er kynntur um allan heim sem heimabær jólasveinsins. „Þeir gerðu þessa markaðssetningu ekki af neinum vanefnum,“ segir hann. „Í raun gerðu þeir þetta svo vel að það er í raun útilokað að slá þeim við.“ Í bæ þessum, sem er við heimskautsbaug er Jólasveinasafn sem er grafið inn í fjall og er hægt að

hitta jólasveinninn sjálfan þar allan ársins hring. Það má því segja að umstangið í kringum hann sé orðið einum of viðamikilið fyrir litla ferðaskrifstofu á Íslandi. „Menn gætu lært ýmislegt af þessari markaðssetningu Finna,“ segir Kjartan. En þau höfðu víótæk áhrif og ekki allstaðar jafn góð. „Ég segi ekki að íslenski jólasveinninn hafi orðið atvinnulaus en hann hefur þurft að snúa sér að ýmsu öðru.“

Hvað varð um bréfin?

En hvar er þessi bréf að finna? Var þeim nokkuð fleygt? „Þau voru alltaf í kassa hjá okkur meðan ég var, síðan veit ég ekkert hvað varð um þau,“ segir Margrét. En Kjartan hefur sínar grunsemdir um afdrif þeirra. „Eftir að Ferðaskrifstofu ríkisins var breytt í Ferðaskrifstofu Íslands árið 1988 var þetta sett í kassa og flutt á Þjóðskjalasafn að ég held en þeir voru í einhverjum vandræðum með pláss svo það var farið með þetta upp á Korpúlfsstaði. Nú, svo kviknaði í þar stuttu seinna og það virðist enginn vita hvaða merkilegu hlutir fóru forgörðum þá enda var ekki búið að sortera neitt af þessu sem þarna var.“

Skildu eftir nesti fyrir Sveinka

Margrét Steingrímisdóttir starfaði hjá Ferðaskrifstofunni frá 1970 til ársins 1997. Hún hafði um nokkurra ára skeið veg og vanda með jólasveinabréfunum. „Það var afskaplega gaman að þessu og mörg börnin höfðu lagt afskaplega mikið í þetta,“ rifjar hún upp. „Þeim var mörgum greinilega mjög annnt um jólasveinninn og hreindýrið því þau sögðust hafa eitthvað matarkyns fyrir þá við útidyrnar. Nú og auðvitað vildu þau líka koma á framfæri því sem væri efst á óskalistanum.“

Áður en Margrét tók við starfanum hafði Helga Þorsteins sinnt þessu af mikilli elju um áraskeið. Helga er nú fallin frá. „Hún hafði svo afskaplega gaman af þessu, það var mikil hátíðabragur yfir öllu meðan hún sá um þetta,“ rifjar Margrét upp.

Hún segir enn fremur að þegar líða tók á 9. áratuginn hafi farið að draga úr bréfasendingum barnanna. „Enda voru einhverjir farnir að sinna þessu aðrir en við en þeir tóku fyrir þetta; það gerðum við aldrei.“

Aðspurð hvort þetta hafi verið hennar skemmtilegasta starf svarar hún, „ég segi það nú ekki, ég hef gert svo margt skemmtilegt.“



BRÉFIN TIL SVEINKA Á FERÐASKRIFSTOFU RÍKISINS Helga heitin Þorsteins sést hér með fjöldann allan af bréfum til Sveinka á Ferðaskrifstofu ríkisins.



KJARTAN LÁRUSSON Fyrirverandi framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofu Íslands segir að um 1.500 til 3.000 bréf hafi borist Sveinka árlega.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

140

milljónir

ÍSLENSKI
BÓNUS
VINNINGURINN

16

MILLJÓNIR

90+50

1. vinningur



Nældu í milljónavinning!

Íslenski bónusvinningurinn stefnir í 16 milljónir.
Potturinn stefnir í 90 milljónir.
Ofurpotturinn stefnir í 50 milljónir.
Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða á næsta
söluastað eða á lotto.is

Fáðu þér miða fyrir kl. 15
í dag eða taktu séns á
að missa af þessu!

V Í K I N G A
LOTTO

Alltaf á miðvikudögum!

lotto.is

Flugeldar á aðfangadagskvöld

Hver og ein kristin þjóð hefur skapað sér sína jólah hefð. Sumar hljóma kunnuglega í eyrum okkar Íslendinga, aðrar koma okkur nokkuð spánst fyrir sjónir. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* skoðaði málið og komst að því að skötuát og þjófóttir jólasveinar eru kannski ekkert skrítnar hefðir, þegar öllu er á botninn hvolft.

Sprengrjóðir Suður-Ameríkumenn

Jólah hefðin í Suður-Ameríku er nokkuð ólík því sem Íslendingar þekkja. En, ef einhver maurlendingur, myndi slysa alveg óvænt til Kólumbíu á aðfangadagskvöld þá gæti hann hugsanlega haldið að það væri komið nýtt ár. Því í Kólumbíu og í öðrum Suður-Ameríkulöndum tíðkast að skjóta upp flugeldum á miðnætti á aðfangadagskvöld. Miklar veislur eru haldnar í heimahúsum og fólk dansar og syngur langt fram eftir nóttu. Á miðnætti fá börnin jafnframt að opna gjafirnar sínar en ólíkt öðrum vestrænum löndum þá er það Jesú barnið sjálft sem setur í skóinn en ekki jólasveinninn.

Spáglaðir Tékkar

Jólah hefðin í Tékklandi er ekkert mikið öðruvísi en sú sem haldin er í heiðri annars staðar í Evrópu. Tékkar stunda það þó að halda gömlum hefðum á lofti þótt það sé mest í gríni gert. Þannig er til að mynda vinsælt að reyna sjá inn í framtíðina á aðfangadagskvöld. Má nefna að eplin eru alltaf skorin langsum og ef stjarna birtist í kjarnanum verður næsta ár gott. Konur henda skóm aftur fyrir sig og ef tain á honum snýr að hurð mun sú hitta góðan mann og giftast honum þegar nýtt ár gengur í garð.



Djöfullegur aðstoðarmaður ungerska jólasveinsins

Ungverjar halda í mjög svipaðar hefðir og aðrar Evrópuþjóðir. Hins vegar er jólasveinninn víðsfjarri í jólahaldi þjóðarinnar. Hann kemur nefnilega 6. desember og fer sama dag. Og með honum í för eru engin fljúgandi hreindýr eða vinalegur sleði. Meðreiðarsveinn ungerska jólasveinsins er hinn djöfullegi Krampusz. Hann sér um að óþekku börnin fái skammarverðlaun í skóinn. Reyndar fá öll börn bæði eitthvað gott og vont því samkvæmt ungerskri jólasveinahefð er enginn fullkominn.



Tólf réttir fyrir pólsku þakkana

Hafi einhver íslensk börn ekki þolinmæði til að afbera hefðbundna, þriggja rétta íslenska jólamáltíð þá væru þau sennilega farin yfir um ef þau þyrftu að sitja í gegnum dæmigert pólskt jólahald. Þar er ekki óalgengt að réttirnir séu tólf. Það tekur því eflaust dágóða stund að vaska upp eftir herlegheitin.

Finnskir jólaelskendur

Dálæti Finna á jólnum er löngu frægt orðið. Enda þjóðin sannfærð um það að hún eigi jólasveininn og í honum renni kalt, finnskt blóð. Ein merkilegasta jólah hefðin er hins vegar yfirlýsingin um jólafrið sem flutt hefur verið á ári hverju síðan á miðöldum með aðeins einu messu-falli, árið 1939 þegar seinni heimstyrjöldin tók að breiðast út. Upprunalega messan er haldin í jólabæ Finna, Turku, en hún hefur á undanförunum árum skotið rötum víða í landinu.



Engin rauð jólakort

Að endingu er síðan rétt að minnst á eina japanska reglu í ljósi þess að ein afleiðing íslensku útrásarinnar voru vinir á víð og dreif um jarðarkringluna. Þeim sem hafa hugsað sér að senda einhverjum japönskum vini sínum dæmigert, rautt jólakort er vinsamlega bent á að endurskoða þá hugmynd sína. Ástæðan er einföld: samkvæmt japanskri hjátrú boðar það ekkert nema vont að fá slík kort á þessum árstíma.



EKKI BARA Á GAMLÁRSKVÖLD Í Kólumbíu er haldið upp á aðfangadagskvöld með flugeldum.

Góðir gestir að handan í Portúgal

Portúgalskar jólah hefðir eru ekkert svo frábrugðnar því sem gengur og gerist í öðrum löndum. Nema ef vera skyldi sú hefð að þar er lagt á borð fyrir látinn ættingja. Og ef sá og hinn sami er ekki vant við látinn í andaheimi og getur mætt þá boðar það mikla lukku fyrir næsta ár.



Mamman bundin við stól

Foreldrum þykir eflaust alveg nóg þegar yngstu meðlimirnir eru vaknaðir fyrir fyrsta hanagal og krefjast þess að allir fari á fætur, opni þakka, borði sælgæti og svo framvegis. Í mörgum löndum fyrrum Júgóslavíu geta húsmæðurnar hins vegar upplifað enn kolaðari morgun. Þar er það hluti af jólah hefðinni þegar börnin binda fót móður sinnar við rúmstokkinn.

Lausnargjaldið er að sjálfsgöðu gjöf. Það ber að taka það fram að börnin fá ekki sömu meðferð, þau er sem sagt ekki bundin við neitt.

Ítalskir fiskréttir og nornin La Befana

Ítalir eru miklir nautnaseggir og það á ekkert síður við um jólin. Ítalskar húsfreyjur reiða fram hvorki meira né minna en sjö fiskrétti á aðfangadagskvöld. Hins vegar hefur jólasveininum, þessum góðlega karli, verði úthýst úr ítalskri jólah hefð. Vatikaninu þótti eitthvað erfitt að sanna söguna um jólasveininn og bjó þess í stað til sögu um nornina La Befana. Hún var víst í hópi með vitringunum og var boðið að koma með til að sjá sveinbarnið. La Befana, að sögn Vatikansins, var hins vegar of upptekin og afþakkaði boðið. Þegar henni varð ljóst af hverju hún missti þá ákvað hún að bæta sér það upp og gefa hverju barni gjöf í skóinn. Til gamans má geta að La Befana myndi sennilega ekki hafa erindi sem erfiði í Noregi því þar segir gömul þjóðsaga að fólk eigi að fela kústa svo nornir landsins geti ekki stolið þeim og flogið burt. En það er önnur saga.



Þýska draumalandið fyrir hreint hjarta

Þýsk þjóðsaga greinir frá því að aðfangadagskvöld sé hlaðið töfrum. Þá geti dýrin talað saman, ár landsins breytist í rennandi vínljót og fjöllin ljóma af hvers kyns gimsteinum. Auðvitað geta hins vegar ekki allir upplifað þessa töfra því miðinn inn í draumalandið kostar hreint og saklaust hjarta. Þeir sem hafa ekki slíka guðsgjöf láta sér bara nægja að fagna jólnum ákaft og samkvæmt þýskum jólakokkabókum á að halda jólin hátíðleg frá 6. desember sem kallaður er dagur heilags Nikulásar.



Að dansa spænskan Jota

Spánverjar hafa nokkuð sérstaka jólah hefð. Á miðnætti, þegar klerkarnir hafa lokið við að messa yfir lýðnum, er farið út á götur og dansað og sungið Jota. Þetta ku víst vera mörg hundruð ára gömul hefð og textinn við lögin hefur gengið manna á milli.

Á hjólaskautum í kirkju

Á meðan við Íslendingar ökum til kirkju á fjórhjóladrifsbílunum og heim aftur í hægagangi á aðfangadagskvöld þurfa íbúar Caracas í Venesúela ekki að hafa áhyggjur af slíku. Þar er nefnilega öllum götum einfaldlega lokað svo að íbúarnir geti komið sér í miðnæturmessu á hjólaskautum.



ORKUVEITA Reykjavíkur stendur vaktina um jólin og verða viðbragðsteymi úti í hverfum ef eitthvað kemur upp á. Sími á bilanavakt OR er 516-6200.

www.or.is



ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

Óska viðskiptavinum okkar og öllum landsmönnum

Gledilegra jóla
og farsælda á komandi ári

belladonna

Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460 • Fax: 517-6465
www.belladonna.is

Óskum landsmönnum gledilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

Vefta Tískuföt  **heilsa**
-hafðu það gott

M MOSFELL

SUBWAY

BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Matthildur hlakkar til jóla og veit vel hvers vegna þau eru haldin. „Þá fæddist Jesús og mér finnst svo notalegt hvað allir eru góðir hver við annan um jólin,“ segir hún brosandí.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Setur stjörnu á toppinn

Jólastúlkan okkar, hún Matthildur Einarsdóttir, hlakkar til jólanna eins og flestir á hennar aldri en hún verður með pabba sínum í sveitinni hjá langafa og langömmu um jólin. Þar býr vinkona hennar Ronja.

„Mér finnst gaman að hlakka til jólanna en besti tíminn er þegar allt er orðið rólegt og jólin eru alveg að koma,“ segir hin tíu ára Matthildur Einarsdóttir sem heldur jólin í Presthúsum í Mýrdal þetta árið.

„Ég skiptist á að vera hjá mömmu og pabba um jólin og þessi jól verð ég með pabba í sveitinni hjá langafa og langömmu. Þar er tíkin mín Ronja sem er svona amerískur Cocker Spaniel, en mér finnst mjög gaman að leika við hana,“ segir Matthildur brosandí. „Hún á jólasveinahúfu sem hún verður með um jólin.“

Matthildur eignaðist nýverið litla systur sem hún nýtur að fylgjast með. „Þegar ég er hjá mömmu þykir mér skemmtilegast að horfa á litlu systur mína og sjá hvað hún er sæt og sniðug. En næstu jól verður skemmtilegra að fylgjast með henni því þá verður hún byrjuð að tala og svoleiðis.“

Mikil tilhlökkun fylgir pökkunum og er Matthildur orðin spennuð að kíkja í þá. „Ég fæ marga pakka. Mig langar mest í Build a Bear-bangsa frá Danmörku en annars er ég líka hrifin af Pet Shop, þótt ég sé orðin tíu ára. Síðan finnst

mér gaman að lesa bækur og mig langar að lesa Senjorítu með sand í brók. Svo er líka gaman að lesa Skúla skelfi og Fíusól,“ útskýrir Matthildur áhugasöm en hún fékk nýjustu bókina með Fíusól í skólinn og Silfursafnið hans Páls Óskars.

„Svo er mikið af góðum mat á jölunum. Ég held mest upp á hangikjötið og ísinn,“ segir hún og sleikir út um. „Síðan hitti ég frændur mína og frænkur, kíkí á dýrin og vonandi fæ ég að setja stjörnuna á toppinn á jólatrénu,“ segir Matthildur dreymin.

hrefna@frettabladid.is

Eirberg
www.eirberg.is

ÖKU SKÓLINN
Í MJÓDD

Rauði kross Íslands

Íslensku Vigtarráðgjafarnir
865-8407
vigtarradgjafarnir.is

HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Opíð kl. 10-18 - Laugardaga 11-15

Kjarnagluggar

JARN&GLER

zomo

S. Gunnbjörnsson



panorama
restaurant

ecco



www.patti.is

MC PLANET
Austurhrauni 3
210 Garðabær
S. 533 3805

GRÆNN MARKAÐUR

MARIA LOVISA
FATAHÖNNUÐUR

FONDRA
Fóndar og gjafavör

Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
STRANDGATA 19 - SÍMI 565 4854

JÓLIN KOMA



HÖFUÐBORGARSTOFA hefur tekið saman ýtarlegan lista um þá þjónustu og afþreyingu sem í boði er yfir jól og áramót. www.visitreykjavik.is undir Quick jumps.

Éskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.
Lökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

Veitingahúsið Perlan

TOPP HÚSIÐ

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Jói Fel

FLASH

Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Salka

M MOSFELL

Heimsferðir

NINGS SAND

TÓMSTUNDAHÚSIÐ

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins



Einstök stemning myndast í heitu pottunum á Hvammstanga á aðfangadag.

Bæjarbúar saman í bað

Meðan beðið er eftir að klukkurnar hringi inn hina helgu hátíð er upplagt að fara í sund og slá þannig saman jólabaði, samveru og slökun. Líklega er það þó hvergi jafn vinsælt og á Hvammstanga.

„Hér hefur skapast sú hefð að bæjarbúar fjölmenni í sund á aðfangadag,“ segir Sveinn Benónýsson íþrótt- og tómstundafulltrúi á Hvammstanga. „Þá fá allir frítt í laugina og heitu pottana og við bjóðum upp á hressingu. Þannig hefur það verið frá því að laugin var opnuð árið 1982 og það er fastur liður hjá mörgum að koma í sund þennan dag. Hér er heitt kaffi á könnunni og konfekt og þetta er orðinn rótgróinn siður sem hefur skapað ánægju

og stemningu í bæjarlífinu.“

Sveinn getur þess að frítt sé fyrir börn að 17 ára aldri í sund á Hvammstanga alla daga allt árið um kring og einnig öryrkja og elli-lífeyrisþega. En hversu marga gesti skyldi hann fá að jafnaði í laugina á aðfangadag?

„Ég er nú bara búinn að vera eitt og hálf ár í þessu starfi en í fyrra var opið hér frá klukkan tíu til klukkan eitt á aðfangadag og um hundrað manns mættu á þessum þremur tímum.“

Spurður hvort nærsveitingar nýti sér laugina þennan dag svarar hann: „Já það er dálítið um að fólk komi úr sveitunum í kring. Svo er margt fólk hér gestkomandi eða heima í jólafrí og margmargt í mörgum húsum í bænum. Kannski ein sturta á heimilum og allir þurfa að fara í bað. Þá er þetta bara upplagt. En fyrst og fremst fylgir þessu skemmtileg stemning og jólabaðið er hlýleg gjöf til bæjarbúa.“

gun@frettabladid.is

Fagnað með fínheitum

Ef nýtt og flott bindi á einhvern tímann vel við er það á aðfangadag. Svart, hvítt og silfurlitað er allt klassískt en svo er líka allt í lagi að prófa hressilegri liti.

Einu máli gildir hvort valið stendur á milli hefðbundinna eða útrífríkaðra binda því fátt lífgar jafn mikið upp á jakkafötin. Þau gömlu öðlast nýtt líf með einfaldri og ódýrri leið.

emilia@frettabladid.is

Fyrir þá sem þora að vera öðruvísi. 5.990 krónur. Sautján.



Brons með bleikum doppum. 9.990 krónur. Kultur.

Hvítt og klassískt. 8.990 krónur. Kultur.



Bleikt klikkar ekki. 5.990 krónur. Sautján.



Svart og silfurað. 5.990 krónur. Sautján.



Pingvallabærinn og kirkjan prýða þetta gamla jólakort.

MYND/BORGARSKJALASAFN REYKJAVIKUR

Gamaldags netkveðjur

Gamlir og nýir tímar mætast í rafrænum jólakortum Borgarskjalasafns Reykjavíkur.

Á vef Borgarskjalasafns Reykjavíkur er hægt að senda ættingjum og vinum gömul íslensk jólakort án endurgjalds.

Kortin, sem fólki er boðið að senda rafrænt, eru flest frá fyrri hluta 20. aldar. Boðið er upp á 36 mismunandi gerðir með hinum ýmsu myndum og er hægt að velja jólakveðju á yfir 25 tungumálum, auk eigin kveðju.

Kortin eru úr póstkortasafni Sveinbjörns Jónssonar sem Kristín S. Árnadóttir afhenti Borgarskjalasafninu vorið 2004. -ve



Kortin eru flest frá fyrri hluta 20. aldar.

kirkjan

MÍÐVIKUDAGUR 24. DESEMBER 2008

Jólin eru erfiður tími fyrir fanga
Fangar fá engar heimsóknir á aðfangadag. Þeir
reyna þó að halda jólaskapinu með því að skreyta
fangaklefana og slá á léttu strengi. **SJÁ SÍÐU 10**



Jólin eru fjölbreytt og skemmtileg

Toshiki Toma, prestur innflytjenda á Íslandi, segir jólahald þessa samfélagshóps eins misjafnt og fólkið er margt. Grunnstefnu sína sem innflytjendaprests Þjóðkirkjunnar segir hann vera að bjóða innflytjendum í messu með Íslendingum.

„Innflytjendur eru ekki einsleitir hópur fólks. Margir eru kristinnar trúar en það fer eftir fólkinu sjálfu hvort það tekur þátt í jólahátíðinni eða ekki. Til dæmis eru margir frá Póllandi kaþólskir og eins fólk frá Filippseyjum og taka gjarnan þátt í messu á jólum hjá sinni kirkju og halda síðan jólahátíð eftir sinni hefð frá sínu heimalandi. Margir frá Austur-Evrópu eru í rétttrúnaðarkirkjunni og jólin þeirra eru 7. janúar.“


Spurður hvort jólin séu einmanalegur tími fyrir þennan hóp segir Toshiki það líka misjafnt. „Þetta var oft sagt fyrir nokkrum árum, að jólin væru frekar einmanalegt tímabil fyrir innflytjendur þar sem þeir hafa kannski engan stað til að fara á, meðan Íslendingar fara í fjölskylduböðin. En þetta fer líka eftir því hvort viðkomandi sé nýkominn til lands-

ins eða búinn að eyða mörgum árum hérlandis.“


Toshiki segir enga messu haldna sérstaklega fyrir innflytjendur á jólum en ólíkt hinum Norðurlöndunum hefur innflytjendasöfnuður ekki mótast sérstaklega hér á landi. Þó verður messað á ensku í Hallgrímskirkju 28. desember og í framtíðinni gæti orðið meira um guðsþjónustur á erlendum tungumálum en óskum um það hefur fjölgað. Spurður hvort það geti tengst ástandinu í þjóðfélaginu í dag vill Toshiki ekki fullyrða um.

„En eftir því sem ég heyrir frá Hjálparstarfi kirkjunnar jókst fjöldi umsókna um jólaaðstoð mjög mikið og þar á meðal eru margir útlendingar. Mér finnst jólin mikilvæg hátíð fyrir kristið fólk. En einnig eru jólin þýðingarmikil menningarleg hátíð fyrir alla landsmenn. Því langar mig að hvetja innflytjendur sem eru ekki í kristinni trú að taka þátt í jólahaldi á sinn hátt. Fjölbreytt jól eru skemmtileg og ég óska að slíkur fjölbreytileiki eigi samleið með hefðbundnu jólahaldi.“

-rat



Toshiki Toma, prestur innflytjenda, segir innflytjendur ekki einsleitir hópur fólks. Jólahald sé því eins fjölbreytt og fólkið er margt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



„En umfram allt eru jólin tími umhyggju um eigin dýpstu þarfir, um náungann og þau sem með einum eða öðrum hætti fara hálloka í lífinu,“ segir Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, meðal annars í jólahugvekkju sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Ljós og andi jólanna

Jólahugvekkja Karls Sigurbjörnssonar biskups Íslands.

Ég kom á dögunum í Borgartún í Reykjavík þar sem jólaúthlutun Hjálparstarfs kirkjunnar, Mæðrastyrksnefndar og Rauða kross Íslands stóð yfir. Fjöldi sjálfboðaliða var þar á þönum við að fylla á poka og aðstoða fólk sem þurfti á aðstoð að halda fyrir þessi jól.

Hjálparumsóknir frá 2.300 fjölskyldum höfðu þá borist, fleiri en nokkru sinni og enn var að bættast við. Það var í senn dapurlegt og ánægjulegt að verða vitni að þessu. Og það gaf von. Dapurlegt er að vita af öllum þeim fjölda fólks sem neyðist til að leita sér hjálpar. Ekki síst að sjá unga foreldra með lítil börn, og skynja þá neyð sem að baki býr. En gleðilegt að vita til að hægt er að koma til móts við þá neyð vegna svo ótrúlegrar velvildar og örlætis

einstaklinga og fyrirtækja. Sjálfboðaliðarnir eru úr ýmsum áttum og á ýmsum aldri, unglingar úr æskulýðsstarfi kirkjunnar þar á meðal, og starfsfólk Símans og Straums sem fékk fri til að taka þátt í úthlutuninni. Það var mikið að gera, ys og erill, en ánægja og þakklaeti í ásjónum fólksins. Jóla-gleði er gleði gjafmildinnar, umhyggjunnar, kærleikans, sem lýkur upp hliðum vonarinnar um tíð og tíma þar sem þeir þættir fá að ráða í mannlífínu.

Fyrir ýmsum eru jólin tími streitu og spennu, öðrum eru þau tími einsemdar og sorgar. Afar mörgum eru þau tími eyðslu og neyslu. En umfram allt eru jólin tími umhyggju um eigin dýpstu þarfir, um náungann og þau sem með einum eða öðrum hætti fara hálloka í lífinu. Jólin hræra við innstu hjartastrengjum með löngun eftir friði, gleði og góðvild. Sál

og andi sér og skynjar þar ótal tákn hins góða og fagra, vonar og gleði þar sem fólk er að leitast við að gera öðrum gott, gleðja, styðja, líkna, hjálpa. Þess vegna eru jólin engu lík. Það er engin tilviljun. Það er vegna jólabarnsins, barnsins í jötunni, frelsarans Jesú Krists.

Öll finnum við undrun og lotningu er við lítum nýfætt barn. Jólamyndin af barninu í jötunni snertir við þann streng í sálu okkar. Og er hann ómar þá er vitund okkar beint til þess sem er handan við það sem augun sjá og sálin skynjar, það er Guð sem gefur allt sem er gott og fagurt. Hann er að lækna þennan heim og lífið allt. Leyfðu orði hans að snerta þig og ljósi hans anda að leiða og blessa þig.

Gleðileg jól,
Karl Sigurbjörnsson
biskup Íslands

Vildi gera eitthvert gagn

Sigurbjörn Svavarsson er einn þeirra eldhuga sem hafa sinnt sjálfboðastarfi í aðdraganda jóla til að létta þeim lífið sem þurfa á aðstoð að halda.

„Ég var í nokkrar vikur ásamt vösku fólki að undirbúa úthlutun á matvælum og öðrum jólaglaðningi og svo síðustu daga að sinna henni,“ segir Sigurbjörn og er að lýsa samstarfsverkefni innanlandsdeildar Hjálparstofnunar kirkjunnar, Reykjavíkurdeildar Rauða krossins og Mæðrastyrksnefndar.

Hann kveðst hafa misst vinnuna sína í október og leiðst aðgerðarleysið. Því hafi hann ákveðið að bjóða sig fram í sjálfboðastarfi. „Mig langaði að gera eitthvert gagn,“ segir hann og lýsir viðfangsefnunum. „Við byrjuðum á að undirbúa húsnæðið sem við fengum lánað hjá Straumi banka. Þar þurfti að koma fyrir hillum, skipuleggja vörumóttökuna og koma upp aðstöðu svo vinnuferlið við úthlutunina gengi sem best. Síðan hefur vinnan legið í að taka á móti vörunum, koma þeim fyrir og svo sinna úthlutuninni sem hefur gengið mjög vel. Hingað kemur margt fólk og vörurnar



Sigurbjörn ásamt fleiri sjálfboðaliðum að tína til jólaglaðning í körfur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

streyma út aftur. Ég held það séu um 500 úthlutanir á dag þessa fimmta daga sem þær standa yfir.“

Vörurnar segir hann mestmegnis gjafir frá einstaklingum og fyrirtækjum. „Svo er bætt við og keypt inn í, aðallega matvara sem er fjármögguð með framlægum sem hafa borist til þessara þriggja stofnana sem nefndar voru í upphafi.“

Aðstoðina segir hann mjög vel skipulagða. Fólk sækir um hjá

einhverri stofnuninni, geti um fjölskyldustærð og fái svo úthlutunardag. „Við merkjum sendingarnar í fjölskyldustærð A B C D og þetta gengur allt snurðulaust fyrir sig,“ lýsir Sigurbjörn og er að lokum spurður hvað sé í pokunum.

„Það eru nauðsynjar í mat og drykk. Gjafir handa börnunum og bara það helsta sem fólk þarf til að halda jólin og gera sem hátíðlegast í kringum sig.“

-gun

Útgefandi: Biskupsstofa, Kjalarnesprófestsdæmi, Reykjavíkprófestsdæmi eystra og vestra
Vefsíða: www.kirkjan.is, www.kjalarpr.is, www.kirkjan.is/eystra og www.kirkjan.is/vestra
Sími: 528 4000 | Ritstjóri: Roald Eyvindsson | Ábyrgðarmaður: Steinunn A. Björnsdóttir For-
síða: Gunnar V. Andrésson | Auglýsingar: Fréttablaðið/Bjarni Þór Sigurðsson Sími: 512 5471.



Messuhald í Dómkirkjunni í Reykjavík jól og áramót

Aðfangadagur 24. desember 2008
Kl. 18 Aftansöngur sr. Anna Sigríður Pálsdóttir
prédikar sr. Hjálmar Jónsson þjónar fyrir altari.
Dómkórinn syngur,organisti er Marteinn
Friðriksson

Aðfangadagur 24. desember 2008
Kl. 15. Dönsk jólaguðsþjónusta sr. Þórhallur
Heimisson prédikar

Aðfangadagur 24. desember 2008
Kl. 23.30 Miðnæturguðsþjónusta, biskup
Íslands prédikar sr. Árni Svanur Danielsson
þjónar fyrir altari. Hamrahlíðarkórinn syngur
undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur

Jóladagur 25. desember 2008
Kl. 11 messa, sr. Hjálmar Jónsson prédikar,
Anna Sigríður Pálsdóttir þjónar fyrir altari Dóm-
kórinn syngur organisti er Marteinn Friðriksson

Annar í jólum 26. desember 2008
Kl. 11 „messa“, sr. Þorvaldur Viðisson prédikar,
Dómkórinn syngur organisti er Marteinn
Friðriksson

28. desember 2008
Kl. 11 messa sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdót-
tir prédikar, sr. Anna Sigríður Pálsdóttir þjónar
fyrir altari. Dómkórinn syngur organisti er
Marteinn Friðriksson

31. desember 2008
Kl. 18 Aftansöngur sr. Hjálmar Jónsson
prédikar, sr. Anna Sigríður Pálsdóttir þjónar
fyrir altari

1. janúar 2009
Kl. 11 Nýárs messa biskup Íslands prédikar,
Dómkirkjuprestar þjóna fyrir altari, Dómkórinn
syngur organisti er Marteinn Friðriksson

Fólatónlistarhátíð Hallgrímskirkju

30. nóvember 2008 – 3. janúar 2009



— MESSÍAS —

MESSÍAS EFTIR GEORG FRIEDRICH HÄNDEL
Hátíðartónleikar á 250 ára ártíð G.F. Händel

1. JANÚAR 2009 NÝÁRSDAGUR kl.17

3. JANÚAR 2009 laugardagur kl. 17

Fyrsti flutningur með barokkhljómsveit á Íslandi

Flytjendur:

Schola cantorum

Alþjóðlega Barokksveitin í Den Haag

Marta Guðrún Halldórsdóttir *sópran* Andrew Radley *kontratenór*

Gissur Páll Gissurarson *tenór* Alex Ashworth *bassi*

Stjórnandi: Hörður Áskelsson

Aðgangseyrir: 4900

MÍÐASALA í Hallgrímskirkju, s. 510 1000, Kirkjuhúsinu Laugavegi 31, s. 528 4200
og á list@hallgrimskirkja.is • listvinafelag.is





Arndís segir margar hjónavígslur fara fram í Lágafellskirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Starfinu fylgir gleði

„Ég hef verið kirkjuvörður í tvö ár og þykir það mjög skemmtilegt,“ segir Arndís G. Bernharðsdóttir Linn, kirkjuvörður í Lágafellssókn þar sem tvær kirkjur eru, Lágafellskirkja og Mosfellskirkja.

„Reyndar er ég guðfræðingur og var að læra guðfræði þegar ég byrjaði að vinna hérna þannig að það er mjög spennandi að fylgjast með öllu,“ segir hún og bætir við að þar sem hún sé með framhaldspróf geti hún líka sótt um prestsembætti og hefur hug á því í framtíðinni.

„Í Lágafellskirkju fara margar hjónavígslur fram, þar sem þetta er ein af fáum, gömlum timburkirkjum og þykir mjög falleg. Á sumrin eru tvær til fjórar hjónavígslur á hverjum laugardegi,“ segir Arndís brosandí og nefnir að því fylgi mikil gleði. „Á móti kemur að kirkjan er svo lítil að í henni eru tiltölulega fáar jarðarfarir þar sem hún rúmar ekki þær stærri.“

Arndís tekur líka þátt í barnastarfinu en það fylgir ekki endilega starfi kirkjuvarðarins. „Starfið er mjög fjölbreytt og má sem dæmi nefna að nú er ég til dæmis með gúmmihanskana að skúra kirkjuna,“ segir hún og hlær. Í starfinu eru öll þrif og umhirða innifalín og er starfið að því leyti líkt starfi ráðskonu eða -manns. „Síðan þarf að huga að athöfnum og starfið felur í sér mikil samskipti. Fyrir hjónavígslur eru æfingar og í desember eru aðventutónleikar, heimsóknir skóla og svoleiðis þannig það er nóg að gera alla vikuna,“ segir Arndís. -hs

Þykir vænt um kirkjuna


Auðheyrð er á kirkjuverðinum Símoni G. Rafnssyni að hann ber sterkar taugar til kirkjunnar sinnar, Kálfatjarnarkirkju.

Kálfatjarnarkirkja blasir við ofan af Reykjanesbraut þegar keyrt er til Reykjavíkur frá Keflavík eftir að rökkva tekur. „Þar er hún flóðlýst. Ef keyrður er gamli vegurinn til Keflavíkur hjá skilti sem á stendur Vatnsleysuströnd þá er Kálfatjarnarkirkja í leiðinni,“ segir Símon Georg Rafnsson, kirkjuvörður Kálfatjarnarkirkju.

Símon hefur gegnt starfi kirkjuvarðar formlega í tvö ár en hefur þó verið viðloðandi kirkjuna mun lengur. „Það er nú þannig í þessu litla samfélagi okkar að þar gera allir allt sem gera þarf, þó svo ég eigi að heita kirkjuvörður. Ég er líka formaður sóknarnefndar og er búinn að vera það í að mig minnir í ellefu ár og síðan er ég meðhjálpari,“ útskýrir hann hógvæð.

Um 1.300 manns eru í sókninni og að sögn Símonar er mikið um brúðkaup. „Kirkjan hefur verið vinsæl giftingakirkja,“ segir hann og viðurkennir að hann viti vel hvers vegna það sé. „Fólki þykir hún svo falleg, og ég er ekki bara að segja það af því mér þykir hún falleg, heldur er það tilfellið.“ Dæmi eru um að fólk komi langt að til að fara með hjúskaparheimin. „Einu sinni voru systur sem komu alla leið frá Flateyri og þær giftust bræðrum frá Sauðárkróki í kirkjunni vegna þess að hún var sambland af sveitakirkju og sjávar- sem og falleg á að líta,“ segir Símon stoltur.

Hann segir sitt starf fólgið í að gæta þess að kirkjan sé í nothæfu ástandi. Hann bætir við að töluverður munur sé á að starfa í lítilli sókn samanborið við stóra. „Fólk kannast við hvort annað og



Símon hefur lengi verið viðloðandi Kálfatjarnarkirkju en gegnir þar nú starfi kirkjuvarðar og segist í raun bara gera það sem gera þarf. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

nálægðin verður mun meiri þegar samfélagið er minna um sig. Þetta verður allt svo persónulegt.“

Símoni þykir góður kirkjuvörður þurfa að vera greiðvirkinn. „Ég fer oft og sýni kirkjuna og segi sögu hennar. Það þýðir ekkert fyrir einhvern durt að vera í þessu,“ segir hann kíminn og bætir við: „Verkstjórnin hefur líka mikið að segja í þessu samhengi, að hann sé skemmtilegur og þægilegur í viðmóti og það er svo sannarlega raunin í dag,“ segir hann og er

þá að tala um prestinn, séra Báru Friðriksdóttur.

„Sóknarnefndin er samhent og þar er ekki bara talað í þungum alvrotóni heldur fljúga skeytin létt, fram og til baka,“ segir hann og hlær. „Einnig vil ég minnast á kórinn sem stjórnad er af Frank Herlufsen en kórinn er 64 ára á árinu og vinnur ómetanlegt starf. Enn eru tveir af stofnendum kórsins að syngja í honum,“ segir Símon sem litur á suma kórfélaga sem hluta af kirkjunni. -hs



Jól og áramót í Hallgrímskirkju

Aðfangadagur. Aftansöngur kl. 18.00. Hjómskála kvintettinn og Hörður Áskelsson kantor leika jólalög frá kl. 17.00. Mótettukórinn, sr. Jón Dalbú

Miðnæturguðsþjónusta kl. 23.30. Hörður Áskelsson leikur jólalög frá kl. 23.00. Schola cantorum, sr. Birgir Ásgeirsson

Jóladagur. Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.00. Mótettukórinn, Hörður Áskelsson, sr. Birgir Ásgeirsson

Annar í jólum: Fjölskylduguðsþjónusta á jólum. Drengjakór Reykjavíkur í Hallgrímskirkju, Friðrik S. Kristinsson stjórnar, Hörður Áskelsson, sr. Jón Dalbú.

Sunnudagur milli jóla og nýárs. Messa kl. 11.00. Forsöngvari: Sólbjörg Björnsdóttir, Björn Steinar Sólbergsson organisti, sr. María Ágústsdóttir.

Ensk messa kl. 14.00 í umsjá sr. Bjarna Pórs Bjarnasonar.

Gamlársdagur. Hátíðahljómar kl. 17.00, tveir trompetar og orgel: Ásgeir H. Steingrímsson, Eiríkur Örn Pálsson og Björn Steinar Sólbergsson

Aftansöngur kl. 18.00. Mótettukórinn, Björn Steinar Sólbergsson, Ian Wilson blokkflautuleikari, sr. Birgir Ásgeirsson, sr. Jón Dalbú.

Nýársdagur. Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.00. Bernharður Guðmundsson prædika, Mótettukórinn, Björn Steinar Sólbergsson. Sr. Jón Dalbú. Hátíðatónleikar kl. 17.00. Messias eftir G.F. Handel. Schola cantorum, Alþjóðlega barokksveitin í Den Haag. Stjórnandi Hörður Áskelsson. Tónleikarnir verða endurteknir laugardaginn 3. jan. kl. 17.00

Sunnudagur milli nýárs og þrettánda. Messa kl. 11.00. í umsjá Birgis Ásgeirssonar.

Falleg framkoma mikilvæg

Ástbjörn Egilsson er kirkjuhaldari Dómkirkjunnar og hefur gegnt því starfi í áratug. „Þetta eru tíundu jólin mín hérna og líkar mér vel,“ segir hann og brosir. „Þetta hefur verið ósköp svipað í gegnum árin þótt vissulega vaxi hver með sínu starfi og hver hefur sitt lag á að vinna þetta starf. Við hér í Dómkirkjunni leggjum áherslu á að taka vel á móti öllum. Er það mjög mikilvægt enda fáum við mikið af gestum alls staðar að.“

„Starfið er sambland af starfi framkvæmdastjóra og kirkjuvarðar, þannig að það er mjög fjölbreytt.“ Að sögn Ástbjörnar er hluti starfsins meðal annars fólgin í því að kirkjan sé tilbúin til allra athafna, í samstarfi við annað starfsfólk. „Síðan er ég aðra hvora helgi við kirkjuvörslu og sem meðhjálpari. Svo sé ég um alla aðdrætti sem fylgja umsjónarrekstri,“ segir hann og viðurkennir að oft sé mikið umstang í kringum hlutina. „Þetta kemur oft í köstum, útfarir og annað, og um jól og páska er mikið um að vera eins og vera ber.“

Dómkirkjunni fylgja tvö hús, safnaðarheimili í Lækjargötu og skrifstofur. „Þessum tveimur húsum þarf að sinna og við hjálpmumst að við það í sameiningu. Síðan eru ýmsar athafnir fyrir utan þessar föstu messur. Má þar



Ástbjörn segir starf kirkjuhaldarans vera afar gefandi. Miklu máli skipti að hafa góða framkomu og vera góður mannþekjari. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTÓN

nefna hjónavígslur, skírni, jarðarfarir og heimsóknir sem þarf að undirbúa,“ segir Ástbjörn. Auk þess eiga sér margar opinberar athafnir stað í Dómkirkjunni. Má þar nefna þingsetningar og vígslur presta og djákna. „Oft eru þetta mannmargar athafnir, sem krefjast stundum meiri undirbúnings. Maður þarf því að vera vel að sér í hefðum og kirkjusíðum en prestarnir uppfræða um það og síðan kemur þetta með tímanum,“ segir Ástbjörn.

Vinnudagurinn getur að sögn Ástbjörnar verið langur og tekur hann sem dæmi taka aðfangadag. „Þá er ég kominn klukkan tvö í

kirkjuna og fer heim um eittleytið um nóttina, en skýst að vísu heim og borða,“ segir Ástbjörn glaðvæg og telur það ekkert eftir sér, enda ánægður með starfið sem er líflegt og felur í sér samskipti við fólk bæði í sorg og gleði. Starfið er því mjög gefandi en mikilvægt er að hafa góða og hlýja framkomu og vera fús að vinna með og leiðbeina fólki,“ segir hann ákveðinn og bætir við að margar hendur leggi hönd á plóginn. „Allt miðar í þá átt að þjóna þeim sem við vinnum fyrir, hvort sem það er fólk eða Guð, og við erum þess meðvituð að við erum líka að vinna í hans umboði hér í þessu góða samfélagi.“ -hs

KIRKJUR ÍSLANDS

hentugar handbækur til gjafa



TVÖ NÝ BINDI UM KIRKJUR ÍSLANDS

Í metnaðarfullri ritröð um KIRKJUR ÍSLANDS eru friðaðar kirkjur landsins skoðaðar út frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfræði og þjóðminjavörslu. Á lipru máli og með glæsilegu myndefni er fjallað um kirkjurnar sjálfar ásamt kirkjugripum og minningarmörkum.

Kirkjunum sjálfum er lýst, hverjir teiknuðu, smíðuðu og skreyttu þær. Birtar eru frumteikningar, uppmælingar-teikningar og ljósmyndir. Þá er minningarmörkum og kirkjumunum lýst, gerð grein fyrir tilurð þeirra og sagt frá þeim sem unnu þá.

Ritröðin um hinar friðuðu kirkjur opnar þér sýn inn í mikilvægan þátt í menningarsögu okkar heima í héraði, því kirkjan hefur ekki aðeins verið musteri trúar, heldur einnig sýnileg tákmynd þess besta í byggingar- og

listasögu þjóðarinnar á hverjum tíma, eins og alþekkt er úr menningar- og listasögu annarra Evrópuþjóða.

Af 26 fyrirhuguðum bindum eru komin út 10 bindi um friðaðar kirkjur í **Árnesprófastsdæmi**, **Skagafjarðar-**, **Húnavatns-** og **Eyjafjarðarprófastsdæmi**. Nú er röðin komin að 11. og 12. bindi, **Kjalarnessprófastsdæmi**.

Þetta eru vandaðar, ríkulega myndskreyttar listaverka-bækur sem hjálpa þér við að njóta gersema íslenskrar þjóðmenningar.

*Ritstjórar: Þorsteinn Gunnarsson og Jón Torfason.
Ritnefnd: Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður,
Herra Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands og Þorsteinn
Gunnarsson formaður Húsafríðunarnefndar.*

*Þjóðminjasafn Íslands, Húsafríðunarnefnd og Biskupsstofa
Hið íslenska bókmenntafélag*

Stund fyrir óþreyju- fullar litlar sálir

Undanfarin ár hefur verið boðið upp á barnastundir í þó nokkrum kirkjum landsins. Barnastundir eru sérstaklega ætlaðar óþreyjufullum litlum sálum á aðfangadag. Í Grafarvogskirkju hefst barnastundin Beðið eftir jólum klukkan 15.

„Við munum syngja, kveikja á aðventukertunum, segja sögur og gefa krökkunum glaðning,“ upplýsir Gunnar Einar Steingrímsson, æskulýðsfulltrúi kirkjunnar, en hann segir barnastundirnar vel sóttar. „Biðin eftir því að klukkan slái sex getur verið börnum erfið og er markmiðið að reyna að stytta þeim stundir.“

Gunnar segir að í sumum tilfellum komi öll fjölskyldan þrúðbúin með börnunum en stundum séu það afinn og amman sem fylgi þeim á meðan foreldrarir geri klárt á heimilinu. „Sumir láta þessa stund í kirkjunni duga og hlusta svo á útvarpsmessuna en einhverjir koma þó aftur í messu.“ Gunnar segir sífellt fleiri kirkjur bjóða upp á stundir sem þessar og að þær hafi mælst vel fyrir.

„Fyrir tveimur árum byrjuðum við svo með sams konar stund á gamlársdag en þá kveikjum við á blysum og syngjum áramótalög. Sú stund hefst einnig klukkan 15.“

-ve



Barnastundin Beðið eftir jólum hefst í Grafarvogskirkju klukkan 15 en sams konar stundir eru haldnar víða um land.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

● BARNASTUNDIR Á AÐFANGADAG:

- Keflavíkurkirkja:** Barnastund klukkan 16.
- Landakirkja, Vestmannaeyjum:** Barna- og fjölskylduguðsþjónusta klukkan 14.
- Lágafellskirkja:** Helgistund fyrir börn klukkan 13.
- Grafarvogskirkja:** Beðið eftir jólum klukkan 16.
- Guðríðarkirkja:** Jólábarnastund klukkan 15.
- Lindakirkja:** Jólástund fjölskyldunnar klukkan 16.
- Hjallakirkja:** Jólástund fjölskyldunnar klukkan 16.
- Grensásáskirkja:** Jólástund barnanna klukkan 16.
- Háteigskirkja:** Jólásöngvar barnanna klukkan 16.
- Laugarneskirkja:** Fjölskyldusamvera klukkan 16.



Elín Elísabet Jóhannsdóttir segir gott að minna sig á að minningar barna mótast ekki endilega af gjöfunum undir trénu. Kristmundur Sörli Kristmundsson sonur hennar er hjartanlega sammála því.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Samveran er dýrmætust

Jólstressið er algengur fylgiskur aðventunnar. Stressið gerir þó engum gott og allra síst börnunum.

Engum dylst að jólin verða með öðru sniði á flestum heimilum þetta árið. Mörgum getur þó reynst erfitt að snúa við blaðinu í neyslunni, sérstaklega gagnvart börnunum. Elín Elísabet Jóhannsdóttir, rithöfundur, kennari og fræðslufulltrúi á Biskupsstofu, segir að undanfarin ár hafi í raun verið jól alla daga og frekar bætt í neysluna yfir hátíðarnar.

„Nú er önnur staða uppi hjá mörgum og þá veit fólk jafnvel ekki hvernig skuli bregðast við gagnvart börnunum sínum sem eru von að fá mikið,“ segir Elín Elísabet. „Margir munu eiga mjög

erfitt með að draga úr, jafnvel þó fólk viti að ekki er raunsætt að halda uppi sama dampi og áður. Þeir fullorðnu fá samviskubit og þá er erfitt að snúa við blaðinu.“

Elín segir mikilvægt að líta jákvæðum augum á stöðuna og í raun sé um tækifæri að ræða til að koma viðmiðum barnanna í eðlilegt horf og lækka gjafastuðulinn. Nú skipti máli að finna nýjan takt og ef rétt er haldið á spöðunum gætu þetta orðið eftirminnilegustu jól barnanna.

„Samverustundirnar eru langdýrmætasta gjöfin og við erum að móta minningar barnanna. Hvort verður það sem þau koma til með að minnast, þegar þau líta til baka, stóri pakkinn undir trénu eða samverustundirnar?“

Foreldrar vilja síst valda börnunum vonbrigðum en Elín segir mikilvægt að þeir veigri

sér ekki við að útskýra hlutina fyrir þeim. Þau leyni á sér og séu skynsemisverur í eðli sínu jafnvel þó þau eigi það til að vera frekjudósir af og til.

„Það er vel hægt að útskýra og sætta börn við hlutina. Börn vilja alltaf meiri tíma með foreldrum sínum svo við skulum horfa á hvað við getum gert í staðinn fyrir neysluna. Ég man að þegar ég var barn var stundum rafmagnslaust um jólin. Okkur systkinunum fannst það frábært því þá slokknaði á sjónvarpinu og ekkert var hægt að gera nema taka upp lúðíð og spila saman.“

Á heimasíðunni www.kirkjan.is má finna jóladagatal kirkjunnar og þar má finna góðverkadagatal, sögur, fönður og leiki sem fjölskyldan getur gert farið í á jólum. Þótt aðfangadagur sé í dag eru gluggarnir allir opnir enn. -rat

Nauðsynlegt að komast út og hitta aðrar mæður

Í Landakirkju í Vestmannaeyjum fer fram blómlegt starf á foreldramorgnum. Umsjónarmaður þeirra er Gíslína Dögg Bjarkadóttir, textíl- og fatahönnuður. „Við hittumst einu sinni í viku á fimmtudagsmorgnum,“ segir Gíslína en starfið er ætlað fyrir foreldra sem eiga von á barni eða eru nýbúinir að eignast barn.

„Þarna geta þeir hist og átt góða samveru,“ segir hún en ávallt er kaffi í boði og eitthvað með því. „Einu sinni í mánuði erum við svo með Pálínuboð sem enda á því að líkjast fermingarveislum,“ segir hún hlæjandi. „Þá skiptumst við á uppskriftum og smökkum hver

hjá annarri,“ segir hún en enn hefur enginn faðir látið sjá sig á foreldramorgnum. Konurnar á mömmumorgnum í Landakirkju halda meira að segja út eigin Facebook-síðu þar sem þær skiptast á uppskriftum.

Fjöldi mæðra á fundunum er misjafn en yfirleitt mæta átta til tólf konur en stundum allt upp í sautján, auk þess fylgir hverri konu eitt eða fleiri börn.

„Mömmurnar eru mjög duglegar að mæta hérna í Vestmannaeyjum, þetta eru frábærar konur og rosa gaman hjá okkur,“ segir Gíslína, sem reynir yfirleitt að skipuleggja eitthvað á fimmtu-

dagsmorgnum. „Ég fékk til dæmis konu af bókasafninu til að vera með bókakynningu um daginn og svo kom kona til að kynna fyrir okkur brjóstsykursgerð. Þá hafa verið snyrtikynningar og slíkt,“ upplýsir hún en segir nauðsynlegt að gefa sér líka tíma í kaffi og spjall. Þá er rætt um börnin, daginn og veginn, heima og geima.

„Það er nauðsynlegt að komast út, hitta aðrar mæður og ræða málin,“ útskýrir Gíslína, sem segir konurnar fá ráð hver hjá annarri auk þess sem þær séu duglegar að aðstoða hverja aðra.

-sg



Konurnar á mömmumorgni í Landakirkju sitja ekki auðum höndum.

Tónlistin og kórastarfið eykur veg kirkjunnar

Söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar og organisti Hallgrímskirkju, Hörður Áskelsson, er upptekinn maður í desember. Meðal annars verður hann með stórtónleika á nýársdag þar sem hann flytur Messías eftir Händel ásamt kór og hljómsveit.

Hörður Áskelsson, organisti í Hallgrímskirkju og söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar, býr meira og minna í kirkjunni um jólin. „Jólin eru einn af stórum hápunktum í starfi organistans á hverju ári,“ segir hann og finnst gleðilegt hversu mikið framboðið af tónlist hefur aukist í kirkjum á adventunni hin síðari ár.

„Ég kom til starfa í Hallgrímskirkju árið 1982 og hef starfað óslitið síðan þá. Þá var nánast ekkert um að vera á adventunni í tónlistarlífinu nema adventukvöld sem var samkoma á fyrsta sunnudag í adventu,“ lýsir Hörður en tónleikahald í kirkjum hefur farið ört vaxandi síðan þá. „Þessi jól sláum við sennilega öll okkar fyrri met,“ segir Hörður, sem er einnig kórstjóri Mótettukórsins og Schola cantorum.

Fyrir utan alla venjubundna jólatónleika kóranna og söng í öllum jólamessum ætlar Hörður að flytja stórvirkið Messías eftir Friedrich Händel á nýársdag. „Á þeim degi höfum við aldrei haldið tónleika og ég held að það séu varla dæmi þess að haldnir hafi verið tónleikar þennan dag á Íslandi,“ segir Hörður en tekur fram að nýársstónleikar séu algengir og mjög vinsælir í menningarlöndum Evrópu.

Ástæða þess að brugðið verður á þessa nýbreytni nú er að á næsta ári verður haldið upp á 250 ára ártíð Händels um allan heim. „Okkur fannst við ekki geta gert það flottar á Íslandi en að flytja sjálfan Messías, hans frægasta verk, á nýársdag,“ segir Hörður en það er Schola cantorum sem syngur ásamt fjórum einsöngvurum og átján manna hljómsveit erlendra hljóðfæraleikara spilar undir á upprunaleg hljóðfæri. Hörður tekur fram að ákvörðunin um tónleikana hafi verið tekin



Hörður Áskelsson söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar býr nánast í kirkjunni yfir hátíðarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

fyrir kreppu og vissulega sé þetta ekki áhlaupaverk að fá til liðs við sig erlenda söngvara og hljómsveit. „En við tókum slaginn,“ segir hann. Tónleikarnir verða klukkan 17 á nýársdag og endurteknir 3. janúar.

Hörður telur ótvírætt að tónlistin og kórastarfið auki veg kirkjunnar. Mikill fjöldi fólks starfar í kirkjukórnum landsins en nýlega voru teknar saman tölur um hve margt það er. „Okkur sýnist þetta vera hátt í tvö þúsund manns og þá eru ekki taldir með barnakórar og aðrir kórar sem koma fram,“ segir hann. Í Hallgrímskirkju skiptast kórar á að syngja en í sumum kirkjum syngur sami kórinn í öllum messum yfir jólin. Þetta er vissulega mikið starf og vaknar þá sú spurning hvað fólk

fái út úr þessu. „Menn fá vissulega ánægju út úr þessu. Það er mjög þakklát tilfinning að þjóna öðrum, sérstaklega á jólum þegar flestir koma til messu.“

Hörður hlakkar til að verja tíma sínum í Hallgrímskirkju um jólin. „Það hefur verið ólíft í kirkjunni síðustu mánuði vegna framkvæmda en þar hefur heill her af iðnaðarmönnum verið utan á kirkjunni með loftpressur frá morgni og fram á kvöld. En nú skellur á friður fram yfir áramót,“ segir Hörður sem eyðir jólnum á annan hátt en flestir aðrir. „Á jólanótt er ég búin að vera í tveimur messum. Þegar ég kem heim um nóttina förum við fyrst að taka upp gjafir og erum að því til fjögur hálf fimm, og það er alveg yndislegt.“

Þrjár syngjandi systur

Við hittum þær Urði, Áróru og Emilíu Bergsdætur á æfingu í Bústaðakirkju. Þar eru saman komnir allir barna- og unglíngakórar kirkjunnar og því fjöldi barna hlaupandi um í mismunandi búninum. Verið er að æfa fyrir jólamessu biskupsins.

Finnst ykkur skemmtilegt að syngja? Þær eru fljótar til svars og kinka allar kolli. „Alveg rosalega gaman,“ segir Urður, sem er elst þeirra systra, 13 ára, og syngur í kammerkórnum. Hún hefur sungið alla sína tíð og verið í næstum öllum kórnum sem standa til boða í Bústaðakirkju, barna-, stúlkna- og kammerkór.

Áróra er í miðri, tíu ára, og syngur í stúlnakórnum en Emilía litla fimm ára er eins og engill, enda syngur hún í englakór.

„Ég er líka að æfa á flautu og bjöllur,“ upplýsir Áróra og Urður segist líka hafa verið að spila á bjöllur lengi vel en í Bústaðakirkju starfar vel þekktur bjöllukór.

Emilía ætlar alltaf að vera

í kór. En eru mamma og pabbi líka að syngja? „Nei,“ segja þær og flissa. „Eða jú, pabbi syngur, hann er leikari,“ útskýrir Urður. „Þannig að þið hafið þetta frá honum,“ spyr blaðamaður. „Já,“ segja þær Urður og Áróra en litla skottið Emilía segir kokhraust: „Ekki ég.“

Urði þykir skemmtilegt að syngja íslensk rödduð lög en yngri stelpurnar eru hrifnari af jólaöggunum. „Við ætlum að syngja heims um ból, í Betlehem er barn oss fætt og Ljöss barn,“ upplýsir Urður.

Stúlkurnar búa örstutt frá kirkjunni og því stutt fyrir þær að hlaupa á æfingar. Yfir hátíðarnar eru þær mikið í kirkjunni við söng. Þó ekki á aðfangadag. „Nei, það væri ekki gaman,“ hvíslar Áróra og Urður segir þær yfirleitt bara vera heima á aðfangadag.

Emilía hlakkar mikið til jóla og spurð að því hvað hana langar í kemur í ljós að Babyborn-vagn og Dórudótt er efst á óskalistanum.

-sg



Áróra er í stúlnakórnum, Urður í kammerkórnum og Emilía litla, fimm ára, í englakórnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Björg Sigurðardóttir hefur sungið með Mótettukórnum í tíu ár. Hún hefur því sungið í ófám jólamessum um árin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hátíðlegt að syngja í messu á aðfangadag

„Það er mjög hátíðlegt að syngja á jólnum og mikil tilhlökkun sem því fylgir,“ segir Björg Sigurðardóttir, sem hefur sungið í Mótettukór Hallgrímskirkju í tíu ár. Hluti af starfi kórsins er að syngja í jólamessum í kirkjunni. „Það krefst að sjálfsgöðu skipulags og hefur áhrif á fjölskylduna sem þarf stundum að hliðra til jólamatnum,“ útskýrir hún.

Mótettukórinn er það fjölmennur að aðeins helmingur kórsins syngur í einu í jólamessum. Björg þarf því ekki að standa

vaktina alla helgidagana. „Í þetta sinn er ég bara að syngja á jóladag og gamlárskvöld,“ segir hún og er fjölskyldan glöð yfir því.

Þegar maður er með börn er voðalega gott að geta borðað klukkan sex á aðfangadagskvöld,“ segir Björg en fjölskylda hennar hefur fengið sinn skerf af jóla-söng síðastliðin tuttugu ár. „Pabbi var í kórnum í tuttugu ár og bróðir minn var líka í honum áður en hann flutti til útlanda. Þannig að mamma hefur þurft að hliðra til fyrir okkur hin.“

Björg segist stundum fá gæsa-húð þegar hún syngur á aðfangadag í troðfullri kirkju en einnig sé mjög skemmtilegt að syngja í miðnæturmessum á þeim degi. „Síðan er mun afslappað að syngja á jóladag enda mun færri í kirkjunni þá.“

Innt eftir uppáhaldsjóla lagi sem sungið er í kirkjunni nefnir Björg lagið Nóttin var sú ágæt ein og Fögur er foldin. „Svo er auðvitað hápunkturinn að syngja Heims um ból á jólnum sjálfum.“

-sg

SPURT OG SVARÐ Á WWW.TRU.IS

Sameining hátíða

ODDUR SPYR:

Af hverju eru jólin í 13 daga?

SIGURÐUR ÆGISSON SVARAR:

Dagarnir þrettán eru ekki tilkomnir vegna íslensku jólasveinanna, heldur er því ófugt farið; umrædd tala þeirra kumpána og bræðra Leppalúðasona sést fyrst í Grýlukvæði frá 18. öld.

Enginn veit nákvæmlega hvenær Jesús fæddist, því í augum kirkjunnar var lengi framan af talið ástæðulaust að halda upp á byrjun jarðnesks lífs. Hin sanna fæðingartíð er þótt vera dánardagurinn, þegar menn öðluðust eilíft líf.

En þegar tímar liðu vaknaði áhugi fyrir því að reyna að komast að þessu, og allt frá byrjun 3. aldar sjást merki þeirrar viðleitni í gömlum ritum, þrátt fyrir varnaðarorð Órigenesar kirkjuföður (2. og 3. öld), sem taldi afmælisdaga og þrjá í kringum þá vera af heiðnum rötum og þar af leiðandi ekki sæmandi hinum kristna lýð. Eru nú m.a. tilnefndir 6. janúar, 23. mars, 28. mars, 2. apríl, 9. apríl, 20. apríl, 20. maí, 17. nóvember og 25. desember. Á Nýja testamentinu sjálfu er fátt að græða hvað þetta varðar.

Í fyrstu náði 6. janúar mestri útbreiðslu en á 4. og 5. öld vikur hann fyrir 25. desember sem fæðingardagur Jesú Krists víðast hvar (ekki þó í Jerúsalem og armensku kirkjunni), líklega að stærstum hluta til vegna áhrifa frá ljósahátíð Rómverja tengdri sólvörfum að vetri, sem árið 46 f.Kr. höfðu verið ákvörðuð einmitt þann dag, og nefndist sú upp á latínu dies natalis solis invicti, en það útleiggst sem

„fæðingardagur hinnar ósigrandi sólar“.

Í kjölfarið gerði austurkirkjan 6. janúar að minningardegi skírinnar Jesú í ánni Jórdan, eins og verið hafði í Egyptalandi þegar um árið 200, og kallaði Opinberunaráttíð, en vesturkirkjan fór á hinn bóginn að minnast komu Austurlandakonunganna eða vitringanna til Betlehem. Og fleiri atburðir tengdust síðar umræddum degi, til dæmis brúðkaupið í Kana og metnun fimm þúsundanna.

Á einhverjum tímamarki undir lok fornaldar eða við upphaf miðalda var sumsé ákveðið að hin kristnu jól skyldu ná yfir þessa daga alla – og þá til að sameina hátíðirnar báðar, 25. desember og 6. janúar. Hefur mismunandi tímatal, ólíkar hefðir og annað slíkt ráðið miklu þar um. Opinberunaráttíð (epiphania) er heiti þrettándans víða, til dæmis í Englandi, Þýskalandi og í Noregi.

Af www.tru.is



Enginn veit nákvæmlega hvenær Jesús fæddist.



Þríeykið Sópranos kom fram á aðventuhátíð Íslenska söfnuðarins í Nordbergkirkju í Ósló. Eftir messuna er dansað kringum jólatréð og sungin sígild íslensk jólalög.

MYND/ARNA GRÉTARSDÓTTIR

Íslenskt bakkelsi á jólum

Íslenski söfnuðurinn í Noregi er fastheldinn á íslenskar jólahafðir og er þar mikið um dýrðir í kringum jólin, að sögn séra Örn Grétarsdóttur.

Séra Arna Grétarsdóttir hefur þjónað íslenska söfnuðinum í Noregi í eitt og hálf ár. Hún segir Íslendinga í Noregi halda sterkt í íslenskar jólahafðir og íslenskur bakari sé meira að segja fenginn til að baka messumeðlætið í Ósló.

„Við viljum halda í hefðirnar. Annars svigna veisluborðin af heimabakstri og mikið er vandað til messukaffisins. Jólball og kirkjukaffi er alltaf á eftir jólaguðspjónustunum þar sem

jólasveinninn kemur í heimsókn frá Íslandi með íslenskt jólagotteri í poka. Dansað er í kringum jólatréð og glamra ég þá á gítarinn hin sígildu íslensku jólalög.“

Aðventan hefst með aðventuhátíð í Nordbergkirkju í Ósló. Ískórinn, kór Íslendinga í Ósló og nágrenni, flytur jólalög og fengnir eru góðir gestir til að syngja.

„Í fyrra kom Eiríkur Hauksson og í ár Sópranos þríeykið. Ræðumaður var Þórhallur Guðmundsson verkfræðingur og ég sá um hugvekju og jólasögu,“ segir Arna. „Ég geri alltaf ráð fyrir börnunum í jólaguðspjónustunum og þau fá að standa upp og hreyfa sig. Þau fylgjast með þegar kveikt er á aðventukransinum og

ég er með stutta sögustund fyrir þau í upphafi guðspjónustunnar. Sunnudagaskólinn er svo á sínum stað í Ósló og Fredrikstad í desember en Sunnudagaskólinn og Íslenskuskólinn ætla að sýna helgileik í jólaguðspjónustunni í ár í Ósló, annan jólum.“

Á milli fjögur og fimm þúsund Íslendingar eru búsettir í Noregi. Arna segir kirkjusókn góða og á von á fjölda gesta í kirkjunna um jólin.

„Aðallega eru það Íslendingar búsettir í Noregi og þeirra fólk og svo auðvitað námsmenn sem sækja þjónustuna og stundum koma Norðmenn sem eru forvitnir um íslenska kirkjusíði.“

-rat

Jólapredikanir á TRÚ.IS

Trúmalavefur Þjóðkirkjunnar, www.tru.is, er stærsta predikanasafn landsins og í hverri viku bætast fleiri predikanir í safnið. Yfir jólin munu fjölmargar jólapredikanir birtast þar, þar á meðal útvarps- og sjónvarpspredikanir biskups Íslands.

Á tru.is er líka að finna safn pistla um trúna og tilveruna. Á aðventu voru settir inn fjölmargir pistlar sem fjölluðu um aðventu og jól en einnig má benda á pistla er fjalla um stöðu einstaklingsins í þeim efnahags-

þrengingum sem þjóðin gengur í gegnum núna.

Þá má finna á trúmalavefnunum spurningar og svör um ýmislegt er snertir trú, kirkju og menningu. Þar er einnig hægt að bera fram spurningu. Þar má finna nokkrar spurningar er snerta jólin og jólasíði, meðal annars um uppruna jólasveinsins, aðventukransinn, vitringana, af hverju jólin standa í 13 daga og fleira.

Loks er á www.tru.is almanak sem birtir daglega íhugunarorð, ritningarorð og bæn. Hægt er að gerast áskrifandi að daglegri bæn og ritningarlestri á vefnum.

SPURT OG SVARÐ Á WWW.TRU.IS

HVAR FINN ÉG JÓLAGUÐSPJALLIÐ? Jólaguðspjallið sem lesið er á aðfangadagskvöld er að finna í öðrum kafla Lúkasarguðspjalls í Nýja testamentinu, Lúkasarguðspjall 2:1-14. Það er frásagan af fæðingu Jesú.

Á jóladag er lesið upphaf Jóhannesarguðspjalls sem hefst á orðunum: „Í upphafi var Orðið og Orðið var hjá Guði og Orðið var Guð.“ Það er að finna í Jóhannesarguðspjalli 1:1-14.



Biblían er jafn órjúfanlegur hluti af hugarheimi okkar og dulvitundin af hugarstarfseminni. Öldum saman var Biblían eina bókin og aðrar bækur voru ýmist útlekking eða afsprengi hennar. Biblían horfir yfir öxlina á höfundi Njálu og gervallur sagnaarfur Íslendinga er samofinn Biblíunni. Áhrif hennar eru slík að jafnvel þótt maður hafi aldrei opnað hana er hún smogin manni í merg og bein. Að kannast ekki við Biblíuna er eins og að kunna ekki skil á uppruna sínum. Við það er hægt að búa, þótt hitt sé óneitanlega skemmtilegra.

Pétur Gunnarsson





Keflavíkirkja

Aðfangadagur 24. des kl. 16.

Jólin allstaðar, barna- og fjölskyldu-
stund með sunnudagaskólafræðurum.
Prestur sr. Skúli S. Ólafsson.
kl. 18 Hátíðarguðsþjónusta. Kór
Keflavíkurkirkju syngur. Organisti
Arnór Vilbergsson.
Prestur sr. Sigfús B. Ingvason.
Kl. 23.30 Nóttin var sú ágæt ein,
söngur á jólanótt. Einsöngur Jóhann
Smári Sævarsson.
Prestur sr. Skúli S. Ólafsson.

Jóladagur 25. des.

kl.14 Hátíðarguðsþjónusta. Kór
Keflavíkurkirkju syngur. Organisti
Arnór Vilbergsson. Prestur sr. Skúli
S. Ólafsson
kl. 15.15 Guðsþjónusta á Hlévangi.
Félagar úr Kór Keflavíkurkirkju syngja.
Organisti Arnór Vilbergsson. Prestur
sr. Skúli S. Ólafsson.

Sunnudagur 28. des. kl. 11.

Guðsþjónusta. Kór Keflavíkurkirkju
syngur. Organisti Arnór Vilbergsson.
Prestur sr. Skúli S. Ólafsson.

Gamlársdagur 31. des.

kl. 18. Hátíðarguðsþjónusta. Kór
Keflavíkurkirkju syngur. Organisti
Arnór Vilbergsson. Prestur sr. Sigfús
B. Ingvason.

Nýársdagur 1. jan. kl. 14.

Hátíðarguðsþjónusta. Kór
Keflavíkurkirkju syngur. Organisti
Arnór Vilbergsson. Prestur sr.
Skúli S. Ólafsson


www.keflavikurkirkja.is



REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMI EYSTRÁ

Reykjavíkurrófastsdæmi eystra minnir á fjölbreytt
helgihald í öllum kirkjum prófastsdæmisins um jól
og áramót eins og sjá má nánar á heimasíðum
hverrar kirkju.

*Þrófastsdæmið óskar
landsmönnum öllum gleðilegra jóla
og Guðs blessunar á komandi ári.*



Aðfangadagur

Kl. 16:00 Jólasingvar barnanna. Góð stund fyrir ungar og eftirvæntingarfullar sálir.
Kl. 18:00 Aftansöngur.

Jóladagur

Kl. 14:00 Hátíðarmessa og sunnudagaskóli.

Sunnudagur 28.12.

Kl. 20:00 Sálmatónleikar - Sorgin og lífið. Söngkonan Erna Blöndal flytur ásamt
hljómsveit sína eftirlætissálma um huggun og von. Jón Rafnsson leikur á bassa, Gunnar
Gunnarson á píanó og Örn Arnarson á gítar. Græðandi upplifun. Aðgangur er ókeypis.

Gamlársdagur

Kl. 18:00 Aftansöngur.

Við allar hátíðarmessurnar þjóna sóknarprestur, meðhjálpari, organisti og kór Laugar-
neskirkju.

Athugið að fyrsta helgistund safnaðarins á nýju ári er kyrrðarstund í hádegi 8. janúar
kl. 12:00. Fjölskyldumessa verður svo sunnudaginn 11.1. kl. 11:00 og kl. 20:00 þann
sama dag verður fyrsta kvöldmessa ársins.

Verið velkomin í Laugarneskirkju!



Gleðileg jól!

Aðfangadagur jóla,

24. desember:

Kl. 14. Helgistund í Kirkjugarði
Vestmannaeyja.

Kl. 18. Aftansöngur. Kór Landakirkju.

Jólanótt, 24. desember:

Kl. 23.30. Hátíðleg helgistund á
jólanótt. Kór Landakirkju.

Jóladagur 25. desember:

Kl. 14. Hátíðarguðsþjónusta. Lúðras-
veit Vestm. leikur frá 13.30

Annar dagur jóla, 26. desember:

Kl. 14. Barna- og fjölskylduguðs-
þjónusta. Litlir lærisveinar.

Kl. 15.15. Hátíðarguðsþjónusta á
Hraunbúðum. Kór Landakirkju.
Kl. 15.15. Hátíðleg helgistund á sjúk-
rahúsinu. Litlir lærisveinar.

Fjórði dagur jóla, sunnudagur 28. desember

Kl. 13. Jóláhátíð sr. Jóns Þorsteins-
sonar í Safnaðarheimilinu. Kvartettinn
Mandal o.fl. Enginn aðgansyrir.
Kl. 16. Jólátrésskemmtun í Safnaðar-
heimilinu. Enginn aðgansyrir.

Sjá nánar á www.landakirkja.is



GRAFARVOGSKIRKJA

Guðsþjónustur um jól og áramót

24. desember, aðfangadagur jóla

Bedið eftir jólanum –
Barnastund í Grafarvogskirkju kl. 15:00

Aftansöngur í Grafarvogskirkju kl. 18:00

Prestur: séra Vigfús Þór Árnason
Kór Grafarvogskirkju syngur
Einsöngur: Egill Ólafsson
Aftansöngnum verður sjónvarpað beint á
Stöð 2 og visir.is
og útvarpað á Bylgjunni.

Aftansöngur í Borgarholtsskóla

kl. 18:00

Prestur: séra Guðrún Karlsdóttir
Einsöngur: Margrét Eir

Miðnæturguðsþjónusta í

Grafarvogskirkju kl. 23:30

Prestur: séra Lena Rós Matthíasdóttir
Einsöngur: Jón Þorsteinsson og Helga
Kolbeinsdóttir

25. desember, jóladagur

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00
Prestur: séra Bjarni Þór Bjarnason
Kór Grafarvogskirkju syngur
Einsöngur: Gissur Páll Gissurarson

Hátíðarguðsþjónusta á

Hjúkrunarheimilinu Eir kl. 15:30

Prestur: séra Vigfús Þór Árnason
Kór Grafarvogskirkju syngur
Einsöngur: Gissur Páll Gissurarson

26. desember, annar í jólum

Jólastund barnanna – skírnarstund kl. 14:00
Prestur: séra Lena Rós Matthíasdóttir
Unglingakór og barnakórar kirkjunnar
syngja

Kórstjórar: Hákon Leifsson, Oddný J.
Þorsteinsdóttir, Guðlaugur Viktorsson
og Arnhildur Valgarðsdóttir

Langholtskirkja,

kirkja Guðbrands biskups



Aðfangadagur. Aftansöngur kl. 18.

Ólöf Kolbrún Harðardóttir syngur einsöng. Prestur sr. Arna Ýrr Sig-
urðardóttir. Kór Langholtskirkju syngur. Organisti Jón Stefánsson.

Jólanótt. Miðnæturmessa við kertaljós kl. 23.30.

Sr. Kristján Valur Ingólfsson predikar og þjónar fyrir altari ásamt sr Jóni
Helga Þórarinssyni. Margrét Bóasdóttir syngur. Organisti Lára Bryndís
Eggersdóttir.

Jóladagur. Hátíðamessa kl. 14.

Séra Árni Svanur Danielsson predikar og þjónar ásamt séra Jóni Helga
Þórarinssyni. Kór Langholtskirkju syngur. Organisti Jón Stefánsson.

Annar jóladagur. Fjölskylduguðsþjónusta kl. 14.

Gradualekór Langholtskirkju syngur. Graduale futuri og Kór Kórskóla
Langholtskirkju flytja helgileikinn 'Fæðing frelsarans' eftir Hauk Ágúst-
son. Prestur sr. Jón Helgi Þórarinsson. Organisti Jón Stefánsson.

Gamlársdagur. Aftansöngur kl. 17 (ath. klukkan fimm).

Kór Langholtskirkju syngur. Prestur sr. Jón Helgi Þórarinsson. Organisti
Jón Stefánsson.

Nýársdagur. Hátíðamessa kl. 14.

Andri Snær Magnson, rithöfundur, flytur hátíðarræðu. Eiríkur Hreinn
Helgason syngur einsöng. Prestur sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir. Kór Lang-
holtskirkju syngur. Organisti Jón Stefánsson.



Jól

í Neskirkju

24. desember – aðfangadagur
Jólastund barnanna kl. 16.00

Aftansöngur kl. 18.00
Jólasöngvar kl. 23.30

25. desember – jóladagur
Hátíðarmessa kl. 14.00

26. desember – annar í jólum
Jólaskemmtun barnstarfsins kl. 11.00

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.00

28. desember
Messa og barnastarf

31. desember - gamlársdagur
Aftansöngur kl. 18.00

1. janúar - nýársdagur
Hátíðarmessa kl. 14.00



Helgihald yfir hátíðarnar 2008

Aðfangadagur á Hrafnistu í Reykjavík
Hátíðarguðsþjónusta klukkan 16 í samkomusalnum Helgafelli. Organisti og kórstjóri Magnús Ragnarsson. Kórfelegar úr Áskirkjukórnum syngja ásamt kór Hrafnistu. Hátíðartón sr. Bjarna Þorsteinssonar syngið. Forsöngvari Júlíus Vífill Ingvarsson. Einsöng syngur Lilja Guðmundsdóttir. Sr. Svanhildur Blöndal prédikar og þjónar fyrir altari. Heimilisfólk, aðstandendur og starfsfólk boðið velkomnið.

2. dagur jóla Hrafnista Reykjavík - H- bygging
Hátíðarguðsþjónusta klukkan 14 á 1. hæð í H- byggingu á Hrafnistu í Reykjavík. Organisti Magnús Ragnarsson. Kórfelegar úr kirkjukór Áskirkju syngja. Einsöng syngur Alma Atladóttir. Sr. Svanhildur Blöndal prédikar og þjónar fyrir altari. Heimilisfólk, aðstandendur og starfsfólk boðið velkomnið.

Jóladagur á Vífilstöðum
Hátíðarguðsþjónusta klukkan 15.30 í samkomusalnum. Organisti og kórstjóri Jóhann Baldvinsson. Kórfelegar úr kirkjukór Vídalinskirkju syngja. Einsöng syngur Júlíus Vífill Ingvarsson. Sr. Svanhildur Blöndal prédikar og þjónar fyrir altari. Heimilisfólk, aðstandendur og starfsfólk boðið velkomnið.

Aðfangadagur á Hrafnistu Hafnarfirði
Hátíðarguðsþjónusta klukkan 16 í samkomusalnum. Organisti Skarphéðinn Þór Hjartarson. Kirkjukór Frikirkjunnar syngur. Séra Sigríður Kristín Helgadóttir prédikar og þjónar fyrir altari.

Gamlársdagur á Hrafnistu í Hafnarfirði
Hátíðarguðsþjónusta klukkan 16 í samkomusalnum. Organisti Skarphéðinn Þór Hjartarson. Kirkjukór Frikirkjunnar syngur. Séra Sigríður Kristín Helgadóttir prédikar og þjónar fyrir altari.



Grensaskirkja

Aðfangadagur 24. desember.
Jólastund barnanna kl. 16 í umsjá Lellu.
Aftansöngur kl. 18.
Geir Jón Þórisson syngur einsöng.
Prestur sr. Ólafur Jóhannsson.
Náttsöngur kl. 23:30
Prestur sr. Ólafur Jóhannsson

Jóladagur 25. desember.
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
Prestur sr. Guðný Hallgrímsdóttir

Annar í jólum 26. desember.
Jólaguðsþjónusta kirkju heyrnalausra kl. 14.
Prestur sr. Miyako Þórðarson.


Frekari upplýsingar á vefsíðunni:
www.kirkjan.is/grensaskirkja

Jóladagar einsemdar,

Í fangelsum landsins eiga margir um sárt að binda yfir hátíðarnar. Hreinn Hákonarson fangaprestur segir foreldra í fangelsum eiga erfiðast um jól.

„Jólin eru fyrst og fremst fjölskylduhátíð og í fangelsum verður aðskilnaður fjölskyldna hrópanði á mjög skammarlegan hátt; því í fangelsisvist felst yfirlýsing samfélagsins um vanþóknun á gjörðum fangans,“ segir séra Hreinn Hákonarsonarsonarson fangaprestur, sem predikar í fjórum guðþjónustum á aðfangadag.

„Jólahald í fangelsum er með hefðbundnum hætti. Ég verð með guðþjónustur á Sogni klukkan 14, Litla-Hrauni klukkan 16, í Hegningarhúsinu klukkan 18 og Kópavogsfangelsi klukkan 19.30. Fangar fá jólagjafir sem þeir taka upp í fyrria fallinu á aðfangadag og flestir sjá um jólamatinn sjálfir. Margir eru afbragðs kokkar og með því að elda sjálfir þurfa þeir að hugsa um hvað á að vera í matinn og vera hagsýnir, en allir fá þeir matarpeninga til að versla með í Rimlakjöri,“ segir séra Hreinn um jólahátíðina í fangelsum landsins, þar sem margir eiga mjög



Sera Hreinn Hákonarson fangaprestur messar í fjórum fangelsum á aðfangadag, ásamt því að flytja ávarp á jólasamkomu Hjálpræðishersins á aðfangadagskvöld. Hann hefur ekki notið hefðbundinna jóla við hátíðaborðið klukkan sex síðastliðin sextán ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Er gefandi í alla staði

Rósa Kristjándóttir, djákni á Landspítalanum, hefur yfirleitt í mörg horn að líta í starfi sínu því hún þjónar Landspítala við Hringbraut og tekur svo vaktir í Fossvogi, Landspítala Landakoti, Landspítala geðdeild, Barnaspítala Hringins og líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Hún slær ekki slöku við þessi jólin.

„Við erum alltaf með mikið helgihald á aðventu í formi aðventustundar, þar sem annað hvort kemur saman starfsfólk eða starfsfólk, sjúklingar og aðstandendur þeirra. Við erum þá með hugleiðingu og höfum haldið utan um þessar stundir. Þess utan er ég síðan með guðþjónustu.“

Rósa bætir við að átta starfsmenn annist helgihald á spítölunum og sjö deili með sér vöktum yfir árið. „Við skiptum deildunum á milli okkar og sömuleiðis aðventustundum eftir þeim deildum sem við þjónum. Þegar aðventu lýkur er farið inn í aðfangadag. Þar eru fimm til sex hátíðar-



Rósa er með kyrrðarstundir á fimmtudögum sem eru að hennar sögn vel sóttar. „Ég held að fólk sæki sérstaklega í andlega næringu núna.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

guðsþjónustur víða um spítalana. Á jóladag leikur svo Lúðrasveit Reykjavíkur undir í guðsþjónustu. Við komum líka á jólaball starfsmanna og opnum þá samveru. Svo eru skráðar þrjár áramótuguðsþjónustur: á Landakoti, Grensási og í Fossvogi.“

Af ofansögðu má ljóst vera að Rósa hefur í nógu að snúast um jólin sem endranær. „Já, hér er sko unnið dag og nótt. En ég er hjúkrunarfræðingur og hef vanist því að vinna alla daga. En því má heldur ekki gleyma að þetta er mjög gefandi í alla staði.“

-rve

Að njóta líðandi stundar

„Á aðfangadag er hátíðarguðsþjónusta klukkan 15.30 í kapellu líknardeildarinnar. Þá er opið fyrir sjúklinga og aðstandendur og reynt að gera þetta eins hátíðarlegt og hægt er. Líka fyrir starfsfólkið. Enda snýst þetta ekki um dauðann heldur að njóta líðandi stundar,“ segir Svandís Íris Hálfðánardóttir, sérfræðingur í hjúkrun á Landspítalanum, sem hefur starfað á líknardeild spítalans yfir jólin.

Alls eru átta rúm á líknardeild og yfirleitt er þar fullt að sögn Svandísar. „Allt er gert til að koma því við að sjúklingarnir fái að fara heim í að minnsta kosti nokkra klukkutíma á aðfangadag. Margir aðstandendur koma líka á aðfanga-



Svandís, sem vinnur á líknardeild, segir mikilvægt að gera gleðinni hærra undir höfði á líknardeild um jólin þótt sorgin sé undirliggjandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

dagskvöld, sumir með mat að heiman til borða með sínum nánustu. Engin ein leið er til að fara í gegnum jólin. Hver og einn verður að finna hvað gefur stundinni gildi, en við reynum að stuðla að því að stundirnar verði innihaldsríkar með því að mæta þörfum sjúklinga og aðstandenda. Þetta er ómetanlegt fyrir aðstandendur, einkum þegar fram í sækir.“

Svandís bætir við að sorgin sé óhjákvæmileg um jólin. „Ég heyrði eitt sinn að í lífinu væri sorgin 30 prósent, gleðin 30 og hitt undir manni sjálfum komið. Galdurinn er að gera gleðinni hærra undir höfði þótt sorgin sé undirliggjandi. Þetta snýst um að gera tímann hér og nú mikilvægan.“

-rve

trega og sárs söknuðar

um sárt að binda á helgasta kvöldi ársins.

„Fangar fá engar heimsóknir til sín á aðfangadag en geta verið í símasambandi við sína nánustu. Jólin eru þeim ætíð erfiður tími en þeir reyna og tekst oft að halda jólaskapinu, þótt það sé blandið söknuði yfir því að geta ekki verið í faðmi fjölskyldu sinnar. Þeir skreyta fangaklefa, reyna að slá á létta strengi og sýna sínar bestu hliðar,“ segir séra Hreinn og bætir við að fangar fái líka jólagjafir frá Fanga- hjálpinni Vernd og Hjálpæðishernum.

„Þeir sem eiga börn fá jólagjafir handa þeim í gegnum verkefnið Englatréd sem á aðventu stendur í Grensáskirkju, en á því hanga miðar með nöfnum barna sem eiga foreldra í fangelsi. Þá finnur safnaðarfólk jólagjöf handa hverju barni, sem það leggur við tréð og ég kem til fanga sem koma þeim til barna sinna,“ segir séra Hreinn, en um jólin voru skráð 50 börn sem fangar eiga eða hafa forræði yfir og eru ekki með sínum foreldrum á jólum og það reynist þeim mjög erfitt.“

Séra Hreinn segir þá sem hafa hlotið lengsta dóma og eiga börn eiga erfiðast um hátíðarnar.

„Faðir ungra barna, sem hefur fengið sextán ára dóm, á vitaskuld mjög bág um jólin, en fjölskyldur taka yfirleitt mjög vel á þessu og aðlagast í vissum mæli.“

Hann segir meira um að vera í starfi sínu í desember en ella.

„Það er eitt og annað sem bankar upp á hjá fólk, ýmsar áhyggjur um sína nánustu, því margir eiga aldrada og sjúka foreldra sem þarf að annast, auk þess sem fyrrverandi fangar hafa samband og eru í vanda staddir. Ég held að fangar upplifi fangelsi mjög sterkt á þessum tíma og kannski sterkara en í annan tíma, því aðskilnaðurinn verður svo hrópanni.“

Séra Hreinn hefur gegnt starfi fangaprests í sextán ár. Hann segir enn ekki hafa hitt fyrir illmenni í fangelsi. „Fangar eru allir hinir bestu menn inn við beinið, en þeir breytast í illmenni undir áhrifum eiturfylla og vímuegja. Nú af hverju tíu afbrotum eru fram- in í vímu sem ræna menn ráði og rænu,“ segir séra Hreinn.

Um þessi jól verða fimm konur í fangelsi, sumar hverjar mæður, en séra Hreinn segir það horfa öðruvísi við því konur séu jafnan í nánari tengslum við börn sín og

margar hafi staðið í stímabraki við barnaverndaryfirvöld þegar þær hafi verið í óreglu.

„Ég skal ekki segja um táfjöldu í fangelsum en tel að erfiðasti tíminn allan ársins hring sé þegar búíð er að loka fólk inni eftir klukkan tíu á kvöldin og það er orðið eitt með sjálfu sér, læst inni í fangaklefa. Þá segir nú fátt af einum, og það er hið raunverulega fangelsi,“ segir séra Hreinn sem lýkur starfsdegi sínum á níunda tíma aðfangadagskvölds eftir ávarp sem formaður Verndar í jólafagnaði Hjalpræðishersins í Herkastalanum.

„Ef ég gréti yfir allir eyndinni sem ég sé væri lítið eftir í tárakirtlunum. Maður getur minna aðstoð- að fólk ef maður lamast með því og þótt maður finni til með fólk, sem mestu máli skiptir því þá getur maður hjálpað, blindar það sýn og veldur hjálparleysi ef maður gefur sér sorg og eynd annarra á vald.“

Séra Hreinn hefur ekki í sextán ár sest við hátíðaborð fjölskyldu sinnar yfir útvarpsmessunni þegar jólin hringja inn klukkan sex „Ég sakna þess, en er í það minnsta orðinn margblessaður þegar ég snæði jólamatinn undir nú,“ segir hann glaður í bragði.
-plg

Þröngt mega sáttir sitja

„Hér eru ýmsar skemmtilegar hefðir í kringum jól. Á miðri aðventu syngjum við jólalög í léttari kantinum, segjum sögur og færum okkur yfir í hátíðlegri lög seinni partinn. Þannig reynum við að syngja okkur inn í jólahátíðina og endum á Faðir vorinu.“

Svona lýsir séra Bára Friðriksdóttir, prestur í Ástjarnarsókn, helgihald í sókninni sem er sérstök fyrir þær sakir að vera án kirkjubyggingar. „Ástjarnarsókn var stofnuð árið 2001. Þá var verið að byggja upp nýtt hverfi í Hafnarfirði þar sem um 300 manns bjuggu. Ákveðið var að hafa sóknina í sama pakka og



Séra Báru finnst ánægjulegt að vinna í Ástjarnarsókn. FRETTABLAÐIÐ/VILHELM

Kálfatjarnarsókn, þar sem ekki þótti stætt á öðru en að setja þær undir eitt prestakall.“

Enn hefur sóknin ekki eignast kirkju og hefst við í bráðabirgðaaðstöðu, í tveimur fær- anlegum kennslustofum sem Hafnarfjarðarbær færði henni að gjöf. „Þetta er kapella fyrir 70 manns. Svo höfum við lítið safnaðarheimili.“

Að sögn Báru hefur fjölgað verulega í Ástjarnarsókn. Rúmlega 5.000 manns búa á svæðinu og oft komast færri að en vilja í messur. „Við vorum um 150 á aðventukvöldi; setið var í kapellunni og safnaðarheimilinu. Sumir stóðu og börn sátu á gólfinu.“

Til stóð að sóknin kæmist í eigið kirkjuhúsnæði en þeim fyrirætlunum hefur verið frestað, þar sem fjárframlög til kirkjubygginga hafa verið skörin niður vegna efnahagsástandsins. „Við sjáum ekki fram á að vera komin í hús fyrr en árið 2012. Okkar eina von er að fá stuðning einhvers staðar frá til að geta hrint verkinu af stað. Um leið myndi það skapa atvinnu fyrir fjölda manns.“ Bára lætur plássleysi þó ekki setja sig út af laginu þessi jól. „Nei, við gerum ráð fyrir að hér verði mjög hátíðlegt.“
-rve

SPURT OG SVARÐ Á WWW.TRU.IS

Nöfn vitringanna

ÁGÚSTA SPYR:

Mig langar að vita hvað vitringarnir hétu?

STEINUNN ARNÞRÚÐUR BJÖRNS- DÓTTIR SVARAR:

Sæl vertu, og takk fyrir spurninguna.

Mattheusarguðspjall greinir frá heimsókn vitringanna. Þar er reyndar ekki sagt hve margir þeir voru, en gjafirnar sem nefndar eru gull, myrra og reykelsti, hafa líklega leitt til þeirrar hefðar að tala um þrjá vitringa. Í kirkjusöggunni voru þó til tilgátur um að þeir hafi verið tólf eða jafnvel fleiri.

HVERJIR VORU ÞEIR?

Gríska orðið yfir þessa menn er magoi, eintala magos. Þeir komu úr austri og fylgdu stjörnu og því hafa þeir oft verið tengdir við prestastétt Zarahústratrúar, sem lagði stund á stjörnuspeki.

Þeir gætu hafa komið frá Persíu (Íran) eða frá Babýloníu þar sem stjörnuspeki var með miklum blóma. Fleiri kenningar eru þó til um uppruna þeirra. Ein tilgáttan er Arabía, en þar var að finna allar gjafirnar og það í ríkum mæli en Indland og fleiri lönd hafa verið nefnd.

Spurning þeirra til Heródesar „hvar er hinn nýfæddi konungur Gyðinga“ bendir til þess að vitringarnir hafi ekki verið Gyðingar sjálfir né sérlega kunnugir stjörnmálum í Ísrael á þessum dögum.

HVAÐ HÉTU ÞEIR?

Í vesturkirkjunni (sem nú nær yfir rómversk-kaþólska og mótmælendur) hafa vitringarnir



Ýmsar kenningar eru um uppruna vitringanna. Þeir gætu hafa komið frá Persíu (Íran) eða Babýloníu, svo dæmi séu tekin.

verið nefndir Kaspar, Melkíor og Baltasar. Mósaikmynd í Ravenna á Norðaustur-Ítalíu, frá um 550 e.Kr., er elsta heimild um þessi nöfn og eru þau endanlega fest í vesturkirkjunni á 12. öld. Þau eru líklega dregin af Gathaspa, Melichior og Bithisarea, sem fyrst birtast okkur í ritinu Excerpta latina barbari, frá 8. öld, en sem talið er vera þýðing á grískum texta frá því um 500.

Í austurkirkjunni, það er rétttrúnaðarkirkjum, eru mun fleiri kenningar um nöfn vitringanna. Í riti, sem talið er vera eftir Efraim hinn sýrlenska frá 4.öld, eru konungarnir einnig sagðir hafa verið þrír: Hormizdad frá Makhozdi í Persíu, Izdegerd frá Saba, og Perozad frá Shaba í austri. Og í Bók Adams og Evu, sem talið er að hafi verið rituð einhvers staðar á bilinu 3. til 7. öld, eru þeir nefndir Hor, Basantar og Kar-sundas. Fleiri nöfn eru til, þar á meðal tólf nöfn er fylgja sögu um að þeir hafi verið tólf persneskir konungar.



Söfnunarsímar: 907 2002 – aðstoð innanlands, 907 2003 – aðstoð erlendis. Gefðu framlag á framlag.is eða gjofsemgefur.is

Hjálpstarf kirkjunnar



Keith Reed organisti les við vígslu safnaðarsals Lindakirkju.

Sveitamessa

Í Lindahverfi í Kópavogi er verið að byggja kirkju og var safnaðarsalur hennar vígður við hátíðlega athöfn á aðventu. Það er mikil lyftistöng fyrir safnaðarlífið og helgihald.

Helgihald á aðfangadag verður í fokheldum kirkjuhlutanum en safnaðarsalurinn verður líka nýttur yfir hátíðarnar. Auk hefðbundins helgihalds verður sveitamessa í kántrístíl, annan jóladag klukkan 11. Þetta er í annað sinn sem slík messa er haldin í Lindasöfnuði um jól og mæltist hún vel fyrir í fyrri. Er hefðbundnu messuformi um jól fylgt en útsetning sálma er í öðrum stíl en Íslendingar eiga að venjast yfir jólin. Tónlist er í höndum Keith Reed, organista, en auk hans koma fram Kór Lindakirkju og himneska kántríhljómsveitin Hirðarnir.

Í kirkjugarðinum

Margir fara með ljós að leiði ástvina fyrir jólin eða um jólin. Hér er bænagjörð sem lesa má þegar kveikt er á kertinu.

Kertinu er komi fyrir á leiðinu og ljósið tendrað.

SIGNING

Í nafni Guðs + föður og sonar og heilags anda.
Amen

Vaktu minn Jesús, vaktu í mér vaka láttu mig eins í þér sálin vaki þá sofnar líf sé hún ætíð í þinni hlíf.

(Sb.337.v2.Hallgrímur Pétursson)

RITNINGARORÐ

Postulinn skrifar: Ef við lifum, lifum við Drottni, ef við deyjum, deyjum við Drottni. Hvort sem við þess vegna lifum eða deyjum þá erum við Drottins. (Róm.14.8)

BÆN

Einn les:
Góði Guð. Við þökkum þér fyrir ljósið sem skín í myrkrinu.

Við höfum kveikt þetta ljós í minningu (nafn).

Við þökkum þér fyrir hann/hana og biðjum þig að blessa hann/hana og varðveita í eilífu ríki þínu, þar sem ekki er myrkur og engin sorg og engir sjúkdómar og allir eru frískir og glaðir. Við þökkum þér fyrir minningarnar og fyrir kærleikann.

Gef okkur öllum börnum þínum á jörðu og á himni gleðileg jól í Jesú nafni.

Amen.

Allir fara með faðir vor.

Að því loknu signa þau yfir leiðið og halda heim, en ljósið logar á leiðinu.

Upplýsingar um messur um jól og áramót

Upplýsingar um helgihald er að finna á heimasíðum kirknanna. Yfirlit yfir söfnuði sem hafa vefsíður er að finna á www.kirkjan.is/vefir.

Yfirlit yfir kirkjur þriggja stærstu prófastsdæma landsins má finna á vefum prófastsdæmanna.

Kjalarnesprófastsdæmi, www.kjalarpr.is, nær frá Kjós að Mosfellsbæ og frá Garðabæ um Suðurnes öll. Því tilheyra einnig Vestmannaeyjar. Kjalarnesprófastsdæmi tilheyra 17 sóknir og tæplega 56 þúsund manns.

Reykjavíkurrófastsdæmi eystra, www.kirkjan.is/eystra, nær yfir ellefu sóknir í Reykjavík austan Elliðaáa og Kópavog. Það er stærsta prófastsdæmi Þjóðkirkjunnar og því tilheyra tæplega 67 þúsund manns.

Reykjavíkurrófastsdæmi vestra, www.kirkjan.is/vestra, nær yfir tíu sóknir frá Seltjarnarnesi að Elliðaá. Því tilheyra tæplega 50 þúsund manns. Þetta prófastsdæmi hefur einnig umsjón með sérþjónustu kirkjunnar og söfnuðum erlendis.



Upplýsingar um helgihald má finna á vefsíðum kirknanna.

FRÉTTABLAÐ/VILHELM



Gjafabréf Hjálparstarfs kirkjunnar

Gjöf
sem gefur

www.gjofsemgefur.is

 Hjálparstarf
kirkjunnar

**Jólatilboð**

30% afsláttur af Aqua Art fiskabúrum. Búrin koma í 3 stærðum, 20, 30 og 60 lítra. Með búrunum fylgir hreinsibúnaður, lok með ljósi, matur og bæti. Dýrgarðurinn Síðumúla 105:517-6525

HÚSNÆÐI**Húsnæði í boði****Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**

Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 38 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK.

Long term rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 38.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.

Uppl/info í s. 824 4530.

husaleiga.is

Leigjandi skráðu þig ókeypis á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Meiriháttar útsýnishæðir á besta stað í 101. Must see. Kreppuafsláttur v. ástandins. Hringdu í Björgu í síma: 865-6750.

Falleg 100 fm íbúð til leigu í 104 Rvk. Laus fljótlega. Nánar upplýsingar í síma 6990809.

FRÁBÆR MIDBÆJARÍBÚÐ! 2 herbergja 60 fm íbúð á 2. hæð í Norðurmýri. Nýuppgerð. Baðkar / svalir. Þvottavél, þurrkari og ísskápur fylgja. Laus strax. 115 þ/mán m/öllu. 6949732

Húsnæði óskast

Par með eitt barn óskar eftir 3-5 herb. íbúð í HFJ, greiðslugeta 70-90þús. Reglusemi og skilvísing greiðslum heitið. S. 615-0115

Geymsluhúsnæði**Vantar þig geymslu?**

Þú geymir í gám við geymum gáminn...
...í skemmti eða lengri tímal!



HAFNARBAKKI FLÚTINGATEKNI
Hringhellu 6 • 221 Hafnarfirði
S. 535 2550 • www.hafnarbakkir.is

Geymsla fyrir bíla, fellihýsi, hjólhýsi og tjaldvagna. Austan Selfoss. Uppl. í s. 897 1731 Ásgeir

www.buslodageymsla.is

Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

geymslur.com

Geymslur frá 3990.- kr á mán. í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

Gisting**Gista.is / S. 694 4314**

2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppbáúin rúm, Internet, ADSL TV.

ATVINNA**Atvinna óskast**

Sjálftæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

TILKYNNINGAR**Einkamál**

Símapjónusta Spjalldómur S. 908 6666, opið allan sólarhringinn.

Öll stærstu símafyrirtækin ná nú í gegn.

GLEÐILEG JÓL FRÁ TANTRA

OPIÐ Í DAG FRÁ 10:00-14:00.

Opnið miðgi - flótt. 12-20 og Svagard. 13-18
Dag í Hlíðarsmáa á samnæf. 18-19 12-18
Fiskisloð 11 s. 548 0809
Hlíðarsmáa 11 s. 587 6666
WWW.TANTRA.IS

SÍMAPJÓNUSTUR**Stefnumót**

905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (fritt, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldómur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Stefnumót.is

Nýr og vandaður vefur fyrir fólk sem vill kynna með félagsskap, venskap eða varanleg kynni í huga. Ekki rugl, engin nekt, ekkert lausláti. Vertu velkomin/n í heimsókn.

32 ára strákur

Ijóshærdur, í mjög finu formi, vill kynna karlmanni. Auglýsing hans er hjá Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8759.

Ný upptaka!

Ung kona í afar innilegum leik í söfunum sínum! Njóttu lífsins með henni í síma 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort, miklu ódýrara), upp-tökunúmer 8754.

54 ára karlmaður

vill kynna sér yngri manni. Auglýsing hans er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8344.

Kona á miðjum aldri,

blíð og góð, ágætlega stæð, búsett rétt utan Reykjavíkur, vill kynna einhleypum karlmanni sem er með allt sitt á hreinu, bæði fjárhagslega og á aðra vegu. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8904.

Gefðu vatn

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Við komum pakkanum þínum til skila

Parftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330



Pósthúsið | Suðurhrauni 1
Garðabæ | www.posthusid.is

Til sölu

MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI

Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is

**FLESHLIGHT.IS****Atvinna****Neptune ehf óskar eftir vélstjóra**

Neptune ehf óskar eftir vélstjóra á rannsóknarskip sitt. Mikill kostur ef að viðkomandi er með SSO réttindi samkvæmt ISPS staðli og góða ensku kunnáttu. Neptune EA-41 er nýuppgerð fullkomill rannsóknarskip, gert út frá Akureyri og er rúmlega 1000 brúttótonn eða rúmlega 490 brúttórúmllestir. Vélin er 1800 hestöfl.

Umsóknir og upplýsingar sendist á svanberg@hoepfner.is.

Fasteignir

HRAUNHAMAR

FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

Þökkum öllum viðskiptavinum okkar gleðilegrar hátíðar og þökkum viðskiptin á árinu.

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali

Tilkynningar

Við óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum samstarfið á árinu sem er að líða



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum farsældar á nýju ári. Þökkum viðskiptin á liðnum árum.

Starfsfólk Eignamiðlunar

EIGNAMIÐLUN
sala fasteigna í 50 ár

Síðumúla 21 · S. 588 9090 · www.eignamidlun.is
Þverholti 2 · S. 586-8080 · www.fastmos.is



Idol

IDOL STJÖRNULEIT

ÁHEYRNARPRUFUR FARA FRAM 10. JANÚAR

Þann 10. janúar fara fram á Hótel Hilton Reykjavík Nordica áheyrnarprufur fyrir Idol Stjörnuleit 2009 - aðeins þennan eina dag! Þátttakendur skulu vera orðnir 16 ára gamlir og ekki eldri en 28 ára.

Vinningshafi í Idol Stjörnuleit öðlast ekki aðeins frægð og frama heldur fær hann einnig að launum 2 milljónir króna.

Idol Stjörnuleit hefst á Stöð 2 föstudaginn 13. febrúar.

SKRÁÐU ÞIG NÚNA Á VISIR.IS



skemmtilegri



Afgreiðslutímar um jólahátíðina

Slysa og bráðamóttaka Landspítala við Hringbraut og í Fossvogi er opin allan sólarhringinn og sinnir neyðartilfellum. Aðalsímanúmer er 543 1000. Beint innval á bráðamóttöku Landspítala við Hringbraut er 543 2050 og beint innval á slyshadeild Landspítala í Fossvogi er 543 2000.

LÆKNAVAKT HEILSUGÆSLUNNAR
Vitjanasíminn 1770 er opin allan sólarhringinn. Læknavaktin er opin á aðfangadag frá klukkan 9 til 18 og opnar aftur klukkan 20.30 og verður opin til 23.

Á jóladag og annan í jólum er opið eins og venjulega frá 9 til 23.30.

NEYÐARLÍNAN
Neyðarlínan er opin allan sólarhringinn í númeri 112 og svarar fyrir slökkvilið, sjúkrahúsfreiðar og lögreglu um allt land.

RAUÐI KROSSINN
1717 er sími vinalínunnar og Rauða krossins og er svarað í því númeri hvenær sólarhrings sem er yfir hátíðarnar.

STÍGAMÓT
Stígamót eru lokað yfir hátíðarnar. Hægt er að leita til Neyðarmóttökunnar.

SÁÁ
Skrifstofur SÁÁ og Bráðamóttakan á Voggi verða lokað yfir hátíðarnar. Bent er á slyshadeild og bráðamóttöku Landspítala komi alvarleg tilfelli upp.

Göngudeild SÁÁ í VON, Efstaleiti 7 í Reykjavík verður opin:
Aðfangadag frá 9 til 12
Jóladag og 2. í jólum lokað

KVENNAATHVARFIÐ
Kvennaathvarfið er opið allan sólarhringinn yfir hátíðarnar. Síminn er 561 1205.

TANNLÆKNAPJÓNUSTA
Opið verður á stofum eftirtalinnna tannlækna yfir hátíðarnar:
Aðfangadagur Kristinn Kristinsson Síðumúla 25,

sími 553-3210
Jóladagur Ragnar Árnason Hamraborg 7, sími 554-2515
2. í jólum Anna Stefánsdóttir Núpaland 1, sími 564-6131

Sjúklingum er bent á að snúa sér til slyshadeildar sjúkrahúsanna komi upp alvarleg tilfelli utan opnunartíma.

APÓTEK

Lyf og heilsa
Aðfangadagur
Apótekið í Austurvei er opið frá 9 til 16.
Apótekið í Kringlunni er opið frá 9 til 13. Önnur apótek Lyfja og heilsu eru opin frá 9 til 12.

Öll lokað á jóladag

Annan í jólum er opið í Austurvei frá 10 til 22 en önnur apótek eru lokað nema í Keflavík er opið frá 10-14.

Lyfja
Afgreiðslustaðir Lyfju í Lág múla og á Smáratorgi verða opin á aðfangadag frá klukkan 8 til 18.

Á jóladag er opið frá klukkan 10 til 24 á Smáratorgi og 10 til 24 í Lág múla. Á annan í jólum er opið frá 8 til miðnættis. Önnur apótek fylgja hefðbundnum opnunartíma verslana nema í Keflavík er opið á jóladag frá 10 til 14.

Árbæjarapótek
Opið frá 9 til 12 á aðfangadag og lokað á jóladag og annan í jólum.

Lyfjaver Suðurlandsbraut 22
Opið á aðfangadag frá 8.30 til 12.

Lyfjaval
Opið á aðfangadag frá 10 til 12.30 og lokað á jóladag og annan í jólum.

Bílaapótekið
Opið á aðfangadag frá klukkan frá 10 til 14. Á jóladag og annan í jólum er lokað.

Apótekarinn á Akureyri
Opið á aðfangadag frá 9 til 12. Lokað á jóladag. Opið á annan í jólum frá 12 til 14.

Peir sem þurfa á lyfjum að halda geta haft samband við læknavaktina utan þjónustu apóteka ef brýna nauðsyn ber til.

STÓRMARKAÐIR

10-11
Opið á aðfangadag til klukkan 16.
Lokað á jóladag en opnað um miðnætti.

Krónan
Opið á aðfangadag frá 9 til 13 nema í Mosfellsbæ, Árbæ, Jafnaseli og Hvaleyrarholti frá 9 til 14.

Nóatún
Opið á aðfangadag frá 10 til 14.
Lokað á jóladag og annan í jólum.

SAMGÖNGUR

Strætó bs.
Aðfangadagur
Ekið á öllum leiðum samkvæmt áætlun laugardaga en akstrí lýkur um það bil klukkan 14.

Jóladagur
Lokað.

Annan í jólum
Ekið eftir áætlun sunnudaga.

Herjólfur
Aðfangadagur
Siglt frá Vestmannaeyjum klukkan 8.15 og frá Þorlákshöfn klukkan 11.

Jóladagur
Engar siglingar.

Annan í jólum
Siglt frá Vestmannaeyjum klukkan 8.15 og 16 og frá Þorlákshöfn klukkan 12 og 19.30.

Flugfélag Íslands
Aðfangadagur
Síðasta brottför frá Reykjavík er klukkan 1, það er flugvél á leið til Akureyrar.
frá Akureyri klukkan 14.10
frá Egilsstöðum klukkan 12.25
frá Vestmannaeyjum klukkan 09.05

Jóladagur:
Ekki er flogið á jóladag.

Annan í jólum:
Flogið er samkvæmt áætlun á annan í jólum.
Nánari upplýsingar á www.flugfelag.is

SÉRLEFYFISHAFAR Á BSÍ

Aðfangadagur
Hveragerði og Selfoss 8.30 og 12.30
Þorlákshöfn, Eyrarbakki, Stokkseyri og Selfoss kl. 10.
Hvolsvöllur 12.30
Laugarvatn Reykholt 8.30
Borgarnes 13.

Jóladagur
Lokað.

Annan í jólum
Ekið samkvæmt helgaráætlun.

SUNDLAUGAR

Sundlaugar í Reykjavík og nágrenni
Aðfangadagur
Í sundlaugarnar í Reykjavík verður opið frá 8 til 12.30, að frátalinni Kjalarneslaug þar sem opið er frá 10 til 12.30, í Kópavogi frá 8 til 12 og í Hafnarfirði frá 6.30 til 11 í Sundhöll, Suðurbæjarlaug frá 06.30 til 11.15 og Ásvallalaug frá 6 til 12.

Jóladagur
Lokað.

Annan í jólum
Opið í Laugardalslaug og Árbæjarlaug frá 12 til 18 og Kópavogslaug frá 10 til 16.

Sundlaug Akureyrar
Aðfangadagur
Opið frá 6.45 til 11.

Glerárlaus
Aðfangadagur
Opið frá 9 til 11



*Gledileg jól
í þadmi fjölskyldunnar*



JOE BOXER®



Okkar kær,
Þorsteinn Oddsson
bóndi frá Heiði,

lést á Dvalarheimilinu Lundi, föstudaginn 19. desember. Útförin fer fram frá Keldnakirkju á Rangárvöllum laugardaginn 3. janúar kl. 13.00.

Helga Þorsteinsdóttir
Birna Þorsteinsdóttir
Reynir Þorsteinsson

Sigurgeir Bárðarson
Rúnar Bjarnason
Jóna María Eiríksdóttir

barnabörn og langafabörn.



Þökkum auðsýnda samúð og blygubug við andlát og útför móður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu,
Guðrúnar Zakariasdóttur.

Sérstakar þakkar til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar.

F.h. barnabarna og barnabarnabarna,
Svavar Sölvason Valborg Sigurðardóttir.



Okkar ástkæri,
Björgvin Josteinson
kennari, Grandavegi 45, Reykjavík,

verður jarðsönginn frá Neskkirkju mánudaginn 29. desember kl. 13.00.

Guðrún Steingrimsdóttir

Dóra Björgvinsdóttir
Ingi Steinn Björgvinsson
Dagný Björgvinsdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
og barnabörn.

Vera Buus-Nilsen
Jóhann S. Bogason
Brjánn Ingason



Móðir okkar, tengdamóðir og amma,
Hanna M. Jóhannsdóttir
Austurbrún 6,

lést af slysförum á heimili sínu fimmtudaginn 11. desember sl. Útför hennar fór fram í kyrri 22. desember. Hún verður jarðsett með vorinu og verður það auglýst síðar.

Rósa Mikaelsdóttir
Bjarndís H. Mitchell
Hallgrímur Stefánsson
Jóhann D. Jimma
Samantha R. Jimma
Einar Jimma
Stefán M. P. Mitchell
Tristan H. Mitchell
Fannar D. Hallgrímsson



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Adolf Óskarsson
pípulagningameistari, Hrafnistu,
Hafnarfirði,

sem andaðist mánudaginn 15. desember, verður jarðsönginn frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 29. desember kl. 13.00.

Ásta Vigfúsdóttir
Hörður Adolphsson
Erla Adolphsdóttir
Hilmar Adolphsson
Adolf Adolphsson
barnabörn og langafabörn.


Nanna M. Guðmundsdóttir
Jóhann Pétur Andersen
Ólöf S. Sigurðardóttir
Júlía Henningsdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamat@frettabladid.is.

AVA GARDNER FÆDDIST PENNAN
DAG ÁRIÐ 1922

„Ég held að meginástæðan fyrir því að hjónabönd mín mistókust hafi verið að ég elskaði ávallt mikið en aldrei skynsamlega.“

Ava Gardner var bandarísk leikkona sem nokkrum sinnum var tilnefnd til Óskarsverðlauna. Hún lést árið 1990.



PETTA GERÐIST: 24. DESEMBER 1818

Heims um ból, helg eru jól

Á aðfangadag árið 1818 var frumfluttur sálmur í bænum Oberndorf í Austurríki, í nánd við Salzburg. Líklega hefur fá rennt í grun að þessi sálmur, sem á íslensku ber heitið Heims um ból í þýðingu Sveinbjarnar Egilssonar, myndi næstu tveim hundruð árin sameina fólk um jólahátíðina um allan heim.

Textann við Heims um ból samdi Joseph Mohr 1816, en hann var þá prestur í Mariapfarr, afskekktu þorpi í Austurríki. Hann varð síðan aðstoðarprestur í Oberndorf, og að morgni aðfangadags árið 1818 á hann að hafa komið að máli við Franz Gruber, sem var tónlistarkennari á staðnum, og beðið hann að semja lag við textann fyrir tvo einsöngvara, kór og gítar. Þeir fluttu svo lagið ásamt öðrum við messu í Nikulásarkirkjunni um kvöldið.



SÖNGUR Jólasálmurinn hljómar í kirkjum landsins í kvöld. FRÉTTAblaðið/ANTON

tímamót

timamat@frettabladid.is



AFMÆLISBARN Jólasagan af því hvernig Kristinn Helgi kom í heiminn á aðfangadag hefur oft verið rifjuð upp af fjölskyldunni á þessum árstíma. MYND/KATLA KIARTANSDÓTTIR

KRISTINN HELGI SCHRAM ÞJÓÐFRÆÐINGUR: DEILIR AFMÆLI SÍNU MEÐ JESÚ

NAFNIÐ ÞÓTTI TILVALIÐ

Kristinn Helgi Magnússon Schram þjóðfræðingur deilir afmæli sínu með Jesú Kristi. Þótt honum hafi alltaf fundist það eðlilegt varð hann þess snemma áskynja að mörgum þótti afmælisdagurinn skritinn enda ákveðin þættir frábrugðnar. Til dæmis var þennan dag iðulega rifjuð upp sagan af jölnum sem Kristinn Helgi kom í heiminn.

„Það fór allt úr skorðum, mamma fór á fæðingardeildina á svipuðum tíma og steikin fór í ofninn, og pabbi söng með kirkjukórnum í messu klukkan ellefu, um það leyti sem ég kom í heiminn,“ segir Kristinn Helgi, sem er yngstur marga barna.

„Fyrstu árin drakk ég í mig athyglina með trúðslátum og vitleysislegum tilsvörum og átti megnið af þökkunum undir trénu,“ segir Kristinn Helgi, sem með árunum fór að átta sig betur á merkingu jólaanna og að þau snerust

um allt annað en hann sjálfan. „Ég held ég hafi gert nokkurs konar samkomulag við þennan keppinaut minn að ég fengi að eiga fyrri part aðfangadags og hann seinni,“ segir hann glettinn en að morgni aðfangadags fékk hann afmælisgjafirnar. „Svo leit ég stórt á mig fyrri hluta dags en jólahelgin kom síðan yfir mann seinni partinn.“

Með árunum fór afmælishaldið að færast yfir á Þorláksmessu. „Þá fór ég að fá afmælisóskir og skálaði í jólaöli á miðnætti Þorláksmessu,“ segir hann og hefur enn þann háttinn á að gerast sjálfsekskur að morgni aðfangadags.

„Ég fæ morgungjöf, eða gef mér hana sjálfur ef enginn hefur haft fyrir því að hafa hana til og svo fer ég kannski í langan göngutúr,“ segir Kristinn Helgi, sem starfar sem forstöðumaður Þjóðfræðistofu á Hólmavík.

Kristinn Helgi heitir svolítið sér-

stöku nafni með tilliti til afmælisdagsins. Var hann skírður því að yfirlogðu ráði? „Ég held að ég hafi nú átt að heita öðru nafni en pabba þótti það of væmið þannig að þau dattu niður á þetta nafn, sem þótti tilvalið af því ég fæddist á þessum helga degi,“ útskýrir hann og segir að nafnið hafi ekki leitt til mikillar stríðni af hálfu jafnaldrara. „Menn sáu færi á að gera grín að Schram-nafninu miklu fyrr en að Kristni Helga,“ segir hann og minnst þess að hafa meðal annars verið kallaður skran og skrabbinn.

Kristinn Helgi fer í kirkju á jólum þegar færi gefst en annars notar hann jólin og jólaguðspjallið sem tækifæri til að hugleiða það sem máli skiptir: trú, von og kærleika. „Þetta er tíminn til að trú á kraftaverk og algeran viðsnúning frá myrkri og kulda til birtu og yls.“

solveig@frettabladid.is




Hjartkær bróðir okkar,
Ari Arason
frá Skuld, Blönduósi,

lést mánudaginn 22. desember.
Jarðarförin verður auglýst síðar.
Systkinin frá Skuld og fjölskyldur þeirra.



100 ára afmæli
Svanlaug Einarsdóttir

til heimilis að Birkimörk 8, Hveragerði, áður Fannborg 1, Kópavogi, verður 100 ára á jóladag. Svanlaug dvelur núna á Sjúkrahúsínu á Selfossi vegna lasleika. Hún vill koma bestu kveðju til allra vina og vandamanna.



STARFSFÓLK OG
STOFNENDUR BÓNUS
ÓSKA LANDSMÖNNUM ÖLLUM
GLEÐILEGRA JÓLA

LÆGSTA VÖRUVERÐ Á
ÍSLANDI Í 19 ÁR

SAMA VERÐ
UM LAND ALLT

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI AÐFANGADAG: 09.00 TIL 12.00



Gleði og friðarjól

NOKKUR ORÐ
Alma Guð-
mundsdóttir

Loks er runninn upp aðfangadagur, minn uppáhaldsdagur á árinu. Flest okkar minnumst við látinna vina eða ættingja og förum með kerti á leiði þeirra, áður en við fögnum nýju upphafi, fæðingu frelsarans. Ljúfsárar minningar fylla mann þakklæti þegar heilagleikinn færirst yfir allt klukkan 18. Við borðum góðan mat, opnum gjafir og njótum jóllanna með okkar nánustu.

Þessi jól verða samt frábrugðin þeim sem við höfum haldið undanfarin ár. Margir hafa misst vinnuna eða háar fjárhæðir á meðan aðrir standa frammi fyrir óviðráðanlegum skuldum sem enginn sér fram úr. Í kjölfarið breyttist uppskriftin að hinum „fullkomnu“ jólum sem við eigum flest. Hlutirnir eru ekki eins og við höfðum hugsað okkur og mörgum reynist erfitt, eða jafnvel ómögulegt, að láta reiði og sorg víkja fyrir þessu þakklæti sem á að einkenna jólin.




Þegar ég sat föst í langri bílaröð í gær, sem rétt svo mjakaðist áfram, hljómaði Gleði og friðarjól í útvarpinu með Pálma Gunnarssyni. Þrátt fyrir að hafa heyrt þetta lag svo ótal sinnum frá því ég var lítil, eða öllu heldur barn því ég er enn lítil, fannst mér textinn hans Magnúsar Eiríkssonar skyndilega öðlast nýtt líf. Hann varð allt í einu að áminningu um þakklætið og þessa samstöðu sem hefur sjaldan verið jafn mikilvæg og akkúrat nú. Þakklæti fyrir það sem við höfum, þrátt fyrir allt.

Mundu að þakka Guði gjafir, frelsi' og frið. Þrautir, raunir náungans víst koma okkur við. Bráðum klukkur klingja, kalla heims um ból, vonandi þær hringja flestum gleði' og friðarjól.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



BYLGJAN
989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

alla virka daga kl. 650



Áramóta annáll Markaðarins

Kemur út 30. desember

Meðal efnis í blaðinu:

- ★ Innlendir og erlendir viðskiptaannáll.
- ★ Viðskiptamaður ársins valinn og ítarlegt viðtal við hann birt í blaðinu.
- ★ Bestu og verstu viðskiptin á árinu.
- ★ Greinar frá forkólfum viðskiptalífsins. Árið gert upp og horft fram á veginn.



Auglýsendur athugið!

Tryggið ykkur auglýsingapláss í tíma. Nánari upplýsingar veitir Örn Geirsson, netfang: orn@frettabladid.is, sími: 512 5448.



FRÉTTABLAÐIÐ



Gleðileg jókajól

OG FARSÆLT NÝTT ÁR

Þökkum frábærar móttökur á árinu sem er að líða



FORLAGIÐ

JPV ÚTGÁFA / MÁL OG MENNING / IÐUNN / VAKA-HELGAFELL



Leikstjóri Mockingbird allur

Leikstjórinn Robert Mulligan er látinn, 83 ára að aldri. Ferill Mulligans nær yfir fjórtíu ára tímabil en þekkastur er hann sennilega fyrir meistaraverkið To Kill a Mockingbird. Mulligan lést úr hjartaáfalli á laugardaginn.

Myndin To Kill a Mockingbird er klassík í bandarískri kvikmyndagerð og í hávegum höfð meðal kvikmyndaunnenda. Mulligan fékk fyrir hana sína einu tilnefningu til Óskarsverðlauna en lögfræðingurinn Atticus, leikinn af Gregory Peck, var meðal annars valinn mesta hetja hvíta tjaldsins af AFI, bandarísku kvikmyndastofnunni.



LEIKSTJÓRINN LÁTINN Robert Mulligan, leikstjóri To Kill a Mockingbird, er látinn, 83 að aldri.

Ferill Mulligans var nokkuð skrykkjöttur í þau fjórutíu ár sem hann sat í leikstjórastólnum. Hans verður þó alltaf minnst fyrir að hafa gefið bók Harper Lee líf árið

1962. Síðasta mynd Mulligans var kvikmyndin The Man in the Moon frá árinu 1991 en í henni þreytti Reese Witherspoon sína frumraun í kvikmyndum sem Dani Trant.

Afslappaður Obama

Barack Obama býður þess nú að sverja hollustueið sem næsti forseti Bandaríkjanna. Eftir nær linnulausa tveggja ára kosningabaráttu reynir Obama nú að safna kröftum enda mikið verk sem býður hans eftir átta ára forsetið George W. Bush. Obama er mikill aðandi golfþróttarinnar og stundar hana nú af miklum þrótti í sumarleyfi sínu á Hawaii. Blaðamenn fylgja honum

að sjálfsögðu við hvert fótmál og engum sögum fer af hæfni forsetans á vellinum. Hann ku hins vegar vera hinn rólegasti og bauð meðal annars fjölmiðlamönnum upp á bjór. Sem þeir þáðu ekki.



GOLFARI Barack Obama er forfallinn golfari en hæfileikarnir þykja víst ekki alveg í samræmi við áhugann.



PÁLL OG MONIKA Páll Óskar og Monika koma fram á miðnæturmessu í Fríkirkjunni í kvöld.

Páll Óskar í Fríkirkjunni

„Jólin koma bara ekkert hjá mér fyrr en þetta gigg rennur upp,“ segir Páll Óskar Hjálmtýsson um sína sjöttu miðnæturmessu sem hann heldur með hörpuleikaranum Moniku í Fríkirkjunni í kvöld klukkan 23.30. Njóta þau aðstoðar kórs og strengjakvartetts á tónleikum.

„Þetta er ekki messa heldur meira svona hugvekja,“ segir Páll og hvetur fólk til að láta sjá sig enda sé aðgangur ókeypis. Séra Hjörtur Magni flytur hugvekju og Anna Sigríður flytur jólasálma ásamt kór. Allir syngja síðan saman Heims um ból í lokin áður en þeir ganga út í jólanóttina.

Nóg að gerast á annan í jólum

Á annan í jólum verður nóg um að vera í höfuðborginni, þar á meðal útgáfutónleikar og tveir jóladansleikir.

Hljómsveitirnar FM Belfast, Sprengjuhöllin, Hjaltalín og Retro Stefson ætla að leika saman á jólaballi á Nasa 26. desember. „Við viljum bara fagna jólunum,“ segir Atli Bollason, hljómborðsleikari Sprengjuhallarinnar. Hann segir að hljómsveitirnar séu líka að vissu leyti að gera upp árið í leiðinni. „Allar þessar hljómsveitir eru búnar að eiga fínt ár. Við viljum bara fagna hækkandi sól og fá fólk til þess að sletta úr klaufunum.“

Dóri DNA hefur verið fenginn til þess að vera kynnr á tónleikum. Að sögn Atla ætla Dóri að ganga undir nafninu Jóli DNA á tónleikum og vera í jólasveinabúningi. Miðar eru seldir í for-sölu á midi.is, og kosta 1.500 krónur. Það kostar hins vegar 1.800 krónur við innganginn, en viðskiptavinir Nova fá miðann á 1.000 krónur.

Á Club 101, þar sem Organ var áður til húsa, verða útgáfutónleikar hljómsveitarinnar Steed Lord. Þar verður nýútkominni plötu hljómsveitarinnar, Truth Serum, fagnað. Ásamt sveitinni munu plötusnúðarnir Danni Deluxxx og Dj Rampage koma fram. Miðar á tónleikana eru seldir á midi.is og kosta 1.000 krónur. Steed Lord eru á leið í tónleikaferðalag um Evrópu og Bandaríkin eftir áramót, og verða þetta því síðustu tónleikar sveitarinnar hér á landi í bili.



SPRENGJUHÖLLIN Kemur fram ásamt FM Belfast, Retro Stefson og Hjaltalín á jóladansleik á Nasa.



MILLJÓNAMÆRINGARNIR Halda jóladansleik sextánda árið í röð á Hótel Sögu.

Milljónamæringarnir ætla að blása til jóladansleiks á Hótel Sögu á annan í jólum. „Þetta er sextánda árið í röð sem við höldum þennan dansleik,“ segir Steingrímur Guðmundsson, Milljónamæringur. „Þetta er alltaf jafn skemmtilegt og spennandi.“ Steingrímur segir að aðalsöngvarar sveitarinnar, þeir Raggi Bjarna, Bjarni Arason og Bogomil Font, muni syngja með sveitinni, auk sérstaks leynigests. Sá er sagður



STEED LORD Verða með útgáfutónleikana sína á Club 101. Þetta verða einu tónleikar sveitarinnar á Íslandi í bili.

vera meðal annars í hljómsveitinni Hjálmu. Ekki er ólíklegt að þar sé um að ræða Sigurð Guðmundsson, sem einnig hefur sungið og spilað með Memfismaffunni. Miðaverð á dansleikinn er 2.000 krónur.

Auk þessara atburða verður Skítamóráll með tónleika á Broadway, Eurobandið á Players og Sálín hans Jóns míns á 800 Bar á Sellofossi, svo eitthvað sé nefnt.

thorunn@frettabladid.is



RAGNHEIÐUR EIRÍKSDÓTTIR Heiða og Guffi úr For a Minor Reflection hafa gefið út jólagið Kertaljós á jólanátt.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jólag um yfirdrátt

Söngkonan Heiða og Guffi, gítarleikari For a Minor Reflection, hafa gefið út jólagið Kertaljós á jólanátt. Fyrir tveimur árum sameinuðust þau um að búa til jólagag en það lá í dvala þangað til ákveðið var að taka það upp fyrir þessi jól.

Þótt lagið sé samið árið 2006 á toppi göðærisins á það vel við í dag, enda er sungið um að allir fái yfirdrátt í viðlaginu.

Heiða hefur sungið með hljómsveitunum Unun og Hellvar. Einnig hefur hún tekið þátt í undankeppnum Eurovision hér á landi. Hljómsveit Guffa, For a Minor Reflection, gaf út frumraun sína Reistu þig við, sólin er komin á loft, undir lok síðasta árs og fékk hún góðar viðtökur.

Betsson gerir góðverk

Veðmálafyrirtækið Betsson afhenti á dögum Mæðrastyrksnefnd og kaffistofu Samhjálpur ávísun upp á hundrað þúsund handa hvoru fyrir sig. Hans-Martin Nakkim, markaðsstjóri Betsson, þvertur fyrir að fyrirtækið sé með þessu að slá ryki í augu landans en gerir sér fyllilega grein fyrir því að einhverjir kunni að hafa horn í síðu gjafanna í ljósi eðli fyrirtækisins. „Við erum ekkert að hreinsa okkur af einhverri sök heldur langar einfaldlega að leggja okkar af mörkunum,“ segir Hans-Martin.

Betsson styrkir margvísleg góð málefni í öðrum löndum. Hins vegar hefur staðið nokkur stýrr um starfsemi fyrirtækisins á Íslandi og Íslensk getsþá kærði fyrirtækið fyrir auglýsingar í maí á þessu ári. Samkvæmt Íslenskum lögum má aðeins reka happdrætti hér á landi til þess að afla fjár til almannaheilla en Betsson hefur auglýst fjárhættuspil sem hægt er að stunda á vefsíðu fyrirtækisins frá árinu 2006. Betsson er starfrækt í Svíþjóð, er skráð í sænsku kauphöllina og hefur öll tilskyld leyfi samkvæmt EES. Hans-Martin er sér fyllilega meðvitaður um það hornauga sem fyrirtækið er lítið af mörgum hér á landi. „Við höfum verið að reyna að brjóta á bak aftur þá einokunarstefnu sem



GÓÐ GIÖF Aðalheiður Frantzóttir tekur við hundrað þúsund krónum frá fulltrúa Betsson, Jóranni Steinson.

ríkis um happdrætti og annað tengt því,“ útskýrir Hans-Martin sem vonast til að stjórnvöld komi til móts við óskir fyrirtækisins um að hleypa því af fullum krafti inn á þennan markað.

Hans-Martin segir að verði þeim að ósk sinni muni þeir láta enn frekar til sín taka í góðum málefni-

um. Og nefnir þar sérstaklega íþróttalið. Ekki ætti að vera vanþörf á enda hafa ansi mörg íþróttafélög þurft að horfa á eftir háum fjárhæðum þegar bankarnir hrundu. „En þessi stefna sem ríkir á Íslandi og reyndar víða kemur í veg fyrir það,“ segir Hans-Martin.

- fgg



Fagfélagið
- Stéttarfélag fagfólks
í byggingaiðnaði



JÓLABALL FAGFÉLAGSINS

+ + +

Fagfélagið óskar landsmönnum öllum gleðilegra jóla. Megi nýja árið færa ykkur gæfu og frið

Jólaball Fagfélagsins og FIT verður haldið í sal Ferðafélags Íslands í Mörkinni 6, þriðjudaginn 30. desember kl. 13-15. Dansað verður í kringum jólatréð og jólasveinarir koma í heimsókn með góðgæti handa börnunum. Verð fyrir fullorðna kr. 1000 og frítt fyrir börnin.




Borgartún 30 105 Reykjavík Skipagata 14 600 Akureyri Sími: 535-6000 Fax: 535-6020 fagfelagid@fagfelagid.is www.fagfelagid.is

LEIGÐU JÓLAMYNDINA Í SKJÁBÍÓ

YFIR
2000
TITLAR



SKJÁRBÍÓ

ÞÚ FÆRÐ SKJÁRBÍÓ EINGÖNGU Í GEGNUM SJÓNVARP SÍMANS
Í SÍMA 800-7000 EÐA Í NÆSTU VERSLUN SÍMANS



Láttu YES MAN koma hér og þínum í jólasþap, segðu já við
JÓLAGRÍNMYNDINI Í ÁR
JIM CARREY

JIM CARREY ER HREINT STÓRKOSTLEGUR Í SINNI
BESTU GRÍNMYND SÍÐAN DUMB AND DUMBER

YES MAN

Já er svarið

gleðileg bíójól

SÚPER AÐDAANDI · SÚPER STJARNAN SÚPER KAUFMÆÐIN

BOLTI

Sýnd með íslensku og ensku tali

SAMBÍÓN ALFABAKKA		SAMBÍÓN KRINGLUNNI		SAMBÍÓN KEFLAVÍK	
YES MAN	kl. 1:30 - 3:40 - 6 - 8D - 8:20 - 10:20D - 10:40	YES MAN DIGITAL	kl. 2 - 4:10 - 6:20 - 8 - 8:30 - 10:20 - 10:50	BOLT m/ísl.tali	kl. 12 - 2 - 4 - 6
YES MAN	kl. 12 - 3:40 - 6 - 8:20 - 10:40	BOLT 3-D m/ísl.tali	kl. 2 - 4	YES MAN	kl. 5:50 - 8 - 10:20
BOLTI 3-D m/ísl.tali	kl. 12(30) - 2(30) - 4(30) - 6(30)	BOLT 3-D m/Ensku.tali	kl. 6	APPALOOSA	kl. 10:20
CITY OF EMBER	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:40	CITY OF EMBER	kl. 6	ZACK AND MIRI MAKE A PORNO	kl. 8
TWILIGHT	kl. 5:50 - 8 - 10:40	MADAGASCAR 2 m/ísl.tali	kl. 2 - 4	MADAGASCAR 2 m/ísl.tali	kl. 12 - 2 - 4
MADAGASCAR 2 m/ísl.tali	kl. 12 - 2 - 4	TWILIGHT	kl. 8	BOLT m/ísl.tali	kl. 2 - 4 - 6
MADAGASCAR 2 m/Ensku.tali	kl. 6	W	kl. 10:20	YES MEN	kl. 6 - 8 - 10
BODY OF LIES	kl. 8:10 - 10:40	SAMBÍÓN SELFOS		MADAGASCAR 2 m/ísl.tali	kl. 2 - 4
HIGH SCHOOL MUSICAL 3	kl. 3:40	BOLTI m/ísl.tali	kl. 12 - 2 - 4 - 6	CITY OF EMBER	kl. 8
GEIMAPARNIR m/ísl.tali	kl. 12 - 2	YES MAN	kl. 5:50 - 8 - 10:20	TWILIGHT	kl. 10

SPARBIÓ kr. 550 á myndir merktar með appelsínugulu.
kr. 850 á digital 3D myndir, merktar með grænu

SÝNINGARTÍMARNIR GILDA 26., 27. OG 28. DESEMBER

Jackson heill heilsu

Talsmaður popparans Michaels Jackson, Dr. Thome Thome, hefur neitað orðrómi um að Michael þjáist af sjaldgæfum öndunarfærasjúkdómi og þurfi á lungnaígræðslu að halda. Sagði hann manninn bak við fregnirnar vera rithöfundinn Ian Halperin sem hafi með þeim reynt að kynna nýja ævisögu sína um Jackson sem er gerð án hans samþykkis.

„Ótrúlegar ásakanir höfundarins í garð Jacksons eru algjör uppspuni,“ sagði hann. „Varðandi yfirlýsingar hans í framtíðinni vonum við að fjölmiðlar haldi ekki áfram að láta hann nota sig. Jackson er við góða heilsu og er að leggja lokahönd á samningaviðræður við stórfyrirtæki í skemmtanaíðnaðinum og sjónvarpsstöð vegna tónleikaferðar um heiminn og framkomu í sjónvarpi.“



MICHAEL JACKSON Popparinn þjáist ekki af sjaldgæfum lungnasjúkdómi að sögn Dr. Thomes Thome.



JAMES BOND Nýjasta Bond-myndin, Quantum of Solace, hefur slegið rækilega í gegn hér á landi sem annars staðar.

Vinsælasta Bond-mynd Íslands

Alls hafa rúmlega 62 þúsund Íslendingar séð nýjstu James Bond-myndina Quantum of Solace síðan hún var frumsýnd í haust. Þar með hefur hún slegið út Die Another Day, sem kom út fyrir sex árum.

Quantum of Solace er vinsælasta Bond-myndin á Íslandi til þessa. Die Another Day hefur hingað til trónað á toppnum yfir vinsælustu Bond-myndir á Íslandi, enda var hún að hluta til tekin upp hér á landi og vakti því enn meiri áhuga Íslendinga en ella.

Alls sáu 55 þúsund manns síðustu Bond-mynd, Casino Royale, þar sem Daniel Craig spreytti sig í fyrsta sinn á hlutverki njósnara hennar hátígnar, 007.

Svo virðist sem hann hafi slegið í gegn hjá Íslendingum miðað við aðsóknartölurnar.

Jón Gunnar Geirdal hjá Senu segir að vinsældir Quantum of Solace hafi ekki komið sér á óvart eftir að hann sá myndina. „Væntingarnar til Bonds eru alltaf miklar og núna er það spurning hvort hún nær Batman og verði önnur vinsælasta mynd ársins,“ segir hann og á þar við The Dark Knight sem 69 þúsund Íslendingar hafa séð. Aðeins Mamma Mia! hefur verið vinsælli á árinu. „Hún hefur alla burði til að ná Batman,“ bætir hann við.

Sýningar á The Dark Knight eru hættar, enda er myndin komin út á DVD-mynddiski og hefur rokselst.

Quantum of Solace kemur út á mynddiski næsta vor og hefur því nægan tíma til að ná að skjóta leðurblökumanninum aftur fyrir sig í bíóhúsum landsins. freyr@frettabladid.is

Lay Low fékk gull- og platínuplöt

Tónlistarkonan Lay Low fékk afhenta gull- og platínuplöt úr verslun Skifunnar fyrir skömmu. Gullplöt fékk hún fyrir fimm þúsund eintaka sölu nýjustu plötunnar, Farewell Good Night's Sleep, sem kom út í október. Platínuplötuna fékk hún fyrir að selja framraun sína Please Don't Hate Me í tíu þúsund eintökum.

Ferill Lay Low er í þann mund að fara á flug erlendis því hún hefur samið við alþjóðlega útgáfufyrirtækið Nettwerk Music Group um útgáfu þriggja platna, auk þess sem tónleikaferð um Evrópu er fyrirhuguð á næsta ári.

HLAÐIN VERÐLAUNUM Lay Low heldur á gull- og platínuplötunum sem hún fékk fyrir frábæra sölu á tveimur plötum sínum.



GLEÐILEG JÓL! NÝTT Í BIÓ! GLEÐILEG JÓL!

AUSTRALIA
STÓRKOSTLEGT EPISKT MEISTARAVEK
EFTIR LEIKSTJÓRA MOULIN ROUGE

SKOPPA OG SKRÍTLA Í BIÓ!
Stóra smalingarvagnmynd fyrir alla fjölskylduna

INKHEART
BRÁÐSKEMMTELEG MYND ÞAR SEM HEIMUR
GALDRA OG ÆVINTÝRA LÍENAR VIÐ

THE DAY THE EARTH STOOD STILL
EKKERT GETUR UNDIRBÚÐ
DIG FYRIR

FOUR CHRISTMASSES
SEM RENUR HÉR Í JÓLASKAP

TAKEN
HÖRKUSPENNANDI MYND
ÚR SMÍÐJU LUC BESSON

QUANTUM OF SOLACE

IGOR
500 kr.

ZACK AND MIRI MAKE A PORNO

PEYKJAVIK - ROTTERDAM

SAU 5
ÞU MUNT ALDRIG TRÖA ÞVI
HVERNIG ÞETTA ENDAR!

SMÁRA BIÓ SÍMI 564 0000		REGNBOGINN SÍMI 551 9000	
AUSTRALIA D	kl. 4:30 - 8	ÓDÝRT Í BIÓ! 650 kr.	
AUSTRALIA LÚXUS D	kl. 1 - 4:30 - 8	AUSTRALIA	kl. 3 - 6:30 - 10
SKOPPA OG SKRÍTLA Í BIÓ D	kl. 1 - 2:30 - 4 - 5:30	THE DAY THE EARTH STOOD STILL	kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20
INKHEART	kl. 1 - 3:20 - 5:40	ZACK AND MIRI MAKE A PORNO	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10
THE DAY THE EARTH STOOD STILL D	kl. 8 - 10:20	QUANTUM OF SOLACE	kl. 3 - 5:30 - 8
FOUR CHRISTMASSES	kl. 1 - 4 - 6 - 8 - 10	SAU 5	kl. 10:20
IGOR	kl. 1		
QUANTUM OF SOLACE	kl. 8 - 10:30		

HÁSKOLA BIÓ SÍMI 530 1919		BORGAR BIÓ SÍMI 462 3500	
AUSTRALIA	kl. 5:30 - 9	SKOPPA OG SKRÍTLA Í BIÓ*	kl. 3:30 - 4:45
SKOPPA OG SKRÍTLA Í BIÓ	kl. 2:30 - 4	INKHEART**	kl. 6 - 8
INKHEART	kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20	AUSTRALIA	kl. 6 - 9
TAKEN	kl. 8 - 10	THE DAY THE EARTH STOOD STILL	kl. 10
THE DAY THE EARTH STOOD STILL	kl. 5:40 - 8 - 10:20	FOUR CHRISTMASSES	kl. 4
FOUR CHRISTMASSES	kl. 4 - 6		* 27. - 28. 500
REYKJAVIK-ROTTERDAM	kl. 3:20		kl. 2 - 3:30 - 4:45
			kl. 2 - 6 - 8

SÝNINGARTÍMARNIR GILDA FRÁ 26. DESEMBER - TIL OG MEÐ 30. DESEMBER

NÝTT Í BIÓ LAUGARÁSBÍÓ SÍMI: 553 2075 - bara lúxus **GLEÐILEG JÓL**

ÆVINTÝRAMYND AF BESTU GERÐ

BOLTI

TAKEN
Þrjúgöb spennumynd
V.J.V. - Topp5.is/FBL

FOUR CHRISTMASSES
S.V. - MBL.

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

BOLT 3D - Íslenskt tal	kl. 2(800 kr.), 4 og 6	L
INKHEART	kl. 2(500 kr.), 4, 6, 8 og 10	10
SKOPPA OG SKRÍTLA	kl. 2(700 kr) og 4	L
TAKEN	kl. 6, 8 og 10	16
FOUR CHRISTMASSES	kl. 8 og 10	7

LOKAÐ Á AÐFANGADAG OG JÓLADAG. SÝNINGARTÍMAR OG TILBOÐ GILDA FYRIR ANNAN Í JÓLUM.
FÆRÐ 5% ENDURGRÆTT EF ÞU BORGAR BIÓMYNDANNT MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÖNUM!
TILBOÐ Í BIÓ! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

Nýtt í bíó



NICOLE *Kidman* *HUGH* *Jackman*
AUSTRALIA

JÓLAMYNDIN 2008

**STÓRKOSTLEGT EPÍSKT MEISTARAVERK EFTIR
LEIKSTJÓRA MOULIN ROUGE**



FRUMSÝND 26. DESEMBER - GLEÐILEG JÓL



SMÁRA BÍÓ

HÁSKÓLA BÍÓ

REGNBÖGINN

BORGAR BÍÓ

FRÉTTABLAÐIÐ

TIL HAMINGJU GRINDAVÍK

Náðst hefur samkomulag við bæjaryfirvöld Grindavíkur um uppsetningu Fréttablaðskassa þannig að nú fæst Fréttablaðið á miklu fleiri stöðum.

Hægt er því að nálgast Fréttablaðið á eftirfarandi stöðum:



Fréttablaðskassar við:

Við Skipastíg
Við Vesturhóp 8
Við Austurhóp
Við Blómsturvell 2
Við Heiðarhraun / Leynisbraut
Við Suðurvör
Við Ægigötu / Túngötu
Við Austurveg 12-14
Við Hraunbraut
Við Sunnubraut

Afhent í verslun

Báran Hafnargata 6
Shell Seljabót
Nettó Víkurbraut
Sundlaugin í Grindavík
Olís Grindavík

Einnig bendum við á að hægt er að lesa Fréttablaðið sem pdf inni á visir.is

Nánari upplýsingar færð þú á www.visir.is/dreifing

Óskir þú frekari upplýsinga eða vilt koma á framfæri óskum um uppsetningu Fréttablaðskassa bendum við þér á að hafa samband við Pósthúsið á dreifing@posthusid.is eða í síma: 585-8330.



Allt sem þú þarft...

...alla daga

Tekur Íslendingur við norska gulliðinu?

Norska kvennalandsliðið í handbolta vann tvö stór gull á árinu, varð Ólympíumeistari í ágúst og Evrópumeistari í desember. Þórir Hergeirsson er aðstoðarþjálfari liðsins og hugsanlegur eftirmaður Marit Breivik.

HANDBOLT! Norðmenn eru stoltir af kvennalandsliði sínu í handbolta þessa dagana eftir að liðið vann sitt annað stóra gull á tæpum fjórum mánuðum. Íslendingar eiga þátt í velgengni liðsins því aðstoðarþjálfari liðsins er Þórir Hergeirsson sem hefur verið búsettur í Noregi síðan 1986. Hann hefur frá 2001 verið hægri hönd Marit Breivik sem hefur stýrt norska landsliðinu til sigurs í sex stórkeppnum frá því að hún tók við árið 1994.

Það leynir sér ekki að Þórir er í skýjunum með árangurinn en að baki honum liggur líka mikil vinna. „Þetta er búið að ganga mjög vel í ár og við erum búin að ná hámarksárangri með liðið,“ segir Þórir en það háði ekki liðinu að vera án lykilmanna á EM. „Við vorum án leikmanna á EM sem voru í mikilvægum hlutverkum á Ólympíuleikunum. Þrír af fjórum leikmönnum sem voru ekki með í Makedóníu eru leikmenn í heims-klassa. Þetta sýnir að við erum með töluvert mikla breidd og sýnir líka það að það er að skila sér að við erum búin að vinna með stóran hóp yfir langan tíma,“ segir Þórir.

Gríðarlegur áhugi á liðinu

Áhuginn á norska kvennalandsliðinu er gríðarlegur í Noregi. „Þetta hlýtur að vera lið ársins í Noregi og það er að minnsta kosti ekki karlalíðið í fótbolta,“ sagði Þórir í léttum tón.

„Það er geysilegur áhugi á liðinu og það voru 1,6 milljónir Norðmanna sem fylgdust með úrslitaleiknum á EM. Það er mikilvægt að liðið sé sigursælt en það skiptir líka miklu máli að það eru leikmenn í liðinu sem eru sterkir karakterar með mikla útgeislun sem ná til fólks. Þær ná til venjulegs fólks, ekki bara handboltaáhugamanna. Það hefur mikið að segja,“ segir Þórir.

Þórir er kannski í skugga Marit Breivik en hann á mikið í velgengni liðsins sem var taplaust og vann 15 af 16 leikjum sínum á ÓL og EM á þessu ári.

Skípta þjálfuninni á milli sín

„Hún ber ábyrgðina á vinnuteyminu í kringum liðið og sér um að ráðstafa því fjármagni sem liðið



GÓÐ SAMAN Þórir Hergeirsson og Marit Breivik sjást hér stjórna norska landsliðinu.

NORDICPHOTOS/AFP

fær. Það er líka hún sem ber aðalábyrgðina á árangri liðsins en hvað varðar sportið sjálft, þjálfun og stjórnun á liðinu, þá skiptum við þessu á milli okkar,“ segir Þórir.

„Við höfum sömu hugmyndir um handboltaþjálfun en við komum hvort úr sinni áttinni sem er kostur. Við höfum því ekki alltaf sömu sýn hvað varðar spilið en það gerir það að verkum að það verða góðar umræður. Það er hluti af samstarfinu að vera bæði óhrædd við að tjá okkar skoðanir og ræða málin,“ segir Þórir og þau Marit ná mjög vel saman.

„Við erum búin að vinna saman mjög lengi. Marit er búin að vera með A-liðið síðan 1994 og á sama

tíma byrjaði ég með yngri kvennalandsliðinu. Eitt af lykiltríðunum á bak við þennan árangur er að við höfum unnið þetta mikið saman og erum alltaf í miklu samstarfi við yngri landsliðin. Við fylgjum yngri landsliðunum eftir í bæði mótum og undirbúningi þannig að við kynnumst þessum stelpum snemma,“ segir Þórir sem fór í teymi með Marit í kvennalandsliðinu fyrir sjö árum.

Það hefur verið mikið fjallað um framtíð Marit í norskum fjölmiðlum en hún er ekki búin að ákveða hvort hún skrifar undir nýjan samning. „Það er eðlilegt að hún skoði sína framtíð því að samningur hennar rennur út í vor. Hún er búin að vera í þessu í

fimmtán ár og er búin að vinna það sem er hægt að vinna. Einn af hennar styrkleikum er að hún hefur alveg ótæmandi áhuga og er alltaf klár í slaginn. Hún lifir fyrir þetta, hún er barnlaus og þetta lið er eiginlega hennar barn sem er svolítið sérstakt,“ segir Þórir sem hefur verið nefndur sem eftirmaður hennar.

„Það er einn af möguleikum að ég taki við en það eru samt allt aðrir en ég sem ráða þjálfarana. Ef ætlunin er að halda áfram þessari þjálfunarhugsjón og vinna áfram eftir því skipulagi sem við höfum verið með síðustu ár þá koma ekki margir aðrir þjálfarar til greina,“ segir Þórir.

Bíður eftir ákvörðun hennar

Það er ekki von á ákvörðun fyrir en á nýju ári og Þórir heldur öllu opnu. „Ég bíð bara eftir því hvað hún ákveður og hún ætlar að nota janúar í að skoða þessi mál. Ég skoða þetta síðan bara vel þegar að því kemur. Það borgar sig ekkert að taka tilboðinu fyrirfram heldur tekur maður því þegar tilboðið kemur ef það þá kemur,“ segir Þórir.

Það er erfitt að fylgja eftir tveimur gullverðlaunum á einu ári en það leynir sér ekki að Þórir hefur mikinn áhuga á að vera áfram í kringum liðið. Fram undan eru stór og spennandi verkefni og það er mikill áhugi hjá flestum leikmönnum að vera áfram.

HM í Kína á næsta ári

„Það er HM í Kína og það eru tíu ár síðan Noregur varð heimsmeistari síðast sem var í Noregi 1999. Síðan þá erum við búin að tapa tvisvar sinnum fyrir Rússum í úrslitaleik, 2001 og 2007. Margar þeirra stelpna sem eru búnar að vera kjarinn í þessu liði lengi vantar HM-titilinn sem gerir það að verkum að þær vilja margar vera áfram með í EM og sennilega líka á Evrópumótinu sem verður í Noregi og Danmörku 2010,“ segir Þórir og það finnst örugglega flestum algjör óþarfi að brjóta upp sigursælt þjálfarateymi liðsins.

„Það er freistandi að vera með í þessu því þetta eru miklar áskoranir og spennandi verkefni. Þessar stelpur eru allar toppþrótta menn og það er mjög spennandi að fá að vinna með þeim. Svo verður bara að koma í ljós hvert hlutverk manns verður. Einn möguleikinn er að taka við þessu, annar að vera áfram í einhverju teymi og síðan er sá þriðji að fara að gera eitthvað annað,“ segir Þórir en hann viðurkennir að það er pressa á þeim að halda áfram.

„Það er mjög mikill áhugi fyrir því að við höldum áfram þannig að þetta verður bara að koma í ljós. Við ætlum að nota janúar til þess að skoða þessi mál vel og svo kemur þetta í ljós í febrúar.“

ooj@frettabladid.is



Við komum þínum til skila

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330



Pósthúsið | Suðurhrauni 1
Garðabæ | www.posthusid.is

Norðmenn nota markvörðinn sinn sem útileikmann þegar liðið er manni færri:

Hugmyndin kom frá tveimur leikmönnum í norska liðinu

HANDBOLT! Norska kvennalandsliðið hefur vakið mikla athygli fyrir það að nota markvörðinn sem útileikmann þegar einn manntakar í liðið. Markið er þá tómt á meðan en liðið er með fullskipað lið í sókninni.

Þórir Hergeirsson, aðstoðarþjálfari liðsins, segist alltaf vera opin fyrir góðum hugmyndum. „Handboltinn er ung íþrótt og við erum bara búin að sjá þínulítið af möguleikum í þessari íþrótt. Það er því um að gera að vera svolítið skapandi,“ segir Þórir.

„Við byrjuðum með þetta á Evrópumótinu í Svíþjóð árið 2006. Þetta kom út úr hugmynda-vinnu með leikmönnum þar sem við stilltum upp spurningunni: Við erum ekki með nógu góða nýtingu þegar við erum einum færri. Hvað er sniðugt að gera?“ rifjar Þórir upp.

„Þá kom þessi hugmynd frá Lunde-tvíburasystrunum um hvort við gætum ekki bara notað markvörðinn í sókninni. Þær höfðu aðeins gert þetta þínulítið í æfingaleikjum í Danmörku. Svo var þetta rætt fram og til baka og svo bara kýldum við á þetta. Þetta lukkaðist vel á EM 2006, HM í fyrra og á Ólympíuleikunum en við erum ekki að fá nógu mikið út úr þessu núna,“ segir Þórir og



KLÁR Í BÚNINGNUM Útileikmaðurinn Karoline Dyhre Breivang er hér kominn í markmannsbúninginn til að fara inn á.

NORDICPHOTOS/AFP

bætir við „Það er fyrst núna sem við höfum verið að fá á okkur mark. Þar kemur að ég held tvennt til. Andstæðingarnir eru orðnir betur vakandi fyrir þessu og eru farnir að finna svör við þessu og svo vorum við líka ekki að nota réttu leikmennina í treyjunni. Það er líka ekki sama hver er inni á vellinum þegar við gerum þetta. Við ætlum að skoða þetta og

kannski eitthvað að breyta þessu. Það er samt engin ástæða til að gefa þetta upp á bátinn,“ segir Þórir sem hefur jafnvel hugmyndir um að ganga enn lengra.

„Það er líka hægt að setja inn aukamann þegar þú ert að spila 6 á móti 6. Taka markmanninn út og spila 7 á móti 6,“ segir Þórir sem er greinilega opin fyrir nýjungum í handboltanum.

Með
íslensku
og ensku
tali

FRUMSÝND 26. DESEMBER

JOHN
TRAVOLTA

WALT DISNEY
PICTURES

MILEY
CYRUS

BOLT

HANN ER OFURHETJA, ÁN OFURHETJUKRAFTA



DISNEY DIGITAL
3DTM
Í VÖLDUM KVIKMYNDAHÚSUM

Vinningar verða afhendir hjá ELKO Lindum - Skógarlínd 2. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS Klúbb. 149 kr/skeytið.

**SENDU SMS
ESL BOLT Á NÚMERIÐ
1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!**

Vinningar eru Bíómiðar fyrir tvo á Bolt · DVD myndir
Tölvuleikir · Varningur tengdur myndinni · Fullt af Pepsi.

**9. HVER
VINNUR!**



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 8.25
Algjör Jóla-Sveppi

Eins og öll alvöru jólabörn getur Sveppi ekki beðið eftir því að jólin komi svo hann geti opnað pakkana og borðað góða matinn. Hann fer í heimsókn til ömmu og reynir að finna sér eitthvað að gera til að drepa tímann. Sem betur fer er Sveppi uppátækjasamur með afbrigðum og þarf sjaldnast að sitja aðgerðalaus.



VIÐ MÆLUM MED
Aftansöngur
úr Grafarvogskirkju, beint
Stöð 2 kl. 18.00

Rétt eins og hin síðari ár verða Stöð 2 og Bylgjan með beina útsendingu frá aftansöng í Grafarvogskirkju. Prestur er séra Vigfús Þór Árnason.

Tónlistin verður sem endranær einkar vel valin og flutningurinn vandaður. Egill Ólafsson mun syngja einsöng en um undirleik sjá Hjörleifur Valsönn og Steinunn Harðardóttir, sem leika á fiðlu, Birgir Bragason leikur á kontrabassa og organisti verður Hörður Bragason, organisti Grafarvogskirkju. Kór Grafarvogskirkju syngur.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.05 Morgunvaktin
- 06.40 Veðurfregnir
- 06.50 Bæn
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Okkar á milli
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Hátið fer að höndum ein
- 11.03 Í snævi þöktum Mánafjöllum
- 12.02 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnir
- 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 13.00 Langt frá Grýlu og Leppalúða
- 13.50 Hvít jól
- 14.10 Kærleiksblómin spretta
- 15.00 Útvarpsagan: Aðventa
- 15.30 Jólaljós skært
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.08 Veðurfregnir
- 16.10 Vaknaðu, næturgali
- 17.00 Húmar að jólum
- 17.42 HLÉ
- 18.00 Aftansöngur í Dómkirkjunni í Reykjavík
- 19.00 Jólátónleikar Kammersveitar Reykjavíkur
- 20.10 Jólavaka Útvarpsins
- 22.07 Veðurfregnir
- 22.13 Jóláratóran
- 01.00 Nætturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks (87:260) Bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

16.30 Hollyoaks (88:260)

17.00 Seinfeld (21:24)

17.30 Smallville (17:20)

18.15 Justice (11:13)

19.00 Hollyoaks (87:260)

19.30 Hollyoaks (88:260)

20.00 Seinfeld (21:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungafullir og hann sjálfur. Saman lenda þau Jerry, George, Elaine og Kramer oft í afkárlegum aðstæðum og taka upp á afar fáránlegum tiltækjum.

20.30 Smallville (17:20) Sjöunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.

21.15 Justice (11:13) Spannandi lögfræðisþættir, framleiddir af Jerry Bruckheimer (CSI). Þættirnir gerast á eftirsóttu lögfræðistofu í Los Angeles þar sem stóru og umtöluðu málin koma inn á borð og ósjaldan tengjast þau ríka og fræga fólkinu. Þáttunum hefur verið líkt við Practice.

22.00 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

20.00 Lífsblómið Umsjónarkona er Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir. Vangaveltur um heilsu, lífsviðhorf og heilbrigði. Kristbjörg Kristmundsdóttir og Edda Björgvinsdóttir mæta til leiks.

21.00 Himinn og jörð Hugleiðingar um jólin. Umsjón hefur Sr. Örn Bárður Jónsson sóknarprestur í Nes Kirkju.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

09.45 Nu' det jul 11.20 Gepetto News
11.45 Nu' det jul 12.30 Lucky Luke og Daltonbræðrenes jul 12.50 Nu' det jul
14.00 Juleaftensgudstjeneste 15.00 Disneys Juleshow 15.45 Madagascar 16.00 Nissernes Ø 16.30 Julefandango 17.00 Max 17.30 TV Avisen med vejret 17.40 DR's store juleshow 19.20 Mød mig på Cassiopeia 21.00 Patch Adams 22.55 Midnatssessen fra Rom 00.35 En sag for Frost

NRK1

10.00 Tre netter til Askepott 11.25 Reisen til julestjernen 12.55 Donald Duck og vennene hans 14.00 God jul - Sjøkedorise! 15.00 Familiegudstjeneste i Ilen kirke, Trondheim 15.45 Og det skjedde i de dager ... 16.00 Sølvguttene synger julen inn 16.35 Karl-Bertil Jonssons julaften 17.00 Jul i Blåfjell 17.30 Superjulevangeliet 17.35 Pingvinens første jul 17.40 Musevisa 17.45 Strong hold 17.55 Herberge i særklasse 18.00 Dagsrevyen 18.20 Norge rundt 18.55 Julekonsert i Oslo Konserthus 19.50 Da jeg traff Jesus ... med spretter! 21.15 Vikinglotto 21.25 Postkort fra livet 22.25 Stavanger Symfoniorkester med Fabio Biondi 22.55 Midnatssmesse fra Roma

SVT 1

10.55 Uppesittar-Go'kvöll 14.00 Kalle Anka og hans vänner önskar God Jul 15.05 Kan du vissla Johanna? 16.00 Med Britt till Nordpolen 16.30 Gudstjänst 17.00 Rapport 17.15 Öväntat besök 17.45 Julkalendern 18.00 Karl-Bertil Jonssons julaften 18.30 Rapport med A-ekonomi 18.45 Folk i bild 2008 19.00 Julekonsert - Säger för livet 20.00 Svensson, Svensson 20.30 Grabben i graven bredvid 22.00 Robert Plant & Alison Krauss 22.45 Mordet på Orientexpressen 00.50 Sändningar från SVT24

Prettándi var forsetinn, – hann sá um veisluhöld, og mærdi útrás fina á heimskri belgingsöld.

Hann elti ríku skinnin uns krepputið brast á, þá vild'ann láta lækka launin sín um smá



Þingmenn fengu jólabók frá Jóni Ólafssyni

„Þeir hafa gott af því að lesa þessa bók og skoða aðeins sjálfa sig áður en þeir skoða eitthvað annað,“ segir vatnskóngurinn Jón Ólafsson. Hann gaf öllum alþingismönnum bókina Ferðalagið að kjarna sjálfsins eftir Max Gaudio. Bókunum var komið fyrir í pósthólfum þeirra og sendi Jón öllum þingmönnum vefpóst með gjöfinni sem hefst á þessum orðum: „Það er hart sótt að þingmönnum um þessar mundir og standa á þeim öll spjót... Þeir verða að sýna styrk, afla sér trausts og búa yfir framsýni. En einungis sá getur sýnt styrk, sem hefur styrk sjálfur, sá einn öðlast tiltrú sem hefur trú á sjálfum sér og sá einn er framsýnn sem horfir ekki stöðugt aftur á bak.“

Jón hefur sjálfur notið góðs af fræðum og kenningum Gaudio. Hann hefur oft talað um að Max sé fararstjóri í sínu andlega ferðalagi, gúrú, og skrifaði meðal annars formálann að áður nefndri bók. Jón er sjálfur ekki í nokkrum vafa um hvar sé að leita orsakanna fyrir íslenska efnahagshruninu, þær séu í græðginni og frjálshyggjuni sem keyrðu íslenskt samfélag á bólakaf. „Og nú er einmitt rétti tíminn til að leita inn á við, leita að okkur sjálfum,“ segir Jón ákveðinn. Hann áréttar hins vegar að hann sé ekki með þessu að upphefja sjálfan sig og segjast vera betri en aðrir menn. „Ég hef farið inn á þessa braut og hún hefur hjálpað mér.“

Jón segist aldrei hafa upplifað reiði gagnvart einum eða neinum og trúir því að allar þrautir lífsins séu til þess að læra af þeim. „Reiði er líka svo orkufrek tilfinning og hún bitnar á engum öðrum en sjálfum manni. Sá sem maður er reiður út í finnur aldrei fyrir því, hún truflar þann mest sem er reiður.“



GAF ÞINGMÖNNUM BÓK Jón Ólafsson gaf öllum þingmönnum Alþingis bókina Ferðalagið að kjarna sjálfsins eftir Max Gaudio. Hann segir þingmenn hafa gott af því að lesa þessa bók.

VÍSIÐIS FORLAGIÐ

JÓLALEIKUR FRÉTTABLAÐSINS VINNINGSHAFAR

Bækur frá Forlaginu

- Trygvi Freyr Harðarson Berjavellir 6
- Dagbjört Gísladóttir Ægisgata 28
- Pétur Kristinnsson Hraunbær 109
- Smári Baldursson Nesbú
- Júliana Ósk Guðmundsdóttir Smárahvammur 2
- Stella Steingrimsdóttir Krókavað 9
- Svava María Martinsdóttir Laufrimi 23
- Erla Björk Guðjónsdóttir Mánalind 3
- Kristbjörg Elidóttir Bæjargil 68
- Ástriður Johnsen Skarðshlíð 4d
- Margrét Ósk Guðjónsdóttir Þrastarás 37
- Árni Birgisson Urðargil 20
- Lára Jóhannsdóttir Hlíðarbyggð 20
- Bryndís Valgarðsdóttir Hindarlundur 5
- Ásdís Finnsdóttir Lóurimi 1
- Finnur Hreinsson Engjasel 7

- Björgvin Björgvinsson Spóahólar 4
- Freyja Lind Ólafsdóttir Vallakór 1
- Heiðbjört Guðjónsdóttir Sléttahraun 17
- Ástriður Edda Geirsdóttir Egilsgata 22
- Kristín Lea Sigríðardóttir Heiðarhvammur 2
- Sigrún Kristjana Hjartardóttir Lautasmári 41
- Ólafur Fannar Bárðarás 12
- Ellert Unnar Sigtryggsson Suðurhólar 24
- Ingibjörg Sandra Hjartardóttir Skarðshlíð 11j
- Anína Marín Thorstensen Efstahlíð 33
- Sjöfn Þórðardóttir Lindarbraut 8
- Katharina Knoche Hjallavegur 6
- Góa Kolbrún Mechiat Leifsgata 25
- Sunneva María Arnarsdóttir Hjallahlíð 31

Gjafakort frá Þjóðleikhúsinu

- Ingibjörg Sigvaldadóttir Kristnibraut 83
- Inga Agnarsdóttir Hofsvallagata 22
- Sigríður Högnadóttir Breiðvangur 2
- Margrét Birna Kristinsdóttir Skógarhólar 23a
- Skúli Bjarnason Laxakvísl 6

Biókort frá Sambíónum

- Soffía Helga Valsdóttir Skálagerði 13
- Guðrún Margrét Björgvinsdóttir Þverholt 15

Taktu þátt á visir.is
FRÉTTABLAÐIÐ

Vinninga skal nálgast í móttöku Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24. Opíð alla virka daga frá klukkan 8-17.



ÓMAR RAGNARSSON Á hálfur aldar afmæli nánast upp á dag og ætlar að troða upp með sömu skemmtidagskrána sem á eins vel við nú og þá.

ÓMAR RAGNARSSON: HÁLFRAR ALDAR AFMÆLI SEM SKEMMTIKRAFTUR

Fyrsta skemmtidagskrá Ómars á jafn vel við í dag

„Tilfinningin er dásamleg. Þarf ekkert að hrófla neitt við prógramminu,“ segir Ómar Ragnarsson. Einhver ástsælasti skemmtikraftur Íslands, sjálfur Ómar Ragnarsson, á nú hálfur aldar afmæli sem skemmtikraftur – nánast upp á dag. „Ég byrjaði í bransanum á gamlárskvöld árið 1958. En nokkrum dögum fyrr frumflutti ég skemmtidagskrá í MR sem ég svo flutti svo næstu átta mánuði á yfir hundrað stöðum á landinu,“ segir Ómar sem nú sendir boðskort til þeirra sem þá voru við skólann: „Þriðjudagskvöldið 30. desember nk. kl. 20.30 býð ég þeim, sem voru í Menntaskólanum í Reykjavík 1958, til skemmtunar á Sal M.R. þar sem endurtekinn verður hluti dagskrár, sem flutt var þar fyrir réttum fimmtíu árum á jólagleði skólans. Á jólagleðinni kom Halldór Laxness fram og ég undirritaður

flutti í fyrsta sinn skemmtidagskrá sem átti eftir að verða mér örlagarík því að átta mánuðum síðar hafði ég flutt hana yfir hundrað sinnum um allt land og í hönd fór ferill sem staðið hefur til þessa dags,“ skrifar Ómar sem er fæddur árið 1940. Tveir voru þeir einkum sem höfðu áhrif á að Ómar hóf farsælan feril sinn. „Ólafur Egilsson, fyrrverandi sendiherra, fékk mig til að skemmta á Borginni og svo var það Jónas Jónasson, þá blaðamaður á Vikunni. Hann skrifaði grein um skemmtunina sem birtist tveimur dögum síðar og það hafði sín áhrif. Þeim er báðum boðið.“ Í bréfi sem Ómar sendir MR-ingum ársins 1958 kemur meðal annars fram að fyrir ótrúlega tilviljun séu svipaðar aðstæður nú og fyrir hálfri öld: „...því að sömu tveir stjórnmálahreyfingar hafa tekið við stjórn landsins nú og þá, - og í einum gamanbragnum, sem

fluttur var á jólagleðinni '58, er leitað eftir úrræðum stjórnmalaforingjanna þegar þjóðarskútan sé strönduð og verjist áföllum.“ Ómar heldur áfram: „Auðvelt verður að flytja þann brag aftur og breyta nöfnum. Lokalagið fyrir 50 árum á enn betur við nú en þá! Farið með nokkra kvíðlinga og stutt lög, sem flutt voru á skólaskemmtunum á árunum 1957-58 svo sem „Vorkvöld í Reykjavík“ eftir Sigurði Þórarinnsson. Einnig verður sungið lokalgætt Prettándakvölds eftir Shakespeare eftir Halldór Haraldsson, en um þetta leyti fyrir 50 árum stóðu yfir lokaæfingar á leikritinu fyrir minnisverða Herranótt á þrettándakvöld. Þetta lag hefur aldrei síðan verið flutt opinberlega.“ Væntanlega mun ljúf og létt fortíðarflök flæða um Sal og ganga gamla góða Menntaskólahússins þessa kvöldstund. jakob@frettabladid.is

Sorg hjá Begga og Pacas

„Við vorum svolítið sorgmæddir yfir þessu, það verður bara alveg að viðurkennast. En þær koma bara í staðinn í maí,“ segir Guðbergur Gardarsson, betur þekktur sem Beggi. Eins og Fréttablaðið greindi frá höfðu Beggi og eigimaðurinn Pacas gert sér vonir um að dætur Pacasar gætu komið til Íslands og haldið upp á jólin með þeim á Jófríðarstaðaveginum í Hafnarfirði. „Þetta virtist allt vera að ganga upp, þær ætluðu að koma 15. desember og þetta leit allt saman vel út alveg þangað til 10. desember. Þá fengu þær sig bara ekki lausar úr skóla og vinnu enda er efnahagsástandið víða alvarlegt eins og á Íslandi,“ segir Beggi og viðurkennir að þær hafi verið nokkuð hryggir yfir þeim tíðindum.

Hins vegar voru þeir Beggi og Pacas ekki lengi að taka gleði sína á ný því dæturnar ætla að koma í maí. Þrátt fyrir að þær hafi verið spenntastar fyrir að sjá snjó þá er ekkert mál að redda því. „Nei, nei, við förum bara með þær upp á Hvannadalshnúk eða Snæfellsjökul,“ útskýrir Beggi. Og það er ekki eins og þær verði einir um jólin því við jólaborðið sitja alls ellefu manns, börn og barnabörn. „Við ætlum að bjóða upp á kalkún, fyllt með rósmarini og beikoni,“ segir Beggi og lofar því að veisluþorðið muni svigna undan kræsingum þeirra í kvöld. -fgg



FÁ EKKI DÆTURNAR Beggi og Pacas höfðu gert sér vonir um að fá brasilísku dæturnar hans Pacasar til sín um jólin. Þær koma í maí. [FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI](http://frettabladid.is)

Opnunartími Jól og áramót

Jól

Allar verslanir 10-11 eru opnar allan sólarhringinn alla daga í desember til **kl. 16:00 á aðfangadag**.
Við opnum svo aftur á miðnætti á **jóladag 25. des.**

Áramót

Allar verslanir 10-11 eru opnar allan sólarhringinn alla daga milli jóla og nýárs til **kl. 18:00 á gamlársgöngu**.
Við opnum svo aftur **kl. 12:00 á nýársdag.***

*Austurstræti, Lágmúli, Akureyri (miðbæ) og Keflavík opna kl. 00:30 á nýársnótt.



Nýjustu myndirnar þegar þér hentar Bónusvídeó er komið inn í verslanir 10-11

Nú geturðu leigt þér allar nýjustu myndirnar – þegar þér hentar – í verslunum 10-11
Glæsibæ, Grímsbæ, Lágmúla, Laugalæk, Engihjalla, Eggertsgötu, Hjallabrekku, Staðarbergi
... og fleiri verslanir bætast við reglulega



25% afsláttur
af Coke 2 l og Doritos 200 g
fyrir þá sem leigja sér mynd.

1011
...alltaf opið!
www.10-11.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is PRENTUN: Landsprent Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is DREIFING: dreifing@posthusid.is Veffang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is

Gesthús Dúna

Tveggja manna herbergi
á kr. 5.000 nóttin

Uppbúið rúm
í svefnþokaplássi
kr. 2.000 nóttin



BAKÞANKAR

Jóns Sigurðar
Eyjólfssonar

Umbreytingin mikla

Það gerðist í gær, lesandi góður, meira að segja áður en ég byrjaði að skrifa þennan pistil svo í þínum sporum myndi ég bara fara að lesa jólakort eða eitthvað.

FYRSTU einkenni voru þau að mér fannst ég vera Kristín Birta frænka mín. Það er ekki leiðum að líkjast en þó var þetta heldur bagalegt því ég kann því afar vel að vera karlkyns og svo er hún Kristín Birta aðeins sex ára. Ég fann fyrir verkjum í hjartanu og andúð mín á Arsenal hvarf eins og hendi væri veifað. Taldi ég þá víst að sá eiginleiki væri fyrir borð borinn. Þá mundi ég að þetta er bara hin árlega umbreyting sem jafnan á sér stað á þessum árstíma. Ég er nefnilega jólabarn og því stækkar hjartað um nokkur númer síðdegis á Þorláksmessudag og því fylgja ýmsir kvillar sem hafa vissulega bein áhrif á skrif mín; afsakaðu það.

AF þessum sökum hef ég engan áhuga á því að vera með gáfullegar athugasemdir um það sem betur má fara í þjóðfélaginu. Ég hef heldur ekki skoðun á því í augnablikinu hver hefur staðið sig vel og hver illa í pólitíkinni að undanfögnu og í raun er mér fjarri einmitt núna að vera að setja út á hlutina. Besservisarar og kverúlantar hljóma eins og trúðar og nú skil ég af hverju Kristín Birta hlær svo mikið að þessu fólki þegar hún sér það á skjánum. Nú langar mig bara til að fara út að leika og láta ekki brösugang við Austurvöll né annars staðar hafa áhrif á mína brjáluðu kæti. Það eina sem spillir gleði minni að nokkru leyti er að þakkin sem ég fæ frá Zemb frænda er mjúkur eins og í fyrra. Jæja en það er svo sem ekkert stórmál.

ÉG hef því ekkert voðalega mikið að segja í svona pistli, eins og ástandið á mér er í svipinn. Annað en að óska þess að þetta verði alveg obboslega skemmtileg jól hjá þér og að þú fáið marga harða þakka. Svo óska ég þess að nýja árið verði alveg rosa, rosa, rosalega skemmtilegt.



Óskum landsmönnum öllum gleðiríkrar hátíðar og farsældar á nýju ári.

Starfsfólk Norðuráls


GÓÐAN DAG!
Í dag er miðvikudagurinn 24.
desember, 359. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	11.23	13.27	15.32
Akureyri	11.40	13.12	14.45

Heimild: Almanak Háskólans

NA NORÐURÁL
Century ALUMINUM